


skoðun 20

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Konur 50 plús




## Býr til sár og marbletti

*Elísabet Ormslev vinnur með latex, vax og gerviblóð þegar hún farðar sár, skurði og marbletti. Þar fyrir utan syngur hún á tónleikum.*

**FÓLK**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
**14. júní 2012**
138. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




### Enginn göngugarpur

*Reynir Ingibjartsson skrifar um gönguleiðir á Reykjanesskaga.*

**tímamót 30**

### Ódýr laxveiðileyfi

*Hvar er hægt að fá laxveiðileyfi fyrir minna en 20 þúsund krónur?*

**veiði 54**



### Flengt í fjölda ára

*Nýliðar í íslensku íþróttalífi hafa svo árum skiptir verið rassskelltir.*

**sport 32**

**veðrið í dag**




**LITLAR BREYTINGAR** Í dag má áfram búast við hægum vindi eða hafgolu. Bjart með köflum og horfur á skúrum síðdegis, einkum SV-til og allra austast. Hiti 7-15°C, hlýjast í innsveitum Vestanlands.

**VEÐUR 4**

# SpKef tapaði 50 milljörðum

**Sparisjóðurinn í Keflavík tapaði 50 milljörðum króna á árunum 2008-2010. Á sama tíma jukust innlán hans um tugi milljarða. Rekstrarkostnaður sjóðsins árið 2009, meðal annars launagreiðslur, var 2,3 milljarðar.**

**EFNAHAGSMÁL** Sparisjóðurinn í Keflavík (SpKef) jók innlán sín um 8,5 milljarða króna á árinu 2009. Áður höfðu þau aukist um 9,8 milljarða króna á síðustu mánuðum ársins 2008. Alls jukust þau um tæp 30 prósent frá því skömmu fyrir bankahrun og fram til loka árs 2009. Á þeim tíma uppfyllti sjóðurinn ekki lágmarkskröfur Fjármálaeftirlitsins (FME) um eigið fé og starfaði því á undanþágu. Kostnaður vegna innlánasöfnunarinnar lendir á skattgreiðendum. Alls tapaði SpKef 46,6 milljörðum króna á árunum 2008 til 2010. Þetta kemur fram í áður óbirtum drögum að ársreikningum SpKef sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Í drögum að ársreikningi SpKef fyrir árið 2009 kemur fram að innlán hans hafi verið orðin 63,2 milljarðar króna í lok þess árs. Þau voru 44,9 milljarðar króna um mitt ár 2008. Á sama tíma og sjóðurinn jók við innlán sín rýrnaði virði eigna hans um 17 milljarða króna auk þess sem hann greiddi um 2,3 milljarða króna í laun, launatengd gjöld og „annan rekstrarkostnað“.

SpKef starfaði fram í apríl 2010

> **2,3** milljarðar fóru í laun, launatengd gjöld og „annan rekstrarkostnað“ árið 2009.

þegar nýr SpKef var settur á fót. Samkvæmt drögum að ársreikningi hans fyrir það ár tapaði sjóðurinn 11,9 milljörðum króna á því ári. Þar kemur einnig fram að allar eignir sjóðsins, „að undanskildum 100 milljónum króna, [voru] fluttar yfir til SpKef sparisjóðs“. Hann tók auk þess yfir „öll almenn innlán auk skulda við Seðlabanka vegna daglána og endurhverfra viðskipta og önnur lán sem voru tryggð með veðum í yfirteknum eignum“. Nýja SpKef var síðan rennt inn í Landsbankann í mars 2011.

Úrskurðarnefnd komst að þeirri niðurstöðu í síðustu viku að íslenska ríkið eigi að greiða Landsbankanum 19,2 milljarða króna vegna yfirtöku hans á SpKef. Til viðbótar er áætlaður vaxtakostnaður vegna greiðslunnar um sex milljarðar króna auk þess sem ríkið hafði þegar lagt hinum fallna sjóði til 900 milljónir króna í eiginfjárframlag þegar hann var settur á fót. **- þsj /** **sjá síðu 10**



**STRANDVEIÐUM LOKIÐ** Hjónin Grétar Reynisson og Konný Breiðfjörð Leifsdóttir lönduðu afla sínum á Arnarstapa um kvöldmatarleytið í gær. Þau höfðu þá verið úti allan daginn á báti sínum Brimsvölu. Síðasti dagur strandveiðanna gekk ekkert sérstaklega vel fyrir þau enda þurftu þau að róa alla leið inn á Breiðafjörð til að finna fisk.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Af vefnum í sjónvarpið:

## RÚV nælir í Hraðfréttirnar

**SJÓNVARP** Vefþættirnir Hraðfréttir, sem nutu talsverðra vinsælda á Mbl.is í vetur, verða í Kastljósinu á RÚV næsta vetur.



BENEDIKT VALSSON

Benedikt Valsson, sem stjórnar Hraðfréttum ásamt Fannari Sveinssyni, segir að velgengni þáttanna hafi komið sér í opna skjöldu.

„Velgengnin fór fram úr öllum væntingum, svo þegar við höfðum lokið við tíu þætti á vefnum fóru ákveðnar þreifingar af stað um framhaldið,“ segir Benedikt og viðurkennir að þeir hafi verið eftirsóttir. Það hafi samt ekki komið annað til greina en að fara til RÚV þegar Sigmar Guðmundsson, ritstjóri Kastljóss, hafði samband í vor.

„Það er ákveðinn draumur að rætast að komast loksins að hjá fjölmiðlahöllinni, eins og við kjósum að kalla Efstaleitið,“ segir Benedikt og bætir við að hann hlakki til að hefjast handa og útbúa Hraðfréttir fyrir RÚV. **- áp /** **sjá síðu 58**

Fulltrúi Sameinuðu þjóðanna um mál stríðshrjáðra barna í Sýrlandi:

## Illvirkjarnir verði dregnir til ábyrgðar

**SÝRLAND** Radhika Coomaraswamy, fulltrúi framkvæmdastjóra SÞ í málefnum barna í hernaðarátökum, segir í samtali við Fréttablaðið að mikil ógn steðji að börnum í Sýrlandi og brýnt að bætt verði úr sem fyrst.

Skýrsla sem birt var í vikunni varpar ljósi á grimmdarverk stjórnarliða gegn börnum.

„Stöðu barna í Sýrlandi nú má líkja við það sem konur þurftu að þola í Bosníustríðinu á sínum tíma,“ segir Coomaraswamy en bætir því við að flestir ættu að sjá hvernig ástandið í Sýrlandi er orðið nú.

„Allir hljóta að átta sig á því að eitthvað verður að gera í málunum og draga verður þá til ábyrgðar sem standa fyrir voðaverkunum.“

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra tekur í sama streng og segist hafa hvatt til þess að Öryggisráð SÞ vísi brotum stjórnarhersins í Sýrlandi til Alþjóðadómstólsins í Haag.

Coomaraswamy segir starf stofnunarinnar erfitt að mörgu leyti en árangur sé þó að nást.

„Við höfum þó náð nokkru fram þar sem sautján lönd á lista okkar hafa lagt fram áætlanir til úrbóta. Þetta er takmarkaður árangur og skrefin stutt, en í rétta átt þó.“ **- þj /** **sjá síðu 4**










Mikilvægt en umdeilt skref tekið í áttina að banni á brottkasti innan Evrópusambandsins í gær:

# Málamiðlun sem sögð er ganga of skammt

**EVRÓPUMÁL** Sjávarútvegsráðherrar Evrópusambandsins (ESB) náðu í gær mikilvægu samkomulagi um að brottkasti á fiski innan sambandsins verði hætt og þar með dregið úr ofveiði. Tímasetningar samkomulagsins eru hins vegar gagnrýndar af umhverfisverndarsamtökum sem telja að gildistaka takmarkana við brottkasti einstakra tegunda muni koma of seint.

Þetta var niðurstaða maraþonfundar ráðherranna í Lúxemborg þar sem tekist var á um hvort og hvenær bann við brottkasti ætti að verða að veruleika. Eins hvernig má ákvarða hver sjálfbær nýting einstakra stofna verður.

Samkomulagið, sem er í raun málamiðlun, er sögulegt í þeim skilningi að í fyrsta sinn í um fjóra áratugi hefur náðst niðurstaða í því umdeilda deilumáli sem brottkast meðafla er. Talið er að vel yfir milljón tonn af vel nýtanlegum fiski sé hent frá borði af skipum sambandsins vegna þeirra reglna sem eru samofnar fiskveiðistefnu ESB. Nú hins vegar er stefnt á að banna brottkast með öllu.

Bann við brottkasti á makríl og síld er líklegt til að taka gildi árið 2014. Bann við brottkasti þorsks og ýsu tekur hins vegar mun síðar gildi, og jafnvel ekki fyrr en 2019. Þetta segja sérfræðingar og umhverfissamtök að gæti reynst of seint, enda ástand þessara stofna, svo aðeins tveir séu nefndir, alvarlegt. Umhverfissinnar ganga jafnvel svo langt að segja að samkomulagið sé lítils virði og ofveiði innan ESB hafi verið framlengd um áratug eða meira.

Samþykkt samkomulagsins kemur nú til kasta Evrópuþingsins þar sem það getur tekið breytingum. **- shá**



**FUNDAÐ** Maria Dananaki, sjávarútvegsstjóri ESB, og Richard Benyan, umhverfis- og sjávarútvegsráðherra Bretlands. Þau vildu bæði ganga lengra, án árangurs. NORDICPHOTOS/AFP

## SPURNING DAGSINS



*Hjörleifur, er þetta ljóður á ráði Kínverja?*

„Nei, ég vísa því frá mér.“

Ljóðaþingi Kínversk-íslenska menningarsjóðsins í Noregi var aflýst því kínverskir þátttakendur fengu ekki leyfi til að fara. Hjörleifur Sveinbjörnsson er stjórnarformaður sjóðsins.

Svar ráðherra við fyrirspurn:

# IPA-styrkir eru óafturkræfir

**EVRÓPUMÁL ESB mun ekki fara fram á endurgreiðslu veittra IPA-styrkja til Íslands ef ekki verður af aðild. Þetta kemur fram í svari utanríkisráðherra við fyrirspurn Ásmundar Einars Daðasonar um hvort finna mætti skriflega staðfestingu á slíku.**



ÁSMUNDUR EINAR DAÐASON

**Ráðherra segir í svari sínu að IPA-styrkir byggi á rammasamningi milli Íslands og ESB sem nú er til meðferðar hjá Alþingi.**

**Í þeim samningi eru, að sögn ráðherra, engar kvaðir um mögulega endurgreiðslu, en þvert á móti sé gert ráð fyrir að öll samþykkt verkefni „verði til lykta leidd þótt rammasamningnum yrði sagt upp“. - þj**

Þingflokksformenn funda:

# Allar líkur á sumarþingi

**ALÞINGI** Ekkert bendir til að saman náist um þinglok og því allar líkur á að sumarþing verði kvatt saman eftir mánaðamótin eftir stutt hlé. Formenn þingflokkanna funduðu í gærkvöldi um framhaldið, og þá afgreiðslu einstakra mála, en fundi var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var til umræðu að leggja áherslu á önnur mál en sjávarútvegsmálin út vikuna, eða fram að þinghléi.

Reiknað er með að niðurstaða um hvort blásið verður til sumarþings eða ekki liggi fyrir í dag. **- kóp / shá**

# 2.277 hundar eru skráðir í Reykjavík

**Flestir hundar í Reykjavík eru til húsa í Grafarvogi. Skrá yfir hundaleyfi er nú aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar. Alls eru 2.277 leyfi á skrá hjá borginni. Gagnablaðamaður hefur gert gögnin aðgengileg á myndrænan máta.**

**DÝRAHALD** Skrá yfir útgefin hundaleyfi í Reykjavík hefur nú verið gerð opinber á netinu. Samkvæmt henni eru nú 2.277 hundar á skrá í borginni. Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkur óskaði álits Persónuverndar á birtingunni áður en í hana var ráðist.

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, en það sér meðal annars um hundamál, segir að með þessu sé verið að opna stjórnsýsluna. Enginn eigi að skammast sín fyrir að eiga skráðan hund og listinn sé til upplýsingar vilji fólk sjá hvar þeir eru skráðir.

Árný segir að viti fólk af hundum sem ekki eru á listanum kunni umsókn um leyfi fyrir þá að vera í ferli, eða þeir séu hreinlega óskráðir. Hún segir mikið kvartað yfir hundum í borginni.

„Já, ansi mikið. Við fáum margar ábendingar, það breytist ekkert. Við skráum líklega einar 600 til 700 kvartanir á ári og svo er einhver fjöldi sem ekki er skráður.“

Árný segir önnur sveitarfélög hafa birt lista yfir útgefin leyfi, til dæmis Blönduós og Dalvík. Þegar Reykjavík stígi fram veki það hins vegar oft athygli.

„Við leituðum álits Persónuverndar, en það verður bara að koma í ljós hvort einhver gerir athugasemdir við málið.“

Páll Hilmarsson gagnablaðamaður hefur unnið upplýsingar úr listanum og sett fram á myndrænan hátt á heimasíðunni gogn.in sem er í eigu hans. Hann segir eðlilegt að fólk geti séð hvar hundar eru staðsettir í borginni. Þeir sem hafi ofnæmi, eða séu hræddir við hunda, geti þá valið sér búsetu eftir því.

„Önnur ástæða fyrir því að ég réðst í þetta var að ég vildi sýna fram á hvað er hægt að gera þegar hið opinbera, sem situr á ómældu magni af gögnum, lætur þau frá sér. Þá kemur einhver og gerir eitthvað við gögnin og notar þau á einhvern nýtilegan hátt sem hinu opinbera hafði ekki dottið í hug, eða hafði ekki tækifæri, tíma eða peninga til að gera eitthvað við.“

**kolbeinn@frettabladid.is**




**NÁGRENNI FRÉTTABLAÐSINS** Á heimasíðunni gogn.in geta lesendur séð hve margir hundar eru skráðir í nágrenni þeirra. Hér sést að í 500 m radíus frá Fréttablaðinu eru þeir 43. Sjái lesendur ekki merki um hund sem þeir vita af er hann ekki skráður.

**Flestir hundar eru í Grafarvogi**

| | |
|---|---|
| **Götur með flesta hunda:** | |
| Fannafold | 36 |
| Bakkastaðir | 26 |
| Smárarimi | 26 |
| Vættaborgir | 24 |
| Esjugrund | 23 |
| **Póstnúmer með flesta hunda:** | |
| 112 | 560 |
| 110 | 257 |
| 101 | 248 |
| 108 | 240 |
| 109 | 233 |



Heildsali afhjúpaður:

# Endurmerkti þrátt dósakjöt

**SVÍÞJÓÐ** Dósakjöt sem framleitt var á árunum 1986 til 1993 í Svíþjóð kom á markað þar 2009. Kjötið hafði verið í geymslu sænsku landbúnaðarstofnunarinnar en árið 2000 keypti sænskur heildsali 1.500 tonn af því.

Heildsalinn geymdi birgðirnar í níu ár áður en hann kom því í sölu í Póllandi og í Svíþjóð.

Þá var heildsalinn staðinn að því að framlengja endingartímann á hluta birgðanna til ársins 2013. Rannsókn í Póllandi leiddi í ljós að kjötið var þrátt. Rannsókn ákæruvalds í Svíþjóð hefur verið hætt þar sem í nýrri rannsókn kom í ljós að engar bakteríur væru í kjötinu. Þess má því neyta til 2013. **- ibs**

Hamfarir í Afganistan:

# Áttatíu taldir af

**AFGANISTAN, AP Talið er að yfir áttatíu hafi látist í aurskriðu sem varð í kjölfar tveggja jarðskjálfta í norðurhluta Afganistans á mánudag. Hluti fjalls í Baghlan-héraði féll ofan á heilt þorp og gróf það. 24 hús voru í þorpinu og skriðan gróf 23 þeirra. Ólíklegt þykir að nokkur finnist á lífi úr þessu. Tvö lík hafa fundist til þessa.**

**Fulltrúar SÞ vinna ásamt yfirvöldum að því að ákveða hvers konar hjálpar er þörf. - þeb**

## ÖRYGGISMÁL

### Belgar í Skyndidalsá

Tveir belgískir ferðamenn óskuðu eftir aðstoð björgunarsveita en þeir höfðu fest bílaleigubíl sinn í Skyndidalsá í Lóni. Þeir skriðu út um glugga bílsins og upp á þak og hringdu þaðan eftir aðstoð. Björgunarsveitin á Höfn fór þeim til aðstoðar og gekk það fljótt og vel. Þeim var bent á að umræddur vegur er lokaður áður en þeir héldu áfram ferð sinni.


BRAGÐ AF SUMRI

Peru- og ananasboost

1 lítið Peruskyr.is
1 dl ananassafi
50 g frosnir blandaðir melónubitar
0,5 dl kókosmjólk
6-8 ísmolar




Þú finnur fleiri boostuppskriftir á
www.skyr.is


Gróðursetja tré til minningar um 77 fórnarlömb morðingjans Anders Breivik:

# Lundur í minningu fórnarlamba

**SAMFÉLAGSMÁL** Gróðurreitur til minningar um þá sem voru myrtir í Ósló og Útey 22. júlí 2011 verður í jaðri friðlandsins í Vatnsmýrinni; í nánd við Norræna húsið og Háskóla Íslands.

Fljótlega eftir að fréttir bárust af voðaverkunum var rætt í stjórn Norræna félagsins að minnast þeirra sem voru myrtir með einhverjum hætti. Hugmynd Þorvaldar S. Þorvaldssonar, fyrrverandi skipulagsstjóra Reykjavíkur, um minningarreit varð ofan á og var henni komið á framfæri við Skógræktarfélag Reykjavíkur.

Fyrstu skrefin við gerð lundarins voru tekin í gær. Áætlað er að gróðursetja átta stór reynitré sem tákna Norðurlöndin í fimm ásamt Grænlandi, Færeyjum og Álandseyjum og 77 birkitré sem tákna hvern þann sem féll í árásinni.

Í minningarlundinum verða bekkir, einn í hverja höfuðátt og minningarsteinn með skýringartexta. **- shá**



**GRÓÐURSETNING** Feðginin Siri Marie Sønstelie, sem lifði árásina af, og Erik Sønstelie voru viðstödd þegar fyrstu trén voru gróðursett í gær. MYND/ERNIR EYJÓLFSSON


Kringlan
Opið til 21 í kvöld
Jibbí jei!
Fjölskylduhátíð í Kringlunni 14.–16. júní
Skemmti-dagskrá
Ingó Veðurguð
Á blómatorgi kl.17.30
Trúðurinn Wally
Í göngugötunni frá 17.15–19.15
Fullt af spennandi tilboðum!
kl.15–18
Andlitsmálun
Blöðrur
Hoppukastalar
Candyfloss
kl.16–18
Kaffi & konfekt
Mán – mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000

## GENGIÐ 13.06.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,91 | 129,53 |
| Sterlingspund | 200,68 | 201,66 |
| Evra | 161,63 | 162,53 |
| Dönsk króna | 21,745 | 21,873 |
| Norsk króna | 21,462 | 21,588 |
| Sænsk króna | 18,264 | 18,372 |
| Japanskt jen | 1,6172 | 1,6266 |
| SDR | 195,22 | 196,38 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
224,0051

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Utanríkisráðherra vill vísa brotum Sýrlandsstjórnar til Alþjóðadómstólsins:

# Segir Öryggisráðið ónýtt tæki

**UTANRÍKISMÁL** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra vill draga þá sem bera ábyrgð á voðaverkum í Sýrlandi fyrir alþjóðlega dómstóla. Íslendingar styðja tillögu í mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna þess efnis.

„Ég hef fyrir hönd Íslands hvatt til þess að Öryggisráðið taki ákvörðun um að vísa stórfelldum brotum sýrlensku ríkisstjórnarinnar á mannréttindum og mannúðarlögum til Alþjóðadómstólsins.“

Össur segir núverandi skipulag Öryggisráðsins, þar sem einstakar þjóðir hafi neitunarvald að fornri venju, óásættanlegt. Rússar og Kínverjar standi gegn straumi alþjóðasamfélagsins gagnvart Sýrlandsstjórn. „Þetta sýnir hvað Öryggisráðið er gersamlega ónýtt tæki.“



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Utanríkisráðherra segir ljóst að friðarleið Kofis Annan hafi ekki skilað árangri. Ekki sé hægt að koma hjálpargögnum til nauðstaddra og mikil neyð hafi skapast. Hann segir hernaðaraðgerðir mögulegan kost.

„Já, mér finnst það koma til greina ef alþjóðasamfélagið verður því sammála,“ segir hann. „Á hinn bóginn er það þannig að menn vilja skakka leikinn með einhverjum hætti, en geta það ekki þar sem sú regla er almennt viðurkennd að menn fara ekki með einhvers konar valdi inn í lönd nema öryggisráðið telji það nauðsynlegt og þar er málið stopp.“ - kóp

Þjóðaratkvæði í Sviss:

# Munu kjósa um fleiri kosningar

**SVISS, AP** Svisslendingar ætla að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort fjölga eigi þjóðaratkvæðagreiðslum í landinu.

Þjóðernissinnar vilja að þjóðaratkvæðagreiðslur fari fram í hvert skipti sem ríkisstjórnin skrifar undir mikilvæga milliríkjasáttmála eða samninga. Flestir stærstu flokkarnir í Sviss eru mótfallnir hugmyndinni og segja hana munu stífla lýðræðið. Nú eru um sex þjóðaratkvæðagreiðslur á ári í landinu, og fleiri minni íbúakosningar í héruðum. - þeb

Vaðlaheiðargöng á þingi:

# Einn stjórnarliði sagði nei

**ALÞINGI Frumvarpi um fjármögnun Vaðlaheiðarganga var vísað til fjárlaganefndar eftir aðra umræðu í gær. Málið var samþykkt með 31 atkvæði gegn átján, en sex þingmenn sátu hjá.**

**Mörður Árnason greiddi atkvæði gegn málinu, einn stjórnarliða, en sjö stjórnarandstæðingar greiddu atkvæði með því. Fjórir stjórnarliðar greiddu ekki atkvæði, þar á meðal Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra.**

**Ögmundur sagði í ræðu sinni á þingi að um væri að ræða fjármögnun ríkisins og sem slík hefðu göngin átt að fara eins og aðrar ríkisframkvæmdir á samgönguáætlun.** - þj

Kona slapp með skrekkinn:

# Velti bíl sínum ofan í Fnjóská

**SLYS** Kona á fimmtugsaldri velti bíl sínum út af veginum við Böðvarsnes í Fnjóskadal aðfaranótt miðvikudags. Bíllinn endaði á hvolfi ofan í Fnjóská.

Konan, sem var í bílbelti, náði að koma sér út úr bílnum og í land. Hún gekk að bænum Böðvarsnesi og fékk þar aðstoð. Hún var flutt á Sjúkrahúsið á Akureyri. Konan slapp með minniháttar meiðsl en bíllinn, Land Rover jeppi, er talinn ónýtur. Slysið átti sér stað á malarvegi sem er erfiður yfirferðar. - sv

**SLYS**

### Brotlenti í Hafrafelli

Svifdrekamaður brotlenti í Hafrafelli í gær. Samkvæmt upplýsingum frá Landsbjörgu virtist maðurinn vera fótbrotinn. Hafrafellið er bratt og því þurfti að setja manninn í börur til að láta hann síga niður þar sem sjúkrabíll beið hans.

# Höfuðpaurinn er félagi í pólskum glæpasamtökum

**Tveir pólskir karlmenn játa aðild sína að úraráninu. Sá sem dæmdur var fyrir að skipuleggja ránið segir heilann á bak við aðgerðina vera þekktan glæpamann í Póllandi. Aðalmeðferð málsins fór fram í gær.**

**DÓMSMÁL** Pólverjarnir Grzegorz Nowak og Pawel Podburaczynski, sem eru ákærðir fyrir aðild að úraráninu í verslun Michelsen í vetur, neita báðir að hafa átt hlut í því að skipuleggja eða fjármagna ránið. Þeir játa þó báðir aðild sína að málinu.

Framburði mannanna tveggja bar algjörlega saman við aðalmeðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þeir sögðu að maðurinn á bak við áætlunina hefði verið Marcin Tomasz Lech, sem afplánar nú fimm ára fangelsisdóm á Litla-Hrauni fyrir að hafa skipulagt ránið. Þeir töluðu pólsku en túlkur þýddi framburð þeirra jafnóðum.

Marcin var kallaður fram sem vitni og neitaði hann því alfarið að hafa skipulagt aðgerðina. Hann sagðist hafa þegið boð um að fremja ránið frá manni sem hann þekkti frá heimabæ sínum í Póllandi. Marcin bað sakborningana tvo afsökunar á fyrri vitnisburði sínum, þar sem hann reyndi að skella skuldinni á þá.

„Þeir komu ekki nálægt skipulaginu,“ sagði Marcin. „Ég vil biðja þá fyrirgefningar hér á staðnum.“

Aðspurður vildi Marcin ekki greina frá nafni höfuðpaursins sem skipulagði ránið af ótta við að honum eða fjölskyldu sinni yrði unnið mein. Hann kvað manninn vera þekktan glæpamann í heimabæ sínum, sem er svipaður að stærð og Reykjavík. Saksóknari spurði hann þá hvort maðurinn væri tengdur glæpasamtökum og játti Marcin því.

„Hann er þekkt fígúra í okkar bæ. Það má segja að hann hafi tengsl við glæpasamtök sem er þekktur hópur í bænum,“ sagði hann. „Þeir keyra um á glæsikerrum, eru ekki í venjulegri vinnu og stunda næturlífið.“ Er hann var spurður hvað þessi glæpasamtök hétu, svaraði hann: „Hópar heita engum nöfnum í Póllandi eins og ég hef heyrt í fangelsinu að þeir heiti hér. Það eru þá helst fjölmiðlar sem finna nöfn á þá, en þeir kalla sig ekki neitt.“

Marcin sagðist viss um að þurfa að greiða skuld sína til baka þegar hann sneri aftur til Póllands eftir fangelsisdóminn, því ránið hafði ekki tekist og einhver þyrfti að greiða upphæðina til baka sem fór í flugmiða, hótel og annan tengdan kostnað.

„Ég er bara peð í þessu og skipulagði ekkert,“ sagði hann, en sagðist þó skilja vel að það hafi litið þannig út í augum sakborninganna.

Pawel og Grzegorz sögðust báðir hafa ákveðið að taka þátt ráninu vegna fjárhagsörðugleika heima fyrir. Þá sagðist Pawel eiga nýfætt, veikt barn sem þarfnaðist lyfja sem hann hefði ekki efni á.

Mennirnir tveir voru handteknir við landamæraeftirlit lögreglu í Sviss í mars síðastliðnum. Þeir sögðust báðir fyrir dómi hafa ætlað að gefa sig fram til lögreglu af fúsum og frjálsum vilja, en verið beðnir af bróður Marcins um að bíða með það þar til dómur væri fallinn í máli hans. Þeir sögðust hafa verið í Sviss í atvinnuleit. sunna@frettabladid.is



**JÁTA AÐILD AÐ MÁLINU** Mennirnir tveir játuðu aðild sína að ráninu og sögðust hafa ætlað að gefa sig fram við yfirvöld í Sviss þar sem þeir voru handteknir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Hræddur við fólk sem er öðruvísi

„Þetta skapaði óöryggi, vantraust og vanlíðan. Ég fæ martraðir og á bágt með svefn. Ég verð var um mig þegar fólk kemur inn í búðina sem er eitthvað öðruvísi, hvort sem það er frá Austur-Evrópu, með tattú, hettu, sólgleraugu … maður hefur varann á,“ sagði Magnús Michelsen fyrir dómi í gær. Magnús er sonur Franks Michelsen, eiganda búðarinnar, og var að vinna ásamt föður sínum þegar ránið var framið. Frank bar líka vitni fyrir dómi og hafði sömu sögu að segja. „Ég vantreysti fólki eftir þetta,“ sagði hann. „Fólk með hettu á höfðinu, fólk sem talar hátt, hlær eða ég heyri tungumál frá Austur-Evrópu. Ég vantreysti því núna.“ Feðgarnir fengu báðir viðtöl hjá geðhjúkrunarfræðingi eftir atvikið.




## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**TÍÐINDALÍTIÐ**
Litlar breytingar verða í veðrinu næstu daga. Áfram verður vindur fremur hægur og þá gætir hafgolu víða og horfur eru á skúrum síðdegis, einkum sunnan- og austantil. Heldur svalt er NA- og A-lands þessa dagana en hlýjast í innsveitum S- og V-til.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 23° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 14° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 16° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 24° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 16° |
| París | 21° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is

husa.is

LÝKUR UM HELGINA!

# BRJÁLAÐ VERÐ

## Á GARÐADÖGUM



MARGARITA
Verð áður: 1.190 kr.
Nú: 690 kr.

### Texólín fæst í Húsasmiðjunni!

Þekjandi og hálfþekjandi viðarvörn fyrir íslenskar aðstæður.




ÞEKJANDI HVÍTT
4.990 kr. 3 ltr.

HÁLFÞEKJANDI FURA
3.990 kr. 3 ltr.



HENGILOBELIA
Verð áður: 1.190 kr.
Nú: 799 kr.

ATH. þrjú stk.



JARÐARBERJAPLÖNTUR
3 stk.Verð áður: 2.499 kr.
Nú 1.199 kr.

Gott grill á frábæru verði!

Tasman Sunset 100
2 brennarar.
3000391




12.900 kr.

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



6 stólar, borð og sólhlíf
34.490 kr.

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

MIKIÐ ÚRVAL AF GARÐVERKFÆRUM Á LÆGRA VERÐI

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



1.249 kr.

1.499 kr.

3.955 kr.

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## KJÖRKASSINN



*Kaupir þú notuð föt?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 24,2% |
| NEI | 75,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Skiptir þú við eitt olíufélag umfram annað?*

Segðu skoðun þína á vísir.is VÍSIR

Alþingi breytti frumvarpi ráðherra og setti ákvæði aftur inn í lögin:

# Geta dæmt sameiginlega forsjá

**SAMFÉLAGSMÁL** Dómarar munu geta dæmt foreldrum sem skilja sameiginlega forsjá, en Alþingi samþykkti frumvarp um breytingar að barnalögum þess efnis á þriðjudag.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra lagði fram frumvarpið upphaflega, en þá var ekki ákvæði um dómaraheimild um sameiginlega forsjá, þrátt fyrir að í skýrslu nefndar sem fór yfir lögin hafi það verið lagt til. Ögmundur sagðist hafa talið ástæðu til að stíga varlega til jarðar í þessum málum.

Í meðförum velferðarnefndar var frumvarpinu hins vegar breytt til baka og heimildin sett inn. Í rökstuðningi nefndarinnar kom meðal annars fram að Ísland væri eina ríkið á Norðurlöndunum sem ekki gefur dómurum þessa heimild. „Sú reynsla er almennt jákvæð og hefur foreldrum í flestum tilvikum tekist að vinna saman í kjölfar dóms um sameiginlega forsjá, þó svo vissulega séu dæmi þess að samstarf foreldra eftir dóm hafi ekki gengið nægilega vel,“ stendur í greinargerð nefndarinnar.

> … hefur foreldrum í flestum tilvikum tekist að vinna saman í kjölfar dóms um sameiginlega forsjá …
>
> ÚR GREINARGERÐ

Samkvæmt nýju lögunum er foreldrum skylt að leita sátta áður en höfðað er forræðismál eða úrskurðar krafist. Sérstakur sáttamaður boðar þá á sáttafundi og börn sem eru nægilega gömul fá að tjá sig við sáttameðferðina.

Frumvarpið var samþykkt með 44 samhljóða atkvæðum. - þeb

Dönsk skýrsla um ofbeldi:

# Brotum kvenna fjölgar áttfalt

**DANMÖRK Konum sem voru dæmdar fyrir ofbeldi í Danmörku fjölgaði til muna á árabilinu 1990 til 2010.**

**Árið 1990 voru 329 konur sakfelldar fyrir ofbeldisverk, en 2010 voru þær fjórfalt fleiri, eða 1.364. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu dönsku hagstofunnar.**

**Fjölgunin er áberandi meðal unglingsstúlkna en í þeim hópi fjölgaði stúlkum áttfalt á tímabilinu. Einnig kemur fram að karlar standa fyrir 90 prósentum allra ofbeldisbrota í landinu. - þj**


METSÖLU-BÆKUR




1. Sæti
Vasabrot skáldverk: 6.6.12–12.6.12
METSÖLULISTI EYMUNDSSON




3. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON




4. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON




5. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON




6. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu


# Styður áheyrnaraðild að Norðurskautsráði

**Ísland styður áheyrnaraðild Kína að Norðurskautsráðinu. Utanríkisráðherra Noregs lýsti sig mótfallinn henni við núverandi aðstæður. Össur Skarphéðinsson segir Íslendinga vilja stuðla að bættum samskiptum Noregs og Kína.**

**UTANRÍKISMÁL** Ísland styður áheyrnaraðild Kína að Norðurskautsráðinu, en það mál er í nokkru uppnámi vegna frosts í samskiptum Noregs og Kína. Fréttablaðið greindi frá því í gær að kínverskir þátttakendur á kínversk-íslensku ljóðaþingi, sem halda átti í Noregi, hefðu ekki fengið leyfi til Noregsfarar. Þá hefur Jonas Gahr Störe, utanríkisráðherra Noregs, lýst því yfir að Kína fái ekki áheyrnaraðild við núverandi aðstæður.

„Við höfum stutt aðild Kína að Norðurskautsráðinu, en við höfum líka reynt að beita okkur fyrir því að bæta sambúð Kína og Noregs,“ segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra.

„Það var meðal annars eitt af því sem Jóhanna Sigurðardóttir tók upp í heimsókn Wen Jiabao, kínverska forsætisráðherrans, hér á dögunum. Ég hef sömuleiðis tekið þetta upp við Kínverja og Norðmenn.“

Össur segist vonast eftir meiri þíðu í samskiptum ríkjanna og segir Íslendinga, ásamt öðrum þjóðum, vinna að því. En er ekki eðlilegt að styðja Norðmenn gegn áheyrnaraðild Kínverja?

„Hvað er afstaða Norðmanna sterk til þess? Ég hef skilið Norðmenn, fram á alla síðustu mánuði, með þeim hætti að þeir séu því hlynntir að ýmsar þjóðir fái áheyrnaraðild, svo fremi sem þær uppfylli ákveðin skilyrði sem verið er að móta núna.“

Össur segir þetta hafa verið afstöðu allra ríkjanna, að uppfylla verði ákveðin skilyrði eigi áheyrnaraðild að fást. Þau sé verið að móta.

„Það held ég að sé hin opinbera lína Norðmanna. Ég hef auðvitað orðið var við það að þeir hafa lyft þessu sem vopni á síðustu mánuðum, en engar óskir hafa borist til annarra þjóða, svo mér sé kunnugt um, um að breyta þeirri afstöðu sem þær hafa.“

Össur segir að komi slík ósk fram verði tekin afstaða til hennar.

Hann segir viðskiptahagsmuni gagnvart Kínverjum ekki lita afstöðu Íslendinga. Kína sé mikilvægur framtíðarmarkaður, en eins og sakir standi nú skipti utanríkisverslun við Kínverja ekki sköpum.

„Við erum lítil þjóð sem reynum að eiga góða sambúð við allar þjóðir, stórveldin og líka millistórar þjóðir eins og Norðmenn. Þannig lifa litlar þjóðir af, án þess þó að slá í nokkru af sínum prinsippum.“

kolbeinn@frettabladid.is



MYND/NORDEN.ORG

**NORRÆN SAMVINNA** Jonas Gahr Störe, utanríkisráðherra Noregs, hefur sagt að ekki komi til greina að Kína fái áheyrnaraðild að Norðurskautsráði við núverandi aðstæður. Ísland styður áheyrnaraðild Kína. Störe talar hér á fundi Norðurlandaráðs árið 2010.

### Aðilar málsins

„Því miður virðast Kínverjar ekki hafa komist út úr öngstrætinu. Vararáðherra utanríkismála, Song Tao, segir að Kínastjórn vonist eftir „samvinnu við lönd sem eiga aðild að málinu, eins og Svíþjóð og Ísland, um frið, stöðugleika og trausta þróun á Norðurskautinu.“ Það vefst ekki fyrir okkur að nefna Ísland og Svíþjóð sem aðila málsins, einnig hér, þar sem þau sitja líka í ráðinu.“

**Úr frétt Aftenposten á þriðjudag.**

Forsætisráðherra í viðtali við fréttastofu Reuters:

# Boðar sölu á Landsbankahlut í ár

**VIÐSKIPTI** Til stendur að hefja sölu á hlut ríkisins að því er Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði í viðtali við fréttastofuna Reuters. Salan er ekki að öllu í samræmi við framtíðarstefnu Bankasýslu ríkisins frá í mars síðastliðnum, þar sem segir að stofnunin geri ekki ráð fyrir því að leggja til að sala eignarhluta í Arion banka og Landsbankanum geti hafist fyrr en á næsta ári.

Bankasýslan heyrir undir Oddnýju Harðardóttur fjármálaráðherra. Gunnar Tryggvason, aðstoðarmaður Oddnýjar, sagði í samtali við Fréttablaðið að ráðherra hafi „þá yfirlýstu stefnu að fylgja ráðum bankasýslunnar í þessu máli“.

Ríkið á sem stendur 81,3 prósenta hlut í Landsbankanum, en í viðtalinu við Reuters segir Jóhanna að til standi að selja hluta af eign ríkisins í bankanum, en stefnt sé að því að halda eftir um 66 prósenta hlut. Jóhanna segir jafnframt að stefnt sé að því að selja hluti ríkisins í hinum bönkunum ef rétt verð fáist fyrir þá.



**BANKASALA** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra lét þau orð falla við Reuters að til stæði að hefja sölu á hluta ríkisins í Landsbankanum í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ríkið á 13 prósenta hlut í Arion banka og 5 prósent í Íslandsbanka auk misstórra hluta í fimm sparisjóðum víða um land. - þj





# TAX FREE DAGAR

*Fatnaður á alla fjölskylduna!*

Dagana 14. - 17. júní afnemum við VSK af ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-, herra og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 17. júní.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvar átti ljóðaþing Kínversk-íslenska menningarsjóðsins að fara fram?
2. Hversu mikið jókst ábyrgð ríkisins vegna SpKef frá bankahruni?
3. Hvenær var tónlistarhátíðin Við Djúpið haldin í fyrsta skipti?

SVÖR:

1. Í bænum Kirkenes í Noregi. 2. Um 20 milljarða króna. 3. Árið 2003.

Þrjú íslensk farfuglaheimili eru á lista yfir tíu bestu farfuglaheimili í veröldinni:

# Íslensk farfuglaheimili fá toppeinkunn

**GISTING** Þrjú íslensk farfuglaheimili eru meðal 10 bestu farfuglaheimila í heimi samkvæmt mati gesta sem greint er frá á vefnum hihostels.com. Farfuglaheimilið á Laugarvatni er í tíunda sæti, farfuglaheimilið á Selfossi í áttunda sæti og farfuglaheimilið Reykjavik Downtown á Vesturgötu 17 í sjötta sæti.

„Reykjavik Downtown hefur verið á listanum yfir 10 bestu farfuglaheimili í heimi frá því það var opnað 2009 og við fikrum okkur sífellt upp listann,“ segir Sigríður Ólafsdóttir, rekstrarstjóri farfuglaheimilanna í Reykjavík.

Hún getur þess að núverandi listi gildi frá janúar á þessu ári fram í júní. Gestir meti meðal annars þjónustu, staðsetningu, þægindi, vingjarnleika starfsfólks, hreinlæti og umhverfisvernd. „Á farfuglaheimilinu á Vesturgötu eru 70 rúm í 19 herbergjum. Þarna myndast heimilisleg stemning sem er bæði gestunum sjálfum og frábæru starfsfólki að þakka.“

Efst á listanum í ár er farfuglaheimilið Bangkok Siam Square í Taílandi. Þar á eftir koma Morty Rich Hostel í Houston í Bandaríkjunum, Flåm vandrerhjem í Noregi, Lillehammer vandrerhjem í Noregi, Pathpoint Cologne í Köln í Þýskalandi, Reykjavik Downtown, Utano YH í Kyoto í Japan, farfuglaheimilið á Selfossi, Shin-Osaka YH í Osaka í Japan og í tíunda sæti er farfuglaheimilið á Laugarvatni.

Þessi eru þau tíu bestu af þeim tveimur þúsundum sem hægt er að bóka rúm á á Netinu en alls eru farfuglaheimili í heiminum rúmlega fjögur þúsund í yfir 60 löndum. - ibs



**FARFUGLAHEIMILI** Í móttökunni á farfuglaheimilinu á Vesturgötu 17.






# Þóra heillaðist af krafti Grindavíkur

**Þóra Arnórsdóttir hélt framboðsfund í Sjómannastofunni Vör í Grindvík. Hún sagði jákæðni og kraft einkenna bæjarbraginn og hún vonar að andi bæjarins smitist út í fleiri kima samfélagsins. Íslendingar verði að horfa fram á við.**

FORSETA KOSNINGAR 2012

Þóra Arnórsdóttir forsetaframbjóðandi hélt framboðsfund á Sjómannastofunni Vör í Grindavík á dögunum.

Á framboðsfundinum var Þóru gefið orkerað hálsmen, eftir listakonuna Toggu, en hálsmenið ber nafnið Brynja.

„Það er nú einnmitt í svona baráttu sem maður þarf stundum á brynju að halda,“ sagði Þóra þegar hún tók við gripnum.

Þóra sagðist heilluð af Grindavík, en fyrir fundinn höfðu stuðningsmenn Þóru farið með hana í kynningarferð um plássið.

„Það er greinilegt að hér er rífandi uppgangur og vonandi eitthvað sem mun smitast víðar um landið, það er að segja þessi jákvæðni og kraftur sem maður finnur fyrir,“ sagði Þóra.

Þóra sagði álíka þankagang þurfa í meiri mæli í íslenskt samfélag. „Við megum ekki gleyma okkur of mikið í því sem hefur verið gert eða ekki gert síðustu árin, því við erum að kjósa forseta fyrir þau fjögur næstu. Við verðum að horfa fram á við.“

Þóra kynnti einnig hugmyndir sínar um forsetaembættið, en hún sagðist hafa íhaldssamari og hefðbundnari sýn á forsetaembættið en margir. „Mér finnst það vera hans helsta hlutverk að vera sameiningarafl inn á við, að vera ópólitískur og taka ekki þátt í hinum daglegu pólitísku þrætum. Forsetinn á þó að vera í góðum tengslum við stjórnmálamenn og láta þá alla njóta sannmælis, sama hvar í flokki þeir standa.“



**HEILSUÐU ÞÓRU** Þóra Arnórsdóttir heilsaði upp á yngstu kynslóð Grindvíkinga, sem beið í röð eftir að fá að heilsa forsetaframbjóðandanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Við megum ekki gleyma okkur of mikið í því sem hefur verið gert eða ekki gert síðustu árin, því við erum að kjósa forseta fyrir þau fjögur næstu.
>
> ÞÓRA ARNÓRSDÓTTIR FORSETAFRAMBJÓÐANDI

Þóra svaraði einnig gagnrýni sem hún hefur fundið fyrir. „Fólk er mikið að velta fyrir sér þessari litlu þarna í barnabílstólnum, hvort ég ætli að vera í fæðingarorlofi fram að áramótum, eða fram að næstum kosningum en svo er ekki,“ sagði Þóra og benti á nýfædda dóttur sína sem lá í barnabílstól hjá föður sínum.

„Sá sem býður sig fram til embættis forseta Íslands tekur við því á tilsettum tíma eða 1. ágúst.“

katrin@frettabladid.is

Mannskæðar sprengjuárásir víða um Írak í gær beindust aðallega að sjítum:

# Minnst 65 látnir eftir árásirnar

**ÍRAK, AP** Að minnsta kosti 65 eru látnir eftir röð sprengjuárása í nokkrum borgum og bæjum í Írak í gær. Árásirnar beindust að mestu að sjíta-múslimum sem minntust þess að átta ár voru liðin frá láti klerksins Imam Moussa al-Kadhim.

Sextán sprengjur sprungu víða um landið og auk hinna látnu særðust yfir 200 manns. Fyrsta sprengjan sprakk í bænum Taji, norður af Bagdad, um klukkan fimm í gærmorgun. Sjö létust og tveir særðust. Fjórar fleiri sprengjur sprungu í gærmorgun í höfuðborginni þar sem 25 létust og yfir 70 særðust. Þá spungu tvær bílasprengjur í borginni Hillah, sunnan Bagdad, og lést 21 þar og 53 særðust. Í Karbala, heilagri borg sjíta, létust tveir og í bænum Balad norður af höfuðborginni létust sjö eftir að tvær sprengjur sprungu í bílum. Sjö sprengjur til viðbótar sprungu í gærmorgun annars staðar í landinu. Meðal annars var gerð sprengjuárás á skrifstofur kúrdískra stjórnmálamanna.



**SKEMMDIR KANNAÐAR** Þessir drengir skoðuðu skemmdirnar sem urðu eftir að bílasprengja sprakk í borginni Kirkuk í gærmorgun. NORDICPHOTOS/AFP

Dagurinn í gær var sá blóðugasti síðan 5. janúar, en þá létust 78 manns í röð sprenginga sem beindust einnig að sjítum. Árásirnar voru einnig meðal þeirra mannskæðustu síðan síðan bandarískt herlið fór frá landinu. - þeb




**Í Ellingsen** er mjög gott úrval af útivistarfatnaði fyrir allar aðstæður, hvort sem það er í garðinn, sandkassann, göngutúrinn eða beint á fjallið. Þú finnur eitthvað við hæfi fyrir alla fjölskylduna í Ellingsen.



**DEVOLD MULTISPORT BOLUR**
KK stærðir S–XXL
KVK stærðir XS–XL
**9.990 KR.**





**MOUNTAIN HARDWEAR TYPHOON 2,5 LAGA JAKKI**
KK stærðir M–XXL
KVK stærðir XS–XL
**51.992 KR.**
FULLT VERÐ 64.990 KR.

**MOUNTAIN HARDWEAR EPIC 2,5 LAGA HLÍFÐARBUXUR**
KK og KVK stærðir S–XXL
**23.992 KR.**
FULLT VERÐ 29.990 KR.





**DIDRIKSONS NORBA REGNJAKKI**
KK stærðir S–XXL
KVK stærðir 36–44
**10.392 KR.**
FULLT VERÐ 12.990 KR.

**COLUMBIA SILVER GÖNGUBUXUR**
KK stærðir 30–38
KVK stærðir 6–16
**11.992 KR.**
FULLT VERÐ 14.990 KR.



**DIDRIKSONS SLASKEMAN BARNAREGNGALLAR**
Stærðir 80–130
**6.392 KR.**
FULLT VERÐ 7.990 KR.



**DIDRIKSONS NORBA BARNAREGNJAKKI**
Stærðir 130–170
**9.592 KR.**
FULLT VERÐ 11.990 KR.



**DIDRIKSONS HOYODA SOFSHELL JAKKI**
Stærðir 130–170
**9.592 KR.**
FULLT VERÐ 11.990 KR.

**DIDRIKSONS MONTE BARNAFLÍSPEYSUR**
Stærðir 80–130,
einnig til í grænu
**3.192 KR.**
FULLT VERÐ 3.990 KR.





**DIDRIKSONS NIMBUS BARNAREGNBUXUR**
Stærðir 130–170
**5.592 KR.**
FULLT VERÐ 6.990 KR.

**DIDRIKSONS CAPILLA SOFTSHELL JAKKI**
Stærðir 130–170
**9.592 KR.**
FULLT VERÐ 11.990 KR.





**DIDRIKSONS MONTE BARNAFLÍSBUXUR**
Stærðir 80–130,
einnig til í grænu
**2.792 KR.**
FULLT VERÐ 3.490 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 121809

**FRÉTTASKÝRING:** Kostnaður íslenska ríkisins vegna Sparisjóðsins í Keflavík

# Aukinn líftími SpKef jók kostnað ríkisins

**Sparisjóðurinn í Keflavík (SpKef) mun kosta íslenska skattgreiðendur um 26 milljarða króna í beinan kostnað, vexti og eiginfjárframlög sem hafa tapast. Sjóðurinn fékk að lifa í um 30 mánuði eftir bankahrun þrátt fyrir að rekstrarforsendur hans hafi algjörlega brostið við það.**

Fram í apríl 2010, þegar nýr SpKef var reistur á rústum Sparisjóðsins í Keflavík (SpKef), tapaði sjóðurinn samtals 46,6 milljörðum króna, aðallega vegna virðisrýrnunar á útlánum. Auk þess fóru milljarðar í rekstrarkostnað SpKef á því tímabili sem hann fékk að starfa áfram. Á sama tíma jukust innlán hans um hátt í 20 milljarða króna. Þessi gegndarlausa innlánasöfnun ásamt óþarfa rekstrarkostnaði jók kostnað íslenska ríkisins vegna SpKef gríðarlega.

### Vildarmenn fá risalán

Í september 2008, mánuði fyrir bankahrun, kláraði Fjármálaeftirlitið (FME) gerð kolsvartrar skýrslu um Sparisjóðinn í Keflavík (SpKef). Í skýrslunni kom meðal annars fram að sjóðurinn hefði lánað á annan tug milljarða króna til um 80 einkahlutafélaga án haldbærra veða og trygginga.

Á meðal þeirra sem fengu lánað voru starfsmenn og stjórnendur sjóðsins, stjórnarmenn hans, sveitarstjórnarmenn á svæðinu og aðilar tengdir þeim. Á sama tíma var FME fullkunnugt um að sparisjóðurinn stóð í stórtækum áhættufjárfestingum með hlutabréf í gegnum fjárfestingafélagið Kistu, líkt og lýst er í hliðarefni.

Nokkuð ljóst er að eiginfjárhlutfall SpKef hefur farið undir hið lögboðna átta prósenta hlutfall strax við hrunið. FME veitti honum hins vegar ítrekað undanþágu til að starfa áfram þrátt fyrir að sjóðurinn væri ekki starfhæfur. Engar sýnilegar hömlur voru heldur settar á starfsemi sjóðsins eftir hrunið. Þvert á móti var honum leyft að auka innlánasöfnun sína gríðarlega.

### Sett í gírinn

Samhliða setningu neyðarlaganna gekkst íslenska ríkið í allsherjarábyrgð á öllum innlendum innlánum. Hjá stóru bönkunum þremur voru innlán færð í nýja banka ásamt gríðarlegu magni eigna. Hjá SpKef áttu eignirnar hins vegar bara eftir að rýrna.

Stuttu fyrir hrunið námu innlán hjá SpKef 44,9 milljörðum króna. Eftir það jókst þörf sjóðsins fyrir laust fé gríðarlega og var ráðist í sameiginlegt átak um að dæla innlánum inn í hann. Reykjanesbær gaf út skuldabréf upp á 2,5 milljarða króna og lagði andvirðið inn í sjóðinn. Grindavíkurbær lagði tvo milljarða króna inn í hann. Lífeyrissjóðir og fyrirtæki á svæðinu færðu sömuleiðis miklar fjárhæðir úr öðrum fjármálastofnunum. Í lok árs 2008 höfðu enda innlán SpKef hækkað um 9,8 milljarða króna. Þorri aukningarinnar átti sér stað eftir að ríkið ábyrgðist allar innlendar innstæður.

### Gerði samning við sig sjálfan

Með öll hin nýju innlán gat SpKef starfað tiltölulega óáreittur framan af árinu 2009, enda nægt laust fé til staðar. Auk þess var ljóst að pólitískur vilji var til staðar hjá nýrri ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna um að endurreisa sparisjóðakerfið með SpKef sem einhvers konar hryggjarstykki.

Um mitt ár 2009 tilkynnti Geirmundur Kristinsson sparisjóðsstjóri, sem hafði stýrt sjóðnum í nítján ár, að hann ætlaði að láta af störfum.

Við þessi tímamót undirbjó Geirmundur starfslokasamning fyrir sjálfan sig sem tryggði honum hálfs árs laun án vinnuframlags til viðbótar við laun út árið 2009. RÚV greindi síðar frá því að ákvæði hefðu verið í samningnum sem felldu niður háar skuldir sonar Geirmundar og sáu til þess að ferðakostnaður vegna afmælis Geirmundar yrði greiddur af sjóðnum. Eftir að fréttist af þeim ákvæðum voru þau tekin út.

### 18,3 milljarða innlánaaukning

Yfirvöld voru þó ekki í rónni yfir starfseminni og í júní 2009 setti FME sérfræðing, Soffíu Björgvinsdóttur, inn í SpKef til að hafa eftirlit með starfseminni.

Samkvæmt drögum að ársreikningi SpKef fyrir árið 2009, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, kemur fram að innlán SpKef voru komin í 63,2 milljarða króna í árslok þess árs. Þau jukust því um 8,5 milljarða króna á árinu og höfðu aukist um 18,3 milljarða króna frá því skömmu fyrir bankahrun. Á sama tíma rýrnuðu eignir bankans um 17 milljarða króna. Sjóðurinn greiddi auk þess 2,3 milljarða króna í laun og „annan rekstarkostnað“ á því ári.

### Nýr SpKef

Í apríl 2010 skilaði SpKef inn starfsleyfi sínu eftir að hluti kröfuhafa hans hafnaði tillögum um fjárhagslega endurskipulagningu. Auk þess glímdi sjóðurinn við veruleg lausafjárvandræði. Nýr sjóður, SpKef sparisjóður, var stofnaður samtímis og í drögum að ársreikningi gamla SpKef fyrir árið 2010 segir að allar eignir hans, að undanskildum 100 milljónum króna, hafi verið fluttar yfir í nýja sjóðinn. Skuldir upp á 24 milljarða króna voru skildar eftir. Hann hafi líka tekið yfir öll innlán „auk skulda við Seðlabanka vegna daglána og endurhverfra viðskipta og önnur lán sem voru tryggð með veðum í yfirteknum eignum“.

Í ársreikningnum segir ennfremur að niðurstöður bráðabirgðamats á þeim eignum sem nýi sjóðurinn tók yfir bendi til þess að „virði þeirra eigna sem SpKef tók yfir sé töluvert lægra en virði innlána og annarra skulda sem voru yfirteknar“.

Ríkið setti 900 milljónir króna inn í hinn nýja SpKef sem nýtt eigið fé. Af ofangreindu er augljóst að það var langt frá því að vera nægilegt til að hann uppfyllti lögbundið eiginfjárhlutfall.

### Eignir rýrnuðu um tugmilljarða

Nýja sjóðnum var svo rennt inn í Landsbankann í mars 2011. Miðað við niðurstöðu úrskurðarnefndar sem áætlaði virði eigna hans, og skilaði niðurstöðu sinni í síðustu viku, rýrnuðu eignir hans um 26,1 milljarð króna á meðan hann var starfræktur. Heildarvirði þeirra eru tæplega 57 milljarðar króna á meðan skuldir hans voru um 76 milljarðar króna.

Nokkuð ljóst er að sjóðurinn uppfyllti aldrei lausafjárreglur Seðlabankans í það tæpa ár sem hann starfaði, enda þurfti hann ítrekað að fá lausafjárfyrirgreiðslu hjá bankanum til að mæta útflæði innlána. Alls skuldaði SpKef Seðlabankanum og öðrum fjármálafyrirtækjum 13,9 milljarða króna við yfirtöku Landsbankans. Þar af voru tíu milljarðar króna skuld við Seðlabankann og sex milljarðar króna af henni vegna lána sem bankinn veitti SpKef á grundvelli skaðleysisyfirlýsingar. Í henni fólst að öll viðskipti sjóðsins við Seðlabankann voru bundin skilyrðum um ábyrgð af hálfu ríkissjóðs vegna innstæðna. Því jókst ábyrgð ríkissjóðs á innlánum SpKef ekki vegna þessara viðskipta. Hún minnkaði að sama skapi ekkert heldur.

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@fréttabladid.is






**KOSTNAÐARSÖM TILRAUN** Á þeim viðbótarlíftíma sem Sparisjóðurinn í Keflavík fékk að lifa eftir bankahrunið safnaði hann hátt í 20 milljörðum króna í viðbótarinnlán. Alls nema þau innlán sem ríkið ber ábyrgð á vegna hans 75,6 milljörðum króna, samkvæmt ársreikningi Landsbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Sparisjóðurinn tapaði stórkostlega á bréfum í Existu

Fjárfestingarfélagið Kista var stofnað í árslok 2006 af Sparisjóðnum í Keflavík (SpKef), SPRON og fleiri minni sparisjóðum til að fjárfesta í Existu, fjárfestingarfélagi sem stýrt var af bræðrunum Ágústi og Lýð Guðmundssonum. Stærsta eign Existu var síðan um fjórðungseign í stærsta banka landsins, Kaupþingi. Geirmundur Kristinsson, sparisjóðsstjóri SpKef, sat í stjórn Kistu frá stofnun þess félags og fram yfir bankahrun, enda átti SpKef 31,4 prósenta hlut í félaginu.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram að Kista hafi aukið eignarhlut sinn í Existu umtalsvert á árinu 2007 með lánum frá Kaupþingi, Glitni og Straumi. Í lok þess árs var Kista orðin annar stærsti hluthafinn á eftir Bakkavararbræðrunum og hluturinn var metinn á um 20 milljarða króna. Á móti skuldaði félagið hins vegar 17,3 milljarða króna og Kista hafði tapað 8,5 milljörðum á árinu vegna fallandi hlutabréfaverðs í Existu. Vegna þessa juku hluthafarnir, þar á meðal SpKef, hlutafé Kistu um 7,1 milljarð króna snemma árs 2008 auk þess sem þeir lögðu fram auknar ábyrgðir til að ekki væri hægt að gjaldfella lánin.

Við bankahrunið varð eign Existu í Kaupþingi, og um leið eign Kistu í Existu, verðlaus. SpKef hafði tapað milljörðum króna í áhættufjárfestingum í Existu.

www.volkswagen.is




Volkswagen Tiguan

Frelsi til
að ferðast

Volkswagen Tiguan sportjeppi eyðir
aðeins 5,8 l á hverja 100 km.

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Tiguan

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

5 ÁRA
ÁBYRGÐ
VEGAAÐSTOÐ
GÆÐASKOÐUN
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

## Hyundai Santa Fe METAN

# LÆGRA VERÐ

## LÆGRI REKSTRARKOSTNAÐUR - 5 ÁRA ÁBYRGÐ

### LÆGRA VERÐ

Lægri aðflutningsgjöld eru greidd af bílum með metanbúnaði og því getum við nú boðið takmarkað magn af Santa Fe með sérhönnuðum metanbúnaði á einstöku tilboðsverði.

### LÆGRI REKSTRARKOSTNAÐUR

Þeir sem keyra 20.000 km geta sparað allt að 160.000 krónur í eldsneytiskostnað með því að aka ríflega helminginn á metani auk þess sem þeir greiða lægri bifreiðagjöld.

### 5 ÁRA ÁBYRGÐ

Santa Fe metan er eini metanbíllinn á markaðnum sem boðinn er með 5 ára ábyrgð.

UEFA EURO2012 POLAND-UKRAINE

**Hyundai er aðalstyrktaraðili EM í fótbolta**

**Verð 5.990 þús. kr.**

**Verð áður ~~6.990 þús. kr.~~**

Með báða tanka fulla af eldsneyti getur þú ekið Santa Fe rúmlega **1.000 km.**





Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur

KANNIÐ HVAÐ ÞIÐ FÁIÐ FYRIR GAMLA BÍLINN

Við tökum að sjálfsögðu notaða bílinn sem greiðslu upp í nýjan og því er tilvalið að líta við, þiggja kaffibolla og fá upplýsingar hjá sölumönnum okkar um hvernig viðskiptin gætu hugsanlega litið út.

B|L

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

**BL** Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

# Rigningin stöðvaði átökin tímabundið

**21 hefur látið lífið og mikill fjöldi er heimilislaus eftir átök í Búrma undanfarna daga. Birgðir er farið að skorta í Rakhine-héraði, en mikil rigning stöðvaði átökin tímabundið í gær. Stjórnarandstöðuleiðtogi heldur til Evrópu í dag.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig er ástandið í Búrma?

Sérstakur erindreki Sameinuðu þjóðanna í málefnum Búrma, einnig þekkt sem Mjanmar, kom til landsins í gær til að kynna sér ástandið í Rakhine-héraði, þar sem blóðug átök trúarhópa hafa geisað síðustu daga. Sagt er að 21 hafi látið lífið í átökum þar síðan á föstudag.

Rólegra var um að litast í héraðinu í gær en dagana þar á undan. Það helgaðist af mikilli rigningu, sem stöðvaði átökin að minnsta kosti tímabundið. Frá því á föstudag hefur 21 látið lífið í átökum og yfir 1.500 heimili hafa verið brennd. Mikill fjöldi fólks er því heimilislaus í héraðinu.

Vegna ótta við áframhaldandi átök hefur rútu- og ferjuflutningum verið hætt frá höfuðborginni Yangon til héraðsins. Þetta hefur valdið því að mat og aðra hluti er farið að skorta í héraðinu. Búðir, bankar, skólar og markaðir eru að mestu leyti lokaðir.

Átökin eru á milli búddatrúarmanna og svokallaðra Rohingya-múslima í héraðinu og eiga upptök sín að rekja til þess að ungri búddatrúarkonu var nauðgað og hún myrt í maí. Þrír múslimar eru sagðir hafa framið verknaðinn.

Múslimar í Rakhine-héraði eru ekki með ríkisborgararétt í Búrma, þar sem stjórnvöld telja þá ólöglega innflytjendur frá Bangladess. Stjórnvöld í Bangladess eru ekki sammála því. Þúsundir múslimanna hafa þó reynt að flýja yfir til Bangladess en öllum hefur verið snúið við. Stjórnvöld þar segjast ekki hafa burði til að taka við flóttafólki, en mannréttindasamtök hafa gagnrýnt mjög að landamærunum skuli hafa verið lokað fyrir þessu fólki. Með því sé verið að leggja líf fólksins í mikla hættu.

Thein Sein forsætisráðherra landsins lýsti yfir neyðarástandi í héraðinu á sunnudag. Hann sagði jafnframt að ofbeldið þar geti ógnað þeim lýðræðisumbótum sem unnið sé að í landinu, eftir hálfrar aldar valdasetu hersins. Þrátt fyrir að herinn stjórni ekki að nafninu til hefur hann enn mikil ítök í landinu og hefur Sein verið gagnrýndur fyrir að lýsa yfir neyðarástandi þar sem það veiti hernum völdin í héraðinu.

thorunn@frettabladid.is



**ATHVARF Í KLAUSTRI** Margir hafa orðið heimilislausir vegna átakanna og þessi fjölskylda er þeirra á meðal. Hún dvelst nú í klaustri sem hefur tímabundið verið breytt í athvarf fyrir heimilislausa. NORDICPHOTOS/AFP

## Tekur loks við Nóbelsverðlaununum



**AUNG SAN SUU KYI**

Stjórnarandstöðuleiðtoginn Aung San Suu Kyi kemur í dag til Genfar í Sviss, í fyrstu ferð sinni til Evrópu í 24 ár. Ferð hennar mun vekja mikla athygli og mögulega jafnframt beina athygli manna að ástandinu í heimalandi hennar. Hún var sem kunnugt er í stofufangelsi í Búrma um árabil en losnaði úr því árið 2010. Hún var svo kjörin á þing fyrr á árinu.

Hún mun ávarpa þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf í dag, en stofnunin hefur vakið athygli á þrælkun og barnaþrælkun í Búrma. Hún flýgur svo til Óslóar þar sem hún mun á morgun taka við Friðarverðlaunum Nóbels 21 ári eftir að hún hlaut þau upphaflega fyrir baráttu sína. Frakkland og Írland verða einnig á dagskránni en í næstu viku heldur Suu Kyi svo til Bretlands og mun sú heimsókn væntanlega vekja mikla athygli. Suu Kyi lærði í Bretlandi og bjó þar í mörg ár. Hún fór frá eiginmanni og sonum í Bretlandi til Búrma árið 1988 til þess að annast veika móður sína. Hún komst aldrei aftur til Bretlands, en eiginmaður hennar, Michael Aris, lést árið 1999. Í Bretlandi mun Suu Kyi taka við heiðursdoktorsnafnbót við Oxfordháskóla og ávarpa báðar deildir breska þingsins.

Hún snýr svo aftur til Búrma í lok júní en þingið kemur saman þann 4. júlí.

FISKBÚÐIN HÖFÐABAKKA
HÖFÐABAKKA 1 SÍMI 587 5070

FLOTTUR STÓR HUMAR
5.500 kr.kg ( 1 kg. í öskju )

Góð Laxaflök
Fisksteikur í úrvali

Fiskur á grillið eða í ofninn

Íslenskar gullauga kartöflur

Heitur matur frá
11.30 - 13.30
og 17.00 - 19.00

Beinlaus Lambasteik,
kryddaðar rúllur beint í
ofninn 1.390 kr.kg

Grillsagað lambakjöt
1.100 kr.kg ( 6-8 kg. í poka )
Örugglega bestu kaupin

Íslensk hreindýrasteik úr læri
120 gr Hamborgarar • Gott verð

Snæfell Sérvalið Gæðakjöt 100% AUSTFIRSKT!


BYLGJAN 25 ÁRA 989
Heimir & Kolla vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00






# SKÍNANDI GOTT FRÍ



Sólarferð

## Costa Brava

**Frábær áfangastaður fyrir alla fjölskylduna!**

Nú býðst sóldýrkendum að heimsækja þennan frábæra og fjölskylduvæna áfangastað á einstöku tilboðsverði. Aðeins örfá sæti laus á þessu verði.

**TILBOÐSVERÐ!**
**Takmarkað sætaframboð**

Flogið er til Barcelona með nýjum vélakosti Iceland Express, Airbus 320. Farþegum ekið til og frá Lloret de Mar gegn vægu gjaldi.

### Trimar Apartments ★★★

**Verð á mann í 7 daga, 22.–29. júní, frá**

# 77.100 kr.

**Íbúð með einu svefnherbergi**

Verð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára.

### Fenals Garden Hotel ★★★★

**Verð á mann í 7 daga, 18.–25. júní, frá**

# 72.700 kr.

**Með morgunverði**

Verð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára.
Verð fyrir 2 fullorðna 81.900 kr.



Sérferð **28. júlí-4. ágúst**

## Toscana

**Verð á mann í tvíbýli**

# 199.900 kr.

Express ferðir bjóða einstaka ævintýra- og sælkeraferð til Toscana. Þetta verður sannarlega ógleymanlega ferð. Fararstjóri verður Halldór E. Laxness sem gjörþekkir héraðið. Meðal annars verður farið til Flórens, Pisa, Lucca, Siena og Monte Carlo.

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4* hóteli með morgun- og kvöldverði. Skoðunarferðir og akstur. Íslensk fararstjórn allan tímann.



Borgarferð **28. júní -2. júlí**

## Edinborg með Gísla Marteini

**Verð á mann í tvíbýli**

# 79.900 kr.

Löng helgarferð til einnar fegurstu borgar Evrópu. Gísli Marteinn þekkir Edinborg vel og ætlar að kynna þessa sögufrægu borg fyrir gestum á sinn einstaka hátt.

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 3* hóteli ásamt morgunverði og íslensk fararstjórn.



Menningar- og skemmtiferð **22.-29. ágúst**

## Prag með Berki Gunnars

**Verð á mann í tvíbýli frá**

# 129.900 kr.

Prag í Tékklandi er nýr og spennandi áfangastaður hjá Express ferðum í sumar. Borgin er einstök og sannkölluð Mekka arkitekta, hönnuða og listunnenda um allan heim. Í Prag er blómlegt tónlistarlíf og ávallt mikið um áhugaverða tónleika.

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 4* hóteli í sjö nætur ásamt morgunverði og íslensk fararstjórn.

FÍTON / SÍA

**BÓKAÐU NÚNA!**
**TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ**

* Sveigjanlegir greiðslumöguleikar

Finndu okkur á Facebook!

**Express ferðir**

Ármúli 7, 108 Reykjavík | **www.expressferdir.is** | 5 900 100




# 50 ÁRA

## FJÖLDI SPENNANDI AFMÆLISTILBOÐA



AFMÆLISVERÐ **18.990** kr.

Vnr. 41621504
Teak borð, sexhyrnt, 60x60 cm, samanbrjótanlegt + 4 stólar með háu baki, fellanlegir.
~~24.990~~ kr.

AFMÆLISVERÐ **39.990** kr.



Vnr. 41616016
Garðsett úr acacia harðviði, borð 160x90 cm, tveir bekkir 135x32 cm, ásamt svörtum sessum.
~~49.900~~ kr.

AFMÆLISVERÐ **19.900** kr.



**BOSCH**
Vnr. 74864114
BOSCH PSR 14,4 V rafhlöðuborvél, 2 lithium rafhlöður fylgja með, 1,5 Ah.
~~24.590~~ kr.

AFMÆLISVERÐ **9.990** kr.



Vnr. 88015959
Fjögurra manna tjald.
~~14.990~~ kr.

AFMÆLISVERÐ **3.990** kr.



Vnr. 41616009
Fellanlegur stóll og sessa, acacia harðviður.
~~5.990~~ kr.

AFMÆLISVERÐ **7.990** kr.



Vnr. 41616004
HERITAGE stóll og sessa, acacia harðviður.
~~11.490~~ kr.

AFMÆLISVERÐ **5.990** kr.

Vnr. 41624117
MOSAIC borð, kringlótt, 60 cm, stálrammi með borðplötu úr mósaík.
~~7.590~~ kr.



AFMÆLISVERÐ **10.990** kr.

Vnr. 41624118
MOSAIC stóll, stálrammi með setu úr mósaík.
~~14.240~~ kr.

AFMÆLISVERÐ **4.490** kr.



Vnr. 41100105
Matar- og kaffistell með gylltu mynstri. 4 manna, 20 stk.
~~6.990~~ kr.



Taska fáanleg.

AFMÆLISVERÐ **19.900** kr.

Vnr. 50652233
STERLING PORTA CHEF ferðagasgrill með efri grind. Grillflötur 32x48 cm. Slanga og þrýstijafnari. 4,1 kW.
~~25.900~~ kr.

www.expo.is

# TAKK FYRIR SAMFYLGDINA Í 50 ÁR!




**Fyrsta verslun BYKO opnaði 14. júní árið 1962. BYKO á því 50 ára afmæli í dag.**

**Í tilefni afmælisins verður afmælishátíð dagana 14. - 16. júní og bjóðum við upp á úrval spennandi tilboða í öllum verslunum okkar.**

**16. júní sláum við svo upp veislu með veitingum, skemmtiatriðum og sumargjöfum fyrir smáfólkið.**

**Þér er sjálfsögðu boðið.**

# AFMÆLI

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012



AFMÆLISVERÐ **25.990 kr.**

Vnr. 41624123-4/6-7/9
Markísa, 3,5x2,5 m,
græn, dökkgrá eða dökkblá.
~~34.900 kr.~~



Vnr. 41622100
Garðsett, borð stál/gler
og 4 stólar. Blátt eða grátt.
~~25.640 kr.~~

AFMÆLISVERÐ **17.990 kr.**

AFMÆLISVERÐ **39.900 kr.**




Vnr. 50657143
STERLING GASGRILL
1714, 2 brennarar,
niðurfellanleg hliðar-borð, hitamælir, þrýsti-jafnari og álhjálmur.
11,72kW.
~~54.900 kr.~~

AFMÆLISVERÐ **19.990 kr.**

BOSCH



Vnr. 74891130
BOSCH ROTAK 320, rafmagns-sláttuvél, 1000W, sláttubreidd 32 cm,
stillanleg sláttuhæð frá 2-6 cm.
~~25.990 kr.~~

AFMÆLISVERÐ **19.990 kr.**




Vnr. 87977170
Rafmagnskælibox með
hjólum, 12V, 40 l.
~~27.990 kr.~~

AFMÆLISVERÐ **1.790 kr.**



Vnr. 41130200
Pönnukökupanna
fyrir allar gerðir af hellum.
~~2.790 kr.~~

AFMÆLISVERÐ **599.000 kr.**




Vnr. 10101000
Caldera SPAS CIMA
heitur pottur fyrir 6 manns.
4 Kw rafmagnshitari fylgir.
~~699.000 kr.~~

AFMÆLISVERÐ **2.290 kr./m²**



Vnr. 19608000-25
Veggflís, 14,8x14,8 cm.
Græn, rauð, dökkblá,
appelsínugul eða svört.
~~3.591 kr./m²~~

# neytendur
hagur heimilanna

**12.650 KRÓNUR** kostuðu 1.000 kílóvattstundir af rafmagni í Reykjavík í maí síðastliðnum samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands. Verðið var 9.852 krónur í maí 2010 og hefur því hækkað um ríflega 28 prósent á tveimur árum.

■ Matvæli

## Rækjur innihalda mikið magn af kólesteróli



Í 100 g af rækjum eru 150 mg af kólesteróli. Sá sem borðar 200 g af rækjum er þar með búinn að fá þau 300 mg af kólesteróli sem er hámarksdagskammtur samkvæmt ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, að því er segir á fréttavef Aftenposten. Til samanburðar er bent á að í kjúklingi, sardínum og feitum osti séu um 70 til 110 mg af kólesteróli í hverjum 100 g. Norski næringarfræðingurinn Marte Gjeitung Byfuglien segir að þeir sem séu með mikið kólesteról í líkamanum eigi ekki að borða hrognin í rækjunum. Í ferskum rækjum sé minna af hrognum á sumrin en á veturna en í frystum rækjum geti verið mikið af hrognum.

■ Barnaföt

## Hummel varar við böndum í hálsmáli



Hummel International A/S hefur innkallað peysur af gerðunum Georgia í stærðunum 8-10-12 og Classic Bee hoodie í stærðunum 8-10-12 ára, að því er kemur fram á vef Neytendastofu. Hættan er sögð felast í því að bönd í hettum eða í hálsmáli geta valdið hættu á kyrkingu. Af öryggisástæðum vill Hummel International A/S benda þeim sem keypt hafa umræddar peysur á að fjarlægja böndin úr peysunum, eða skila þeim gegn endurgreiðslu til næsta söluaðila.

Neytendastofa bendir á að í fötum fyrir börn að 7 ára (upp í 1,34 m hæð) megi ekki vera bönd eða reimar í hettu eða hálsmáli. Í fatnaði fyrir börn 7-14 ára mega bönd eða reimar í hálsmáli ekki standa lengra en 75 mm út úr flíkinni.

■ Matvæli

## Kjúklingasúpa og fæðubótarefni innkölluð

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur stöðvað sölu og innkallað Maggi kjúklingasúpu með núðlum. Um er að ræða pakka með þremur bréfum með strikanúmerinu 2761010030019, að því er segir á vef Matvælastofnunar. Merkingum á ytri umbúðum vörunnar ber ekki saman við merkingar á innri umbúðum hennar. Ekki kemur fram á ytri umbúðunum að varan innihaldi mjólk en mjólk og mjólkurafurðir eru á lista yfir ofnæmis- og óþolsvalda. Aðrar athugasemdir eru einnig gerðar við merkingar vörunnar. Heilbrigðiseftirlitið hefur einnig stöðvað sölu á fæðubótarefnum með vörumerkinu MusclePharm sem seld eru á netinu, að því er greint er frá á vef Matvælastofnunar. Vörurnar, sem nefnast Assault, Re-Con, Armor-V, Shred Matrix og Battle Fuel, innihalda B-flokkuð innihaldsefni og efni sem þarfnast flokkunar Lyfjastofnunar, óleyfileg steinefni og viðbætt koffín.

# Bætur fyrir skartgripi 5% af innbústryggingu

**Þeir sem eru með innbú tryggt fyrir fimm milljónir króna fá aðeins 250 þúsund krónur í bætur fyrir stolna skartgripi þótt verðmæti þeirra sé miklu meira. Þetta er vegna þess að skartgripir eru ekki tryggðir nema fyrir fimm prósent af heildarvátryggingarupphæð innbús samkvæmt skilmálum tryggingafélaganna.**



**ÞÝFI** Skartgripir eru meðal þess helsta sem innbrotsþjófar sækjast eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hákon Hákonarson, eigandi Tryggingar og ráðgjafar sem býður upp á Tryggingavaktina, segir nokkuð ljóst að skartgripir á mörgum heimilum geti verið mörg hundruð þúsunda ef ekki milljóna króna virði. „Þess vegna er mikilvægt að innbústryggingar endurspegli verðmæti innbúsins eða að keypt sé sérstök trygging fyrir svo verðmæta skartgripi.“

Að sögn Hákonar koma þessir skilmálar tryggingafélaganna um skartgripi viðskiptavinum sem brotist hefur verið inn hjá á óvart. „Fólk sem ekki hefur áttað sig á þessu er mjög ósátt. Því er almennt ekki bent sérstaklega á þetta þegar það kaupir tryggingar og fær þá kannski ekki upplýsingar um þessa skilmála nema það spyrji sérstaklega um skartgripi. Þeir sem hafa til dæmis keypt 10 milljóna króna innbústryggingu eru ósáttir við að vera háðir einhverjum takmörkunum með skartgripina.“

> Það má reyndar segja að ef fólk er með heima hjá sér aðra verðmæta hluti, eins og til dæmis málverk, sé ástæða til að tryggja þá sérstaklega.
>
> **HÁKON HÁKONARSON**
> EIGANDI TRYGGINGAR OG RÁÐGJAFAR

Hákon bendir á að skartgripir séu meðal þess helsta sem innbrotsþjófar sækjast eftir.

„Þeir eru auðveldir í meðförum og það er mjög auðvelt að koma þeim í verð. Það má reyndar segja að ef fólk er með heima hjá sér aðra verðmæta hluti, eins og til dæmis málverk, sé ástæða til að tryggja þá sérstaklega. Því betur sem menn huga að þessum málum, þeim mun auðveldara er að fá bætur frá tryggingafélögunum. En auðvitað þarf að grípa til ráðstafana þegar farið er að heiman til þess að gera innbrotsþjófum erfiðara fyrir.“

ibs@frettabladid.is





Heimsferðir bjóða ferðir til Tyrklands í allt sumar og fram á haust. Núna erum við með sérstakt tilboð á Bitez Garden Life Hotel & Suites og Royal Arena Resort & Spa í Tyrklandi.

Frá 114.900 Bitez Garden Life Hotel & Suites
með allt innifalið í 11 nætur
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskyldu herbergi. Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 144.900 á mann. Sértilboð 22. júní í 11 nætur.

Frá 119.900 Royal Arena Resort & Spa
með allt innifalið í 11 nætur
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskyldu herbergi. Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 154.400 á mann. Sértilboð 22. júní í 11 nætur.



Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


**NEYTANDINN:** ÞORBJÖRG ÁGÚSTSDÓTTIR SKYLMINGAKONA

## Borgaði með tánöglum

„Einu sinni keypti ég mér skylmingaskó sem voru einum þriðja úr númeri of litlir. Ég borgaði dýrt fyrir þá með fjórum tánöglum,“ sagði Þorbjörg Ágústsdóttir skylmingakona.

Þorbjörg segist samt hafa mátað skóna áður en hún dró upp veskið. „Jú ég mátaði þá, en þetta var ný týpa og þeir áttu að gefa aðeins eftir. Maður vill hafa skóna rosalega þétta svo þeir fylgi fætinum alveg eftir. Ég var að spá í að kaupa mér þriðjungi stærri skó en gerði það ekki af því að skórnir sem ég átti á undan gáfu svo mikið eftir. En ekki þessir,“ sagði Þorbjörg hlæjandi og bætti við: „Ég var að keppa rosalega mikið á þessum tíma og þetta var alveg hræðilegt.“

Þorbjörg segist hafa skipt þeim fljótt út. „Ég notaði skóna í sex mánuði eða þangað til að ég gat fengið mér nýja. Þetta var svo sárt.“

Þorbjörg sagðist eiga erfiðara með að nefna hver séu bestu kaupin.

„Bestu nýlegu kaupin eru rauðar Lee-gallabuxur sem ég elska. Svo hef ég keypt mér nokkrar peysur á útsölumarkaði Birnu, það er algjör eðall. Þær eru flottar og endast að eilífu.“



Svo skiptir Þorbjörg um skoðun. „Nei, bestu kaupin eru eiginlega Macintosh PowerBook-tölvan mín. Hún entist í átta ár og dó síðasta haust. En átta ára ending á tölvu, það eru náttúrlega bestu kaup sem þú getur gert.“

Tölvan hafði fylgt Þorbjörgu lengi. „Ég notaði hana í háskólanum og svo fór hún með mér í allar keppnisferðir, heimsálfanna á milli. Hún var alltaf hjá mér,“ sagði Þorbjörg, sem hefur lokið meistaranámi í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands.

Þorbjörg var í óða önn að pakka niður í ferðatösku þegar Fréttablaðið náði tali af henni. Hún er á leið á Evrópumótið í skylmingum sem haldið er á Ítalíu um þessar mundir. Þorbjörg sagðist ekki fara tölvulaus í ferðina. „Ég fékk Ipad í afmælisgjöf þannig að ég er svo heppin að geta tekið hann með mér. Hann er töluvert léttari en tölvan svo ég sligast ekki undan handfarangrinum.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ Grasgræna í fötum

*Nýmjólk og uppþvottalögur*



Þegar sólin skín nánast allan sólarhringinn er gaman að fara í útilegu, spila fótbolta, kasta frisbídiskum og fara í brennó. Grænt grasið í stórkoslegri náttúru Íslands hefur þó þann ókost að geta litað föt. Grasgrænu má þó ná úr fötum á einfaldan hátt.

Ef örlítið af nýmjólk og uppþvottalegi er hellt yfir blettinn og línuna nuddað saman þar sem bletturinn er má ná grasgrænunni úr fötunum. Mjólkina og sápuna má svo skola úr með vatni.

# Málning!

**Gerið verðsamanburð á öllum vörum, EKKI BARA TILBOÐUM!**

**MÚRBÚÐARVERÐ**

Deka Pro 4. Loft og veggjamálning. 10 lítrar
**5.390,-**

DekaCryl 7 Innimálning. 10 lítrar
**5.490,-**

Deka Pro 10 Innimálning. 10 lítrar
**5.995,-**

Aqua 25 innimálning á böð 4 lítrar
**3.990,-**

Veggspartl medium,10 lítrar
**3.490,-**

DEKAPRO útimálning, 10 lítrar
**6.990,-**

DEKA PRO þakmálning, 10 lítrar
**9.995,-**

Hágæða sænsk málning 10% gljástig, verð 10L
**5.290,-**
allir ljósir litir

Áltrappa 5 þrep
**5.990,-**
Ath. margar stærðir

ODEN EÐAL OLÍA á palla. Hágæða Silikonalkyd efni. 2,7 lítrar
**4.290,-**

Tréolía 30, 3 lítrar Á pallinn og annað tréverk
**2.790,-**

*Besta þekjandi viðarvörn í Skandinavíu samkvæmt prófun Folksham í Svíþjóð.*
*Sjá www.murbudin.is*

ODEN þekjandi viðarvörn. 1 líter
**1.795,-**

Álstigi 12 þrep 3,67 m
**7.390,-**

Áltrappa 4 þrep
**4.990,-**
Ath. margar stærðir

Scala Panellakk 15 Glært. 3 lítrar
**3.195,-**

Dicht-Fix þéttiefni. 750ml
**1.795,-**

Scala Steypugrunnur Betoprime glær. 1 líter
**695,-**

DEKA SÍLAN vatnsfæla, 5 lítrar
**5.890,-**

Scala málarakýtti
**390,-**

Álstigi 3x8 þrep 2,27-5,05 m
**16.990,-**

Scala Lackfarg 30 (olíu) 1 líter
**1.525,-**

Deka Meistaralakk 40 Akrýllakk. 1 líter
**1.595,-**

Deka menja 1 líter
**895,-**

LF Veggspartl 0,5 litrar
**675,-**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Framlengingarskaft fyrir rúllur
**295,-**

Truper litaspray 400ml
**795,-**

Meiri gæði / Lægra verð / MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

**Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
**Suðurnes** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
**Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
**Húsavík** Garðarsbraut 50. Opið virka daga kl. 8-18
**Vestmannaeyjar** Flatir 29. Opið virka daga kl. 8-18

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á vísir.is

**97 BANDARÍKJADALIR** er heimsmarkaðsverð á tunnu af hráolíu (Brent). Verðið hefur lækkað um næstum 30 prósent frá toppi í mars.

# Vextir Seðlabankans voru hækkaðir um 0,25 prósentustig í gær

**Þrátt fyrir að verðbólga hafi hjaðnað í maí telur bankinn enn að hún verði lengur fyrir ofan verðbólgumarkmið en ásættanlegt er. Vaxtagreiðslur heimila og fyrirtækja vegna óverðtryggðra lána með breytilegum vöxtum hækka um tæplega 1,7 milljarða á ársgrundvelli.**

**EFNAHAGSMÁL** Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands kynnti í gær þá ákvörðun sína að hækka vexti bankans um 0,25 prósentustig. Eftir ákvörðunina eru svokallaðir virkir stýrivextir bankans 5,125%.

Í yfirlýsingu nefndarinnar segir að hagtölur fyrir fyrsta fjórðung ársins, sem gefa vísbendingu um nokkurn þrótt í hagkerfinu, séu í stórum dráttum í samræmi við nýjustu hagspá bankans. Þá kemur fram í yfirlýsingunni að verðbólga hefur hjaðnað nokkuð í maí þótt áfram séu horfur á því að hún verði lengur fyrir ofan 2,5% verðbólgumarkmið bankans en ásættanlegt er. Á þessum forsendum byggir nefndin vaxtahækkunina.

Í yfirlýsingu nefndarinnar kemur einnig fram að óvissa í alþjóðlegum efnahagsmálum hafi aukist að undanförnu, ekki síst vegna fjármálakreppunnar í Evrópu. Gæti því komið til þess á næstunni að bregðast yrði við atburðum sem hefðu umtalsverð áhrif á hagvöxt og verðbólgu hér á landi í gegnum peningastefnuna.

Við síðustu vaxtaákvörðun sína í maí hækkaði peningastefnunefndin vexti um 0,5 prósentustig. Gaf nefndin því þá einnig undir fótinn að frekari hækkanir væru væntanlegar þegar hún sagði í yfirlýsingu sinni að ekki yrði að óbreyttu komist hjá frekari vaxtahækkunum drægi ekki úr verðbólgu. Í þetta sinn er nefndin ekki eins afdráttarlaus en sem fyrr er það framvinda verðbólgunnar sem hefur mest að segja um ákvarðanir nefndarinnar.

Ákvörðun peningastefnunefndarinnar var í takt við spár greiningaraðila sem höfðu flestir reiknað með 0,25 prósentustiga hækkun þótt hagfræðideild Landsbankans hafi spáð óbreyttum vöxtum. Ávöxtunarkrafa flestra óverðtryggðra skuldabréfaflokka lækkaði þó á mörkuðum í gær sem bendir til þess að mildari tónn peningastefnunefndarinnar hafi minnkað væntingar um frekari hækkanir vaxta.

magnusl@frettabladid.is



**SEÐLABANKANUM Í GÆR** Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Már Guðmundsson seðlabankastjóri kynntu ákvörðun peningastefnunefndarinnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Óverðtryggðu lánin auka bit stýrivaxta

Óverðtryggð lán hafa átt sífellt meiri vinsældum að fagna meðal íslenskra heimila og fyrirtækja síðustu misseri. Þannig hefur hlutfall óverðtryggðra skulda heimilanna næstum því þrefaldast á skömmum tíma, eða hækkað úr 5,7% af landsframleiðslu í ársbyrjun 2010 í 15,4% við lok fyrsta ársfjórðungs þessa árs. Á sama tímabili hafa verðtryggðar skuldir heimilanna sem hlutfall af landsframleiðslu lækkað. Gera má ráð fyrir að þessi breyting á samsetningu lána heimilanna hafi aukið áhrifamátt peningastefnu Seðlabankans. Þannig hefur Seðlabankinn bent á að verðtryggð jafngreiðslulán, sem er langútbreiddasta fasteignalánaformið og þar með fyrirferðarmest í skuldum heimilanna, veiti skuldurum að nokkru leyti meira skjól fyrir áhrifum stýrivaxtahækkana, að minnsta kosti til skemmri tíma. Stýrivaxtahækkanir hafa hins vegar svo til bein áhrif á greiðslubyrði óverðtryggðra lána með breytilegum vöxtum.

Óverðtryggð lán heimilanna með breytilegum vöxtum eru um þessar mundir rétt tæpir 200 milljarðar króna samkvæmt nýlegu riti Seðlabankans um fjármálastöðugleika. Miðað við þá tölu hefur 0,25 prósentustiga stýrivaxtahækkun, eins og Seðlabankinn tilkynnti um í dag, þau áhrif að heimilin greiða 500 milljónir aukalega í vexti á ársgrundvelli. Að sama skapi skulda íslensk fyrirtæki alls um 470 milljarða króna vegna óverðtryggðra lána með breytilegum vöxtum. Vaxtahækkun Seðlabankans í dag mun því hafa þau áhrif að íslensk fyrirtæki greiða tæpum 1.200 milljónum meira í vexti á ársgrundvelli.



# Gakktu í bæinn

# MENNINGARNÓTT
# 18.08 · 2012

## Ertu með hugmynd?

Auglýst er eftir áhugasömum og frumlegum hugmyndasmiðum til þess að fylla inn í viðburðalandslag Menningarnætur 2012. Á torgum, götum, í húsasundum og görðum, í galleríum, verslunum, menningarstofnunum og heimahúsum munu viðburðir af öllum toga fylla miðborgina lífi.

## Menningarnæturpottur Landsbankans

Veittir verða styrkir úr Menningarnæturpottinum til einstaklinga og hópa sem hafa hug á því að skipuleggja fjölbreytta og áhugaverða viðburði á Menningarnótt.

Menningarnæturpotturinn er samstarfsverkefni Höfuðborgarstofu og Landsbankans sem verið hefur máttarstólpi hátíðarinnar frá upphafi. Rennur allur fjárstuðningur bankans til listamanna sem koma fram á Menningarnótt.

Tekið er á móti styrkumsóknum á vefsíðu hátíðarinnar www.menningarnott.is en umsóknafrestur um styrki rennur út mánudaginn **18. júní**. Tekið verður á móti almennum umsóknum um þátttöku fram til **23. júlí**.

Hlutverk Höfuðborgarstofu er að halda utan um alla almenna skipulagningu, leyfisveitingar og kynna viðburði hátíðarinnar.
Nánari upplýsingar veita:
Guðmundur B. Halldórsson, *gummi@visitreykjavik.is*
og Karen M. Jónsdóttir, *karen@visitreykjavik.is*

vodafone

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Orðnar og óorðnar breytingar á barnalögum:

# Jafnrétti er barni fyrir beztu

Stundum getur ný löggjöf haft í för með sér miklar samfélagsbreytingar, sem jafnvel verða svo örar að þær gera lögin sem komu þeim af stað fljótlega úrelt. Ákvæði barnalaga um forsjá barna eru ágætt dæmi um þetta. Þegar möguleikinn á að foreldrar semdu um sameiginlega forsjá kom í lög fyrir tuttugu árum ýtti það við foreldrum sem stóðu í skilnaði að hugsa vandlega hvernig þeir vildu haga forsjá barnanna. Áhrifin urðu þau að innan við áratug síðar valdi meirihluti fólks sem skildi sameiginlega forsjá.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Þegar lögfest var árið 2006 að sameiginleg forsjá yrði meginreglan var þannig í raun verið að lögfesta orðinn hlut, en um leið sendi löggjafinn þeim minnihluta foreldra sem ekki gat komizt að samkomulagi um sameiginlega forsjá skýr skilaboð: Barnauppeldi er samvinnuverkefni, á jafna ábyrgð beggja foreldra og á að vera það áfram þótt hjónabandi eða sambúð ljúki.

Nú er svo komið að sameiginleg forsjá er valin í 85% tilvika. Það færist sömuleiðis mjög í vöxt að börn dvelji jafnlangan tíma hjá hvoru foreldri eftir skilnað, oft viku og viku til skiptis. Utan um þessa þróun hafa lögin ekki náð; það er til dæmis ennþá gert ráð fyrir að barn eigi lögheimili hjá öðru foreldrinu eingöngu og lögheimilinu fylgja síðan ýmis lagaleg réttindi, til dæmis barnabætur og alla jafna meðlagsgreiðsla frá hinu foreldrinu.

Breytingar á barnalögum sem Alþingi samþykkti fyrr í vikunni eru skref í átt til þess að færa löggjöfina til samræmis við raunveruleikann. Þar eru ýmis ákvæði sem styrkja sameiginlega forsjá í sessi, til að mynda að foreldrum beri skylda til að leita sátta og ráðgjafar um forsjána áður en hægt er að fara í hart.

Velferðarnefnd vann vinnuna sína í þessu máli; fólk valt ekki af eðlisávísun ofan í pólitískar skotgrafir eins og í svo mörgum málum á þingi þessa dagana heldur lagðist yfir málefnið og skilaði sameiginlegu áliti. Meðal annars sneri nefndin við þeirri ákvörðun Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra að fella út úr upphaflegum tillögum nefndar um breytingar á barnalögunum heimild til dómara að dæma sameiginlega forsjá. Rök ráðherra fyrir þeirri ákvörðun voru rýr, en rök nefndarinnar fyrir að setja ákvæðið inn aftur veigamikil.

Velferðarnefnd telur ekki tímabært að lögfesta möguleika á tvöföldu lögheimili, en að huga eigi að því að taka upp slíkt kerfi hér á landi. Hún vill líka endurskoða meðlagskerfið sem allra fyrst „með það að leiðarljósi að færa meðlagskerfið nær hinni raunverulegu mynd þar sem sameiginleg forsjá foreldra er meginreglan og jöfn búseta barns verður sífellt algengari".

Stundum er því haldið fram að búið sé að gera forsjármál að jafnréttismáli, sem snúist um jafna stöðu feðra og mæðra, í stað þess að horfa á hvað barninu sé fyrir beztu. Reynsla undanfarinna ára hefur hins vegar sýnt að þetta tvennt fer oftast saman, að minnsta kosti ef heilbrigð skynsemi er með í för. Jafn réttur og jöfn þátttaka foreldra í lífi barna sinna, bæði fyrir og eftir skilnað, er börnunum fyrir beztu. Áframhaldandi breytingar á löggjöfinni eiga að taka mið af því.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Kawasaki
Slláttuorf
ÞÓR HF


Krókhálsi 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 461-1070

www.thor.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Búið í Borgen

Danir virðast geta allt þegar kemur að sjónvarpsþáttagerð og nú hefur þeim tekist það sem talið var ómögulegt, að gera stjórnmál spennandi. Nú er svo komið að þingmenn horfa öfundaraugum á Borgen og gráta eigið hlutskipti. Það gerði Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokksins, í pontu í gær. Honum fannst ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur fara fram með offorsi og stunda lítt þá iðju „sem allir landsmenn hafa séð í fínum sjónvarpsþáttum á RÚV núna í vetur," nefnilega að semja í rólegheitum um mál. Já, lífið væri leikur ef það væri danskur sjónvarpsþáttur.



### Bókmenntalega sinnaður

Mörður Árnason nefndi í gær þann möguleika að níu þingmenn legðu fram tillögu um að umræðu yrði slitið á þingi. Stjórnarandstaðan greip þetta á lofti sem hótun og Einar K. Guðfinnsson vitnaði í barnagælu þegar hann sagði Mörð vera „eins og Lilliputti spilamann sem kjaftar nú frá". Þingmenn mættu vitna oftar í bókmenntir, þá væri skemmtilegra að fylgjast með þeim.



### Fjöltrúarforsetinn

Forsetaembættið hefur af óskiljanlegum ástæðum verið samofið kristinni trú. Nú hefur einn frambjóðandi til forseta stigið skrefið frá þessu, en Ari Trausti Guðmundsson sagðist á Bylgjunni í gær vera efasemdarmaður í trúmálum og virða lífs- og trúarskoðanir og telja þær jafnrétthár. „Á ferðalögum mínum hef ég færst á þá skoðun að kristni sé ekki eina trúin sem er gildandi í alheimssamfélaginu."

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Opið bréf til bæjarstjórans í Kópavogi

Kjaramál
Skafti Þ. Halldórsson
deildarstjóri eldri deildar Álfhólsskóla



Ágæti bæjarstjóri Kópavogs, Ármann Kr. Ólafsson.

Ég vil þakka þér fyrir kveðjurnar sem þú sendir okkur skólamönnum undir þinni stjórn í tilefni af því að þú fékkst 23% launahækkun. Þú orðaðir það raunar svo og réttlættir þessa launahækkun með eftirfarandi orðum í DV þann 10. júní:

„Við skárum niður alls konar lúxus, sameinuðum skóla til dæmis og hagræddum á ýmsan hátt – ég man þetta ekki alveg akkúrat núna enda á leiðinni í flug."

Með öðrum orðum; sameining skólans míns fyrrverandi, Digranesskóla, og Hjallaskóla í Álfhólsskóla er réttlæting þess að þú eigir rétt á 23% launaleiðréttingu, svo að nú hefur þú eina og hálfa milljón í laun. Það vill svo til að ég vann að þessari sameiningu ásamt með öðru starfsfólki Álfhólsskóla. Ég varð aldrei var við viðveru þína í því ferli.

Ég stóð aftur á móti í því streði og stend enn.

Í Digranesskóla var ég deildarstjóri í deild þar sem voru 130 nemendur og 15 kennarar. Nú stýri ég deild í Álfhólsskóla þar sem eru 450 nemendur og í kringum 50 kennarar. Ég mæti upp úr klukkan 7.30 á morgnana og fer þegar ég get ekki meira. Ég fæ sjaldan kaffitíma og borða oftast nær á hlaupum. Ég sinni nú starfi sem fjórir stjórnendur sinntu áður. Ef til vill var það ofmannað og vel í lagt – lúxus eins og þú segir í blaðinu, fitan sem skorin var í burtu.

Við þessa aukningu á starfi jukust laun mín að ég held um tvo launaflokka, u.þ.b. 6%. Ég næ samt engan veginn þriðjungi þinna launa. Þar vantar tölu-vert upp á.

Ég tel því að ég hafi verið verulega hlunnfarinn í þessari sameiningu og vil þess vegna fá þessa 23% launahækkun á þínum launakjörum því að þú vannst ekki fyrir henni heldur ég.

Ef þú treystir þér ekki til þess að láta mig fá launahækkunina þína eða koma fram með aðra og síður móðgandi réttlætingu á henni hvet ég til að þú kallir mig á þinn fund þegar þú ert lentur og segir við mig þessi fleygu orð:

Þú ert drekinn!

Því sannarlega er ég og aðrir stjórnendur Álfhólsskóla drekinn sem dregur þann vagn sem þú réttlætir launaleiðréttingu þína með. Svo má líka misskilja þessi orð. Eða láta þau hafa aðra merkingu og mundi ég ekki sýta það.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Utan hrings og innan

Í DAG
Jón Ormur Halldórsson
dósent



Davíð Oddsson, þá forsætisráðherra, benti á það á sínum tíma að erfitt væri fyrir Íslendinga að ganga í ESB þó ekki væri nema vegna þess að landsmenn gætu ekki vitað í hvers konar samband þeir væru að ganga. Á þeim tíma sýndist ESB stöðugra en það gerir nú og því var athugasemdin bæði skörp og þörf. Óvissan um framtíðarskipan ESB hefur stórlega aukist síðustu mánuði.

### Góðar fréttir

Þetta kann að vera hið besta mál fyrir Íslendinga og aðra Evrópumenn en kannski af öðrum ástæðum en fyrst sýnist. Þarfir Evrópuþjóða fyrir samvinnu eru nefnilega ólíkar. Í þeim efnum hafa andstæðingar ESB rétt fyrir sér. Nú virðist sem svo að áhugamenn um Evrópusamvinnu á meginlandi álfunnar hafi komið auga á þetta. Hingað til hafa þeir haft hugann við einhverja endastöð og helst deilt um hvernig allt eigi nákvæmlega að líta út fyrir alla Evrópu í langri framtíð. Þannig er lífið hins vegar ekki og allra síst í þeirri óhemju frjóu, skapandi, fjölbreyttu, ríku og lýðræðislegu álfu sem Evrópa er. ESB er auðvitað tæki en ekki markmið.

### Skopmyndir

Á meðan áhugamenn um Evrópusamvinnu ræddu endastöð samruna í álfunni áttu andstæðingar ESB alltaf erfitt með að gera upp við sig hvort Evrópa væri að hrynja eða verða að miðstýrðu sambandsríki og heimsveldi. Menn hafa líka lent í basli með að finna valdið innan ESB. Í ólíkum löndum hafa menn að auki verið óvissir um hvort þetta sé risasamsæri kapítalisma eða nokkuð hreinn sósíalismi. Í íslenskri umræðu hafa einfaldir furðuheimar ævintýra fengið að njóta sín og orðræðan oft lent utan kallfæris við veruleika.

### Betri spurningar

Umræða um ESB veitir því oft meiri upplýsingar um hugmyndaheim þátttakenda en um veruleika Evrópu. Þetta kann að breytast. Kreppan hefur knúið menn til að ræða aðeins um veruleikann. Menn spyrja nú síður um hvernig endastöð samrunans eigi að líta út og horfa meira á ólíkar þarfir hvers lands fyrir sig. Sem er gott bæði fyrir þá sem lengst vilja ganga og hina sem vilja halda sig sem mest út af fyrir sig.

### Ólíkar þarfir

Það er t.d. ljóst að bresk ríkisstjórn mun aldrei ganga gegn hagsmunum bankamanna í London. Það er skiljanlegt, hundrað þúsund störf eru í húfi. Aðrir Evrópumenn munu hins vegar ekki sætta sig við að hagsmunir banka í London ráði því hvernig eftirliti með bönkum er hagað í Evrópu enda rýkur úr rústum á meginlandinu eftir bruna sem menn rekja til fjármálalegrar frjálshyggju. Því þarf nýja leið og hennar er nú leitað. Mat manna á hagsmunum í öryggismálum, skattamálum og ýmsum greinum félagsmála er líka sumpart ólíkt eftir löndum. Það þarf ekki að vera slæmt. Þótt pólitísk sýn Evrópumanna hafi orðið svipaðri með árunum, og um leið frábrugðnari því sem gerist í öðrum heimsálfum, eru þjóðirnar ólíkar og verða það áfram.

### Flókið en hægt

Það er einkum þrennt sem hindrar þróun ESB í átt til eins konar marghringja bandalags þar sem ríki gætu haft verulegt svigrúm til að ákveða sjálf stöðu sína. Eitt er hugmyndafræði og hún kann að vera að breytast. Annað er að mál skarast. Þátttaka í opnum innri markaði krefst t.d. mikillar samræmingar á mörgum sviðum. Þetta þekkjum við. Það þriðja er að þetta krefst sérstaks stofnanakerfis fyrir hvern valkvæðan málaflokk. Þetta yrði erfitt en diplómatar í Evrópu hafa leyst önnur eins verkefni.

### Ábyrgð með aðild

Þetta yrði vont fyrir þá sem vilja fríðindi en eru áhugalausir um sameiginlega ábyrgð. Eins og Grikkir með evruna eða Bretar með æði margt. Þetta væri um leið lausn á einu alvarlegasta vandamáli ESB, því ábyrgðarleysi sem aðildarríki geta sýnt í skjóli þess að vera óviljugir þátttakendur í erfiðu samstarfi. Þegar stjórnmálamenn 27 landa hafa allir hag af því að sýnast ósveigjanlegir í samstarfi er ekki von á góðu.

### Meðlimir óskast ekki

Þau sannindi rata sjaldan inn í umræðu um ESB að fæstir hafa nokkurn áhuga á fjölgun aðildarríkja. Það eru nánast viðtekin sannindi innan ESB að of mörgum ríkjum hafi þegar verið hleypt inn í sambandið. Þetta er enn skýrara með evruna. Fáum dettur í hug að það hafi verið rétt að bjóða Grikkjum að því borði. Lítill vafi er á því að evran yrði tekin af nokkrum ríkjum ef almenningur í ESB fengi að ráða. Ólíklegt er að stækkanir ESB á síðustu árum hefðu verið samþykktar í þjóðaratkvæði í þáverandi aðildarlöndum ESB. Menn bíða ekki spenntir eftir nýjum ríkjum sem með aðild fá völd í mikilvægustu málum Evrópu.

### Úti og inni

Meiri sveigjanleiki í skipan ESB myndi leysa margan vanda. Stór ríki eins og Þýskaland, Frakkland, Pólland og Spánn, auk nokkurra minni ríkja, gætu þá gengið til mun nánara samstarfs þar sem full ábyrgð fylgdi réttindum. Það gæti gert evruna að lausn í stað vandamáls og hleypt þrótti í efnahag álfunnar. Önnur ríki gætu dregið sig út úr ýmiss konar samstarfi sem þau kæra sig síður um. Vandi við aðild nýrra landa yrði leystur með nokkru vali frá beggja hálfu um hve náið samstarfið yrði í byrjun. Ekkert af þessu mun gerast á morgun. En umræðan er að byrja að breytast svona lausnum í vil.

# Þörf á skýrari stefnu – fyrsti þáttur – leiða þjóðina saman!

Forsetaembættið
Hannes Bjarnason
forsetaframbjóðandi



Eftir viðtal við mig í morgunútvarpi á Rás 2 fyrir nokkru, voru fræðingar fengnir til að rýna í viðtalið. Fram komu nokkrar athugasemdir við framsögu mína og önnur góð gagnrýni. Gagnrýni tel ég af hinu góða því gagnrýni gefur okkur færi á því að sjá og skilja eigin orð og gjörðir í nýju ljósi og þannig öðlast ríkari skilning á eigin hegðun, málflutningi og framkomu. Þakka ég fyrir þau orð sem féllu í minn garð og geri ég nú tilraun til þess að skýra stefnu mína – því nefnt var að ég gæti verið mun skýrari. Fyrst vil ég ræða það hvernig forseti getur og á að stuðla að sátt í samfélaginu.

Sem forseti mun ég leitast við að skapa sátt þar sem skálmöld ríkir, svo framarlega að það sé möguleiki á sáttum. Áfram myndi ég leitast við að byggja upp skilning á mismunandi sjónarmiðum hópa og einstaklinga þannig að af hlytist gagnkvæm virðing milli misleitra hópa í samfélaginu. Þó svo við séum ósammála um bæði menn og málefni þá eru andmælendur okkar ekki bjánar bara af því að þeir hafa aðrar skoðanir. Því miður virðist andinn í þjóðfélaginu vera svolítið þannig að ef þú ert ekki sammála mér þá ert þú bara bjáni. Það vantar rökræðuna.

Þessa þróun í samfélaginu verðum við stöðva og snúa við. Þar er ekki nóg að forseti komi þar einn að verki – öll verðum við að leggja hönd á plóg og snúa þessari þróun hægt og rólega. Við þurfum svo sannarlega að fá fram mismunandi sjónarmið inn í samfélagsumræðuna svo við getum séð mál frá sem flestum hliðum og tekið upplýstar ákvarðanir. Þess vegna vil ég sem forseti taka mér það hlutverk að vinna að sátt hjá þjóðinni, virðingu og umburðarlyndi fyrir sjónarmiðum hvert annars. Það gerist oft eitthvað á milli fólks þegar það hittist, stendur augliti til augliti og verður að standa við það sem það segir. Þess vegna vil ég byggja upp og skapa skilning milli hópa gegnum fundi. Fundi þar sem fólk getur rætt saman, látið í ljós skoðanir sínar og ekki minnst hlustað hvert á annað. Misleitir hópar verða að tala saman í umgjörð sem leyfir hispurslausa og opinskáa umræðu, í umhverfi þar sem fólk getur látið gamminn geisa og talað út um hlutina. Það er lykilatriði að þeim aðila sem fer með fundarstjórnun sé treystandi og hann njóti virðingar. Ekki bara virðingar vegna þess að viðkomandi er forseti heldur vegna þess að hann hefur persónuleika þar sem siðferði, réttsýni, heiðarleiki og einlægni eru ríkjandi. Í slíku starfi skipta hæfileikar viðkomandi til að hlusta á fólk miklu máli.

Í framhaldi af ofangreindu tel ég mikilvægt að undirstrika grundvallarmun á nokkrum af okkur forsetaframbjóðendunum. Mörg okkar vilja nálgast starf sáttasemjara út frá eins konar skilgreiningu á hlutleysi sem byggist á því að sáttasemjari eigi ekki að hafa skoðanir á hlutum. Þannig persóna eigi helst ekki að segja hvað henni finnst og alls ekki um pólitísk ágreiningsmál. Bara á þann hátt geti persóna tekið að sér hlutverk sáttasemjara.

Þessu er ég algjörlega mótfallinn. Sáttasemjari á að segja hug sinn í öllum þeim málefnum sem hann er spurður um. Sáttasemjari á að koma til dyranna eins og hann er klæddur. Þetta er grundvallaratriði þegar kemur að því að leiða fólk saman, því allir verða að vita hvað þeir sem sitja við borðið hafa með sér í farteskinu. Það er reynsla af mörgum verkefnum sem ég hef stjórnað að þegar fólk gerir ekki hreint fyrir sínum dyrum þá er ómögulegt að komast upp á hjalla þar sem traust ríkir. Og ef það tekst ekki að skapa traust við sáttaborðið þá er illfært að ná fram sáttum.

Forseti getur haft skoðanir á pólitískum málum og á að greina frá skoðunum sínum. Bara þannig getur hann komið hreint og beint fram. Að því sögðu þá verður forseti, sem tekur að sér hlutverk sáttasemjara, að hafa það sterka siðferðiskennd og vera svo staðfastur að hann falli ekki í þá gryfju að fara að vinna á bak við tjöldin til að hafa áhrif á pólitísk deilumál.

Sem forseti íslensku þjóðarinnar mun ég með öðrum orðum vinna að sátt, samlyndi og umburðarlyndi fólks og hópa á milli með beinum afskiptum gegnum fundarhöld og viðtöl.



# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝ

Coca-Cola

SVALANDI GOSDRYKKIR Í 330 ML BAUKUM



**79** KR. DÓSIN

**79** KR. BAUKURINN



**259** KR. 280 GR

BBQ SYKURPÚÐAR / MARSHMALLOWS

BÓNUS KLEINUHRINGIR 2 STK.
MEÐ SÚKKULAÐI EÐA KARAMELLU



**198** KR. 2 STK.



TE & KAFFI

NÝ PAKKAÐ 400 GR
**SUMARKAFFI**
BAUNIR EÐA NÝMALAÐ

**759 KR.**



**998** KR. 760 GR

BÓNUS GULRÓTARKAKA



**698** KR. 6 LTR

COCA COLA 4 X 1.5 LTR.



**198** KR. 2 LTR.

APPELSÍN LÍKA SYKURLAUST

20 ÞÚSUN DÓSIR
Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI

EUROSHOPPER 250 ML.
**ORKU-DRYKKUR**
ENERGYDRINK / SUGAR FREE



**69** kr.dósin

ÍSLENSKUR FÁNI
**98 kr. stk**





RISASTÓR SNUÐ
**198 KR.STK**



CANDYFLOSS 20 GR
**98 KR.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL




**1379** KR. KG

KJARNAFÆÐI **FERSKT EINIBERJAKRYDDAÐ LAMBALÆRI**

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS




**798** KR. KG

## FROSINN LAMBABÓGUR

200 KR. VERÐLÆKKUN PR.KG.

**FRÁBÆR UPPSKRIFT: MATREIÐSLA Á LAMBAÓG Á HEIMASÍÐU BÓNUS/UPPSKRIFTIR** HTTP://WWW.BONUS.IS/UPPSKRIFT/LAMBABOGUR/




**1495** KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM**




**1495** KR. KG

BRAGÐ FRÁ ÍTALÍU
**SS KRYDDAÐ LAMBALÆRI**

KJARNAFÆÐI

## KOFAREYKT
BEINT AÐ NORÐAN




**1798** KR. KG

**2598** KR. KG

KOFAREYKTUR ÚRBEINAÐUR HANGIFRAMPARTUR **1798 KR.KG**
KOFAREYKT ÚRBEINAÐ HANGILÆRI **2598 KR.KG.**



FRYSTI VARA

**2798** KR.KG

**DANSKT FROSIÐ NAUTARIBEYE**



**3598** KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSIÐ LAMBAFILLET**



**295** KR.KG

**KS FROSIN LAMBASVIÐ**



FRYSTI VARA

**3998** KR.KG

**ÞÝSK FROSIN NAUTALUND**

**AFGREIÐSLUTÍMI Í ÞESSARI VIKU**

LAUGARDAGUR 16.JÚNI
**10.00-19.00**

SUNNUDAGUR 17.JÚNI
**12.00-18.00**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# Flikkað upp á Fasteign?

Fjármál

Guðbrandur Einarsson

íbúi í Reykjanesbæ



Þann 4. júní sl. sendi Eignarhaldsfélagið Fasteign hf. frá sér fréttatilkynningu vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar félagsins. Samkvæmt fundargerðum Reykjanesbæjar var þetta mál á dagskrá bæjarráðs þann 18. maí sl. og hlaut þar samþykki allra bæjarráðsmanna sem eru fulltrúar þriggja stjórnmálaflokka (Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar og Framsóknarflokks). Haft er eftir Árna Sigfússyni, stjórnarformanni Fasteignar hf. og bæjarstjóra Reykjanesbæjar, á vef Víkurfrétta að sveitarfélögin sem stærstu eigendur hafi náð fram öllum sínum samningsmarkmiðum.

Ekki er á nokkurn hátt hægt að lesa út úr þessari fréttatilkynningu eða bókun bæjarráðs frá 18. maí hvaða áhrif þessi meinta endurskipulagning hefur á fjárhag Reykjanesbæjar til lengri eða skemmri tíma. Notað er orðalag eins og ásættanleg niðurstaða, veruleg lækkun og óvissu eytt, svo að eitthvað sé nefnt.

Fyrir mig sem íbúa, vekur þetta upp fleiri spurningar en ég fæ svarað.

Ætla ég þess vegna að leyfa mér að setja hér fram nokkrar spurningar sem ég fer fram á að kjörnir fulltrúar svari. Vænti ég þess að þeir hafi svör við þessum spurningum á reiðum höndum, þar sem ég geri ráð fyrir að þeir hafi byggt ákvörðun sína á svipuðum vangaveltum og ég set hér fram.

> Það skiptir líka máli að ekki þurfi að koma til verulegra afskrifta á fjármunum sveitarfélaga vegna illa ígrundaðra ákvarðana kjörinna fulltrúa. Það sýnist mér vera að eiga sér stað í tilfelli Fasteignar.

Eignarhaldsfélagið Fasteign hf. var stofnað á árinu 2003. Innborgað hlutafé Reykjanesbæjar var á þeim tíma rúmar 500 milljónir.

1. Hvað er þetta hlutafé metið á núvirði?

2. Hvað verður um þetta hlutafé í þeirri endurskipulagningu Fasteignar sem nú fer fram?

3. Hversu háa fjárhæð þarf að afskrifa í bókum Reykjanesbæjar vegna þessarar endurskipulagningar?

4. Hvað á Reykjanesbær stóran hlut í nýrri Fasteign í prósentum talið og hvers virði er hann?

5. Mun Reykjanesbær þurfa að leggja til fjármuni til kaupa á hlutafé í nýrri Fasteign?

Skv. fréttatilkynningu verður Eignarhaldsfélagið Fasteign í eigu níu sveitarfélaga ásamt Arion Banka. Gamla Fasteign var m.a. í eigu Íslandsbanka eða forvera hans.

6. Hver er ástæða þess að ný fjármálastofnun kemur að rekstri Fasteignar?

Skv. fréttatilkynningu verður nýja Fasteign hreint leigufélag, þ.e. mun ekki sjá um viðhald eignanna eins og hingað til hefur viðgengist. Viðhaldið og rekstur fasteignanna mun því alfarið lenda á Reykjanesbæ. Viðhald eigna er auðvitað mismunandi eftir ástandi þeirra og aldri en hægt er að gera sér grein fyrir einhverjum meðaltalskostnaði með því að skoða heildarkostnað viðhalds yfir eitthvert tiltekið árabil.

7. Hver hefur árlegur viðhaldskostnaður Fasteignar hf. verið að meðaltali vegna þeirra eigna sem Reykjanesbær hefur leigt af félaginu, frá þeim tíma sem Fasteign hf. var stofnað?

8. Hvað getur Reykjanesbær reiknað með að þurfa að eyða í viðhald og rekstur fasteignanna?

Svar óskast sem prósentuhlutfall af virði fasteignanna.

Í fréttatilkynningu er greint frá því að gert sé ráð fyrir að leigugreiðslur lækki um og yfir 50% fyrstu árin frá því sem nú er.

9. Hversu lengi er gert ráð fyrir að þetta lækkunarástand vari?

10. Hver verður árleg húsaleiga til Fasteignar á meðan lækkunarástand varir?

11. Hvað tekur við eftir að lækkunarástandi lýkur?

Í fréttatilkynningu er sagt frá því að leigutakar eigi þess kost að kaupa leigueignir á mun hagstæðara verði en núverandi samningar gera ráð fyrir. Það gefur leigutökum mikið svigrúm er varðar endurfjármögnun og endurskipulagningu á þeirra eigin fjárhag.

12. Við hvaða mikla svigrúm er átt?

13. Hafa kjörnir fulltrúar í bæjarstjórn Reykjanesbæjar látið skoða þetta mikla svigrúm og velt því fyrir sér hvort nýta megi það til hagsbóta fyrir íbúa Reykjanesbæjar?

Sagt er í fréttatilkynningu að leigan muni þó fylgja kostnaði félagsins og geti því tekið breytingum verði breytingar á ytri aðstæðum.

14. Óskað er eftir sundurliðun á því hvaða kostnaður verður lagður til grundvallar húsaleigu, þannig að hver kostnaðarþáttur verði sýndur sem prósenta af virði eigna.

Vegna þess að rekstur fasteigna er svo stór þáttur í rekstrarkostnaði sveitarfélaga skiptir máli að þeim fjármunum sé varið eins vel eins og kostur er.

Það skiptir líka máli að ekki þurfi að koma til verulegra afskrifta á fjármunum sveitarfélaga vegna illa ígrundaðra ákvarðana kjörinna fulltrúa. Það sýnist mér vera að eiga sér stað í tilfelli Fasteignar. Það hlýtur því að vera réttmæt krafa að kjörnir fulltrúar geri íbúum grein fyrir þeim ákvörðunum sem þeir taka og varða íbúa miklu. Ekkert hefur birst opinberlega um þetta mál annað en fréttatilkynning frá Fasteign hf. og tilvitnanir í þann aðila sem býr við það hlutskipti að sitja beggja vegna borðs í málinu.



# Metanól í bensín – markaðssetning tréspíra á Íslandi

Orkugjafar
Hjalti Andrason
líffræðingur



Þann 12. apríl sl. var metanólverksmiðja Carbon Recycling International (CRI) í Svartsengi formlega opnuð. Stuttu áður birtist frétt í Morgunblaðinu undir yfirskriftinni „Metanól gæti komið í stað bensíns á Íslandi“ þar sem rætt er við framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar CRI sem segir að það séu „engin mikil ljón í veginum“ fyrir að reisa nýja metanólverksmiðju á höfuðborgarsvæðinu.

Metanól, betur þekkt sem tréspíri, berst inn í mannslíkamann við neyslu, snertingu eða innöndun þar sem það veldur skæðum eituráhrifum. Neysla á 0,01 lítrum af metanóli veldur varanlegri blindu í fólki og eins lítið og 0,03 lítrar getur valdið dauða. Vegna þessarar heilsuhættu kveða Evrópureglur á um að hámarksmagn metanóls í bensíni sé innan við 3%. Þrátt fyrir þetta stefnir CRI á að framleiða 50.000.000 lítra af metanóli á ári í nýju verksmiðjunni. Jafnframt hefur fyrirtækið ítrekað verið með yfirlýsingar um að metanólvæða bílaflota Íslands með allt að 75% metanólblöndu. Er sem sagt búið að tryggja að þessar 50 milljónir lítra á ári, auk þeirrar framleiðslu sem nú þegar er hafin í Svartsengi, muni ekki komast í snertingu við fólk og eru lýðheilsusjónarmið ekki ljón í veginum?

### Einhliða markaðssetning

Carbon Recycling International hefur alfarið sneitt fram hjá umræðu um eituráhrif metanóls í kynningarstarfi sínu. Þess í stað er umhverfissjónarmiðum flaggað og tréspírinn markaðssettur sem „vistvænt metanól“. Nafnavalið er skiljanlegt. Metanól hljómar líkt öðrum umhverfisvænum orkugjöfum, þ.e.a.s. metan og etanól og ruglar fólk þessum orkugjöfum gjarnan saman. Ekki láta blekkjast, við drekkum etanól þegar við neytum áfengis og myndum metan í meltingarvegi okkar á meðan hálft staup af metanóli veldur nægilega miklum taugaskemmdum til að blinda fullvaxinn mann.

### Mótrök framleiðanda

Undirritaður hefur áður fjallað um eðli metanóls, áhrif, takmarkaða notkun þess á heimsvísu og ástæður í greinaskrifum sínum í Fréttablaðinu 17. og 26. nóvember. Helstu mótrök sem bárust frá CRI voru þau að bensín innihaldi ýmis skaðleg efni og að „við umgöngumst eldsneyti daglega án þess að bera skaða af“.

Þessi fullyrðing er einkennandi fyrir óábyrga markaðssetningu fyrirtækisins. Það er rétt að í bensíni er að finna ýmis skaðleg efni. Áður fyrr innihélt það blý og inniheldur m.a. efnið bensen sem er hættulegt krabbameinsvaldandi efni. Langt er síðan bensín varð blýlaust og hefur magn bensens í bensíni lækkað úr >5% í u.þ.b. 1% í flestum bensínblöndum í dag. Staðreyndin er sú að undanfarna áratugi hefur þróunin verið á þá leið að minnka magn heilsuspillandi efna í bensíni. Carbon Recycling International er greinilega með aðrar hugmyndir.

### Liðkun regluverks

Til þess að standa vörð um lífsgæði og heilsu, hafa víðtækar regluverksbreytingar farið fram undanfarna áratugi í Evrópu og víðar sem gagngert takmarka magn skaðlegra efna í bensíni. Tréspíri (metanól) er eitt slíkt efni og þess vegna eru reglugerðir sem kveða á um hámarksmagn þess, sem er mjög lágt (<3%). Í fyrstu ætlar CRI að blanda metanóli í bensín á Íslandi sem nemur þessu hámarki.

Skv. öðrum reglum ESB eru settar takmarkanir á heildarmagn eiturefna í bensíni á sumarmánuðum, þegar uppgufun þeirra er hvað mest. Þessa tilskipun er verið að innleiða á Íslandi en fyrirhuguð íblöndun metanóls í 3% styrk brýtur í bága við hana. Með íblönduninni fer heildarmagn hættulegra efna í bensíni yfir þessi mörk. Nú er til skoðunar innan umhverfisráðuneytisins að breyta þessum reglum og auka leyfilegt hámark þessara efna.

Metanól hljómar líkt öðrum umhverfisvænum orkugjöfum, þ.e.a.s. metan og etanól og ruglar fólk þessum orkugjöfum gjarnan saman.

### Hvað vilja Íslendingar?

Þetta vekur upp ýmsar spurningar. Er þetta eingöngu til þess fallið að liðka fyrir íblöndun metanóls og stuðla að auknu magni eiturefna í bensíni þvert gegn þróuninni undanfarna áratugi? Er hér verið að tefla með heilsu landsmanna í tilraunaskyni og er þetta það sem við viljum? Vega umhverfissjónarmið þyngra en lýðheilsusjónarmið í þessu samhengi eða er hér verið að fara úr öskunni í eldinn?

### Aðkoma heilbrigðisyfirvalda?

Eitt er ljóst, yfirlýsingar Carbon Recycling International eru algjörlega úr takti við lýðheilsusjónarmið og reglur þar að lútandi. Allt tal þeirra um að metanól taki við af jarðolíu er óábyrgt svo ekki sé meira sagt. Tímabært er að heilbrigðisyfirvöld hafi afskipti af þessum áformum til að stemma stigu við þeirri einhliða markaðssetningu sem hér hefur átt sér stað út frá umhverfissjónarmiðum eingöngu. Til eru aðrir umhverfisvænir orkugjafar s.s. rafmagn, metan og etanól sem ekki krefjast sérstakrar meðhöndlunar skv. Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni vegna eituráhrifa sinna á fólk. Annað er að segja um metanól.



ÓDÝRASTI ÍSINN Í BÓNUS










BÓNUS

Á ÞRIÐJA HUNDRAÐ EURO SHOPPER VÖRUTEGUNDIR Í BOÐI


# Lögleiðing siðleysis

Dýravernd


Óskar H. Valtýsson
neytandi og félagi í Dýraverndarsambandi Íslands




Undanfarin ár hefur verið unnið að endurskoðun gildandi laga um dýravernd. Áhugasamir um bætta og siðlega meðferð dýra, ekki síst eldisdýra, hafa gert sér vonir um að ný og endurskoðuð lög bönnuðu alfarið kvalafulla og hrottafengna meðferð þeirra en nú er starfsmönnum eldisbúa heimilt að framkvæma þjáningarfullar aðgerðir á eldisdýrum án deyfingar eða annarrar kvalastillandi meðferðar.

Rökin fyrir þessu siðlausa háttalagi eru að fram að tilteknum aldri sé tilfinninga- og sársaukaskyn dýranna það vanþroskað að slíkar aðgerðir valdi þeim ekki ama svo sennilega sem það kann að hljóma. Nú má t.d. klippa í sundur tennur og hala grísa deyfingarlaust og gelda unggelti á sama máta allt að viku gamla. Þessi mörk gætu allt eins verið tvær vikur eða fimm, jafnvel þrír mánuðir, allt eftir því hvað hentaði eldisiðnaðinum.

Þeir sem purkunarlaust réttlæta siðlausa og ólíðandi meðferð dýra halda því iðulega fram að þeir sem andmæli henni þekki ekki „lífsins gang“. Það er nokkuð til í því enda leggur iðnaðurinn mikla áherslu á að sannleikanum um skelfilegan aðbúnað og meðferð eldisdýra sé haldið frá almenningi. Verksmiðjubúin, gluggalaus óskapnaðurinn, eru falin bak við grjótgarða og kyrfilega lokuð óviðkomandi. Myndatökur óheimilar.

Íslenskum neytendum gafst nýverið sjaldgæft færi á að komast nær sannleikanum um „lífsins gang“ því í sjónvarpi var sýndur nokkurra ára gamall matreiðsluþáttur þar sem stjörnukokkurinn Jamie Oliver hvetur breska neytendur til að auka viðskipti sín við þarlenda framleiðendur svínaafurða. Jamie vildi kynna áhorfendum lífshlaup gríss frá goti til gaffals eins og hann orði það. Meðal þess sem bauðst að horfa á og ekki síður að heyra, var deyfingarlaus gelding unggaltar. Aðgerðin var langdregin og óhugguleg. Beitt var hnífi og prjóni til að skrapa út eistu og vefi úr kvið galtarins ólánssama. Kvalastríð og þjáningavein dýrsins munu seint líða þeim úr minni sem urðu vitni að óþverraskapnum.

Það ætti hverjum þeim sem á horfði að vera ljóst hve skefjalaus illmennska, grimmd og heimska er að fara svona með bjargarlausa vesalingana og réttlæta það með því að verið sé að taka tillit til bragðsmekks neytenda og aðhalds í kostnaði. Það vakna óneitanlega upp spurningar varðandi það hvort mannskepnunni sé ekkert heilagt og hvort bregða megi mælistiku arðsemi á hvaðeina en láta mannúð og manngildi reka á reiðanum. Ef þessar aðferðir valda aligeltinum litlum ama, eins og talsmenn iðnaðarins vilja halda fram, hvers vegna skyldi þeim þá ekki vera beitt þegar heimilisdýr eiga í hlut, t.d. hundar og kettir? Eigendurnir gætu þá jafnvel sjálfir gert aðgerðir á dýrunum og á þann hátt sparað sér læknis- og lyfjakostnað.

> Kvalastríð og þjáningavein dýrsins munu seint líða þeim úr minni sem urðu vitni að óþverraskapnum.

Þegar nýtt frumvarp til laga um velferð dýra er skoðað má sjá að ráðherra málaflokksins ásamt ráðgefandi nefnd, að hluta til skipaðri dýralæknum, hefur látið undan þrýstingi hagsmunaaðila um að fá að halda deyfingarlausa hrottaskapnum til streitu. Þetta er gert þrátt fyrir að markmið laganna sé að dýrin „séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur“. Þannig er í lögum sem veita eiga dýrum vernd gegn illri meðferð veitt heimild til að beita þau óbærilegu kvalræði til þess eins að þjóna arðsemissjónarmiðum framleiðenda og neytenda. Það er siðferðisleg skylda löggjafans að gera lög um dýravelferð þannig úr garði að þau banni fortakslaust og á afgerandi hátt alla illa meðferð dýra. Hér er ekki einungis um að ræða spurningar um dýravernd heldur er um að ræða fjölmörg og knýjandi siðferðisleg álitaefni.

Að misþyrma dýrum á skipulegan hátt í ágóðaskyni og vegna þess að þau geta ekki varið sig eða eiga sér ekki málsvara, er lítilmannlegt og siðlaust og ekki samboðið íslensku samfélagi. Það er því nöturleg tilhugsun að í allsnægtasamfélaginu verði þjáningarfull hrottameðferð eldisdýra varin í lögum til frambúðar. Það að stjórnmálamenn sem um véla láti sér lynda að bjargarlaus dýr, sem alfarið eru háð náð og miskunn þeirra sem með þau fara, séu kvalin og pínd að þarflausu, einungis til að þjóna hagsmunum framleiðenda og neytenda er ósvinna. Framleiðendur fela síðan ósómann og þeir neytendur sem þekkja „lífsins gang“ líta undan og þegja.

Það er að sönnu tilefni til að Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands rannsaki þau samfélagslegu viðhorf sem liggja að baki ákvörðunum eins og þeim að verja með lögum níðingsskap gagnvart varnarlausum dýrum sem eiga sér enga undankomuleið því þau eru svo ólánssöm að verða manninum samferða á skammri lífsleið.

# Vega tillögur stjórnlagaráðs að hagkvæmni í útgerð?

Sjávarútvegsmál


Þorkell Helgason
sat í stjórnlagaráði




Að mati flestra hefur ekki fundist betra fyrirkomulag við fiskveiðistjórnun en aflamarkskerfi þar sem aflaheimild hvers skips er á hreinu en ríkið skiptir sér að öðru leyti sem minnst af veiðunum svo sem því hvort heimildirnar skipti um hendur eða ekki. Frjálst framsal aflaheimilda er lykilatriði í því að ná sem mestri hagkvæmni í sjávarútveginum. En einn hængur er á þessu fyrirkomulagi sem hefði átt að taka á strax í upphafi. Það er hin upphaflega útdeiling á kvótunum og að auðlindarentan skuli ekki nema að óverulegu leyti skila sér til eigenda auðlindarinnar, sem að mati flestra er þjóðin öll. Þetta er það atriði sem er meginorsök úlfúðar um fiskveiðistjórnunina.

**Ganga þarf beint til verks**

Í stað þess að taka beint á þessum vanda hefur regluverkið um veiðarnar orðið æ flóknara og er uppfullt af sérákvæðum, takmörkunum og hindrunum. Nú eru uppi á borðinu stjórnarfrumvörp sem virðast vera af þessu tagi. Það getur ekki verið leiðin til að sætta þjóðina að auðlindaarðurinn hverfi í óhagkvæmum útgerðarháttum.

Undirritaður hefur tekið þátt í vinnu og umræðu um þessi mál allt frá upphafi kvótakerfisins 1983 og hefur verið í hópi þeirra sem hafa um áratugaskeið mælt með markaðsleið til lausnar úr þessari úlfakreppu. Leiðin felst í því að útgerðin taki kvótana á leigu á því verði sem hún er fús til að greiða; við því markaðsverði sem fengist með uppboðum, ekki einhverju verði sem stjórnmálamenn ákvarða. En sérhver breyting verður að hafa sanngjarna aðlögun sem best felst í því að núgildandi réttur fyrnist smám saman. Það undarlega er að ætlaðir talsmenn frjálsra viðskipta og markaðslausna eru helstu andstæðingar þessarar hugmyndar, með undantekningum þó. Pétur H. Blöndal alþm. hefur nú sem og fyrr lagt fram frv. í þessa veru.

**Hvað vill stjórnlagaráð?**

Stjórnlagaráð tók á þessum útdeilingar- og arðsvanda, eins og því bar að gera. Ráðið fjallar um nýtingu takmarkaðra auðlinda í þjóðareigu í 34. gr. frv. síns. Þar segir að fyrir hagnýtinguna eigi að greiða „fullt gjald“, sem er orðalag sótt í ákvæði núgildandi stjórnarskrár um eignarnám. Jafnframt er tilskilið að nýtingarrétturinn skuli veittur á „jafnræðisgrundvelli“. Fyrirkomulag uppboða með fyrningaraðlögun fellur vel að þessum ákvæðum. Aðlögun er að vísu ekki beinlínis tilgreind í tillögugreininni en liggur í hlutarins eðli. Sé hún ekki strax viðhöfð í löggjöf til fyllingar stjórnarskrárákvæðinu, sem væri hið skynsamlega, er viðbúið að dómstólar myndu kveða upp úr um hana. Sé byggt á fyrningu þarf í þessu skyni að ákveða fyrningarhlutfall sem er t.d. 2,5% í frv. Péturs H. Blöndals. Það merkir að með aðlöguninni fá núverandi kvótahafar að halda um helmingi af núvirði auðlindaarðsins um alla framtíð. Í útfærslu sem við Jón Steinsson unnum fyrir sáttanefndina svokölluðu var hlutfallið jafngildi 5% sem svarar til þess að um þrír fjórðuhlutar arðsins renni til þjóðarinnar. Að auki ber að hafa í huga að ýmsar leiðir geta rúmast innan ráðgerðs stjórnarskrárákvæðis aðrar en uppboðs- og fyrningarleiðin.

**Stjórnlagaráð leggur ekki á ráðin um fiskveiðistjórnun**

Tilefni þessara skrifa eru orð hins virta pistlahöfundar Þorsteins Pálssonar laugardaginn 9. júní hér í blaðinu þar sem hann segir „[A]fleiðingin [af nýju stjórnarskránni] er þá sú að útilokað verður um alla framtíð að reka sjávarútveg á Íslandi með hagkvæmasta hætti.“ Þessari sterku fullyrðingu verður að andmæla. Tillögur stjórnlagaráðs fjalla einvörðungu um útdeilinguna og skiptingu arðsins. Þær segja ekkert um fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar að öðru leyti. Það hefur margoft komið fram hjá hagfræðingum að markaðsákvarðað veiðigjald ásamt vissri opnun fyrir nýliða með fyrningarákvæðinu myndi fremur en ekki auka heildararðsemi greinarinnar þegar til lengdar er litið. Þá býður fyrirkomulagið ekki þeirri hættu heim, sem pólitískt ákvarðað veiðigjald gerir, að veiðar verði ekki stundaðar í fullum mæli. Löggjöf um skipulag fiskveiða sem leitt getur til óskilvirkrar ráðgerðar verður ekki réttlætt með tillögum stjórnlagaráðs. Slíkt væri engan veginn á ábyrgð ráðsins. Tillögur stjórnlagaráðs vega ekki að hagkvæmni í útgerð, heldur þvert á móti.

TILBOÐ

IBTGCAI2802
## TOPPLYKLASETT 28 STK.
1/2"
Toppar 4 - 32 mm
Sterk plasttaska
Framlenging með LED ljósi



**9.900** m/vsk
Fullt verð 14.900

IBTJGAI4001
## SNITTTAPPA OG BAKKASETT 40 STK.
3 - 12mm



**9.900** m/vsk
Frábært verð

IBTGCAI130B
## VERKFÆRASETT 130 STK.
Toppar, lyklar og bitar

TILBOÐ



**26.900** m/vsk
Fullt verð 37.900

IBTGCAI9402
## TOPPLYKLA OG BITASETT 94 STK.
Toppar og bitar



**16.900** m/vsk
Fullt verð 28.007

IBTGCAI6001
## TOPPLYKLA OG BITASETT 60 STK.



**11.900** m/vsk
Fullt verð 16.900

IBTGAAI0605
## SKÓTÖNG 5 STK.
5 skiptanlegir kjaftar fylgja



**9.900** m/vsk
Fullt verð 14.668

IBTGCAI106B
## VERKFÆRASETT 106 STK.
Toppar, lyklar og bitar

TILBOÐ



**23.900** m/vsk
Fullt verð 31.433

IBTGAAI5801
## SKRÚFJÁRNS, OG BITASETT 58 STK.



**11.900** m/vsk
Fullt verð 14.038



IBTGDAI2701

40.218 KR
KAUPAUKI
LOFTLYKLASETT 1/2" FYLGIR



**299.900** m/vsk
Fullt verð 349.490

IBTGT-36001

## VERKFÆRAVAGN JUMBO - 360 STK.
8 Skúffur

## VERKFÆRAVAGN 7 SKÚFFUR - 283 STK.

1/4", 3/8" og 1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og skrúfjárn, djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett, slaghamar, splittatangir, tangir, bitar og fl.
Sterkur vagn með lás






**179.900** m/vsk
Fullt verð 231.490

IBTGT-28305

# Sátt eða sundrung

Stjórnmál



Reynir Erlingsson
löggiltur fasteignasali

Ég horfi á sundraða þjóð, meira sundraða en nokkurn tíma fyrr. Nánast hvar og hvert sem litið er eru erjur. Það er þyngra en tárum taki að örþjóð sem ekki telur nema rétt rúmlega 300 þúsund manns skuli ekki geta gert betur en raun ber vitni: Fjármálaöfl eru í átökum við skuldara, lífeyrisþegar við lífeyrissjóði, stjórnarliðar við stjórnarandstöðu, flokksbræður berjast, allir kæra alla ýmist fyrir meiðyrði eða annað og margs konar skaðabótamál eru viðhöfð. Ungt fólk flýr land og hafa fólksflutningar ekki mælst jafnmiklir í langan tíma, ef nokkurn tíma áður. Skattar hækka á meðan skattgreiðendum fækkar. Lífeyrissjóðir eiga ekki fyrir skuldbindingum á meðan lífeyrisþegum fjölgar. Heibrigðisþjónusta er skorin niður á meðan kröfur aukast um hið gagnstæða og læknum og sérfræðingum í heilbrigðikerfinu fækkar. Samhliða þessu fjölgar glæpum og ofbeldi.

> Þjóðstjórn eða utanþingsstjórn er eina raunhæfa leiðin eins og málið blasir við mér. Það þarf að ná þjóðarsátt. Það er forgangsmál og lykilatriði til að Ísland nái vopnum sínum.

Hér er aðeins tæpt á örfáum augljósum atriðum sem hrjá okkur Íslendinga þessa stundina og blasa við daglega allt um kring. Undantekning er ef boðið er upp á jákvæðar fréttir í fjölmiðlum sem staðfestir andrúmsloftið í þjóðfélaginu.

Ísland er stórkostlegt og fallegt land hvert sem litið er með miklar auðlindir, bæði til sjós og lands auk mannauðs. Er þjóðin að missa sjónar á þessu? Íslendingar hafa í gegnum tíðina haft þrek og þor til að takast á við hindranir og mótlæti og sigrast á ágjöfum. Það eru ekki mörg ár síðan við vorum í stríði við stórveldi og lögðum Breta að velli með því að verja auðlindir okkar úti fyrir ströndum landsins. Þá stóð öll þjóðin saman. Nú er því öðruvísi farið. Við erum í stríði innbyrðis, við okkur sjálf. Út af hverju? Einhverju sem við sjálf höfum kallað yfir okkur!

### Hvar stöndum við um þessar mundir?

Sundruð þjóð! Þeir sem hér stjórna njóta ekki trausts. Hvort sem um er að ræða ríkisstjórn, löggjafann, eftirlitsstofnanir, embættismannakerfið eða fjármálastofnanir. Þetta vantraust breiðist út og smitar allt samfélagið sem aftur leiðir til óöryggis, vansældar og vanlíðan manna. Fólk er orðið örvæntingarfullt. Fleiri og fleiri gefast upp og missa trúna.

Hér heyrast raddir um alþingiskosningar. Nýtt fólk og ný stjórnmálaöfl verða að komast að og leysa málin segja margir. Verður það til bóta? Ég held ekki og hef enga trú á því. Það er skammgóður vermir og breytir engu að efna til kosninga og e.t.v. hnika þannig til hlutföllum stjórnmálaafla á Alþingi Íslendinga.

### Hvað er til ráða?

Við höfum möguleika á þjóðstjórn eða utanþingsstjórn sem hugsanlegu úrræði. Þjóðstjórn merkir samstjórn allra eða flestra stjórnmálaflokka á Alþingi. Þjóðstjórn hefur einu sinni verið mynduð á Íslandi (1939-42). Sú stjórn var samsteypustjórn Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks sem naut stuðnings Bændaflokks. Utanþingsstjórn er ríkisstjórn skipuð mönnum sem sitja ekki á Alþingi. Þannig stjórn hefur einu sinni verið mynduð hér á landi. Það var þegar Sveinn Björnsson var ríkisstjóri og leysti stjórnarkreppu í landinu árið 1942 með því að skipa utanþingsstjórn. Hún sat frá desember 1942 fram í október 1944.

Nú ríkir víða kreppa á Íslandi, ekki bara stjórnarkreppa. Fyrsta og mikilvægasta verkefnið er að ná sátt um stjórn landsins. Stjórnmálaflokkar þurfa svo að ná vopnum sínum og endurvinna traust og virðingu kjósenda sinna. Það gerist ekki með kosningum, nýjum stjórnmálaöflum eða nýjum loforðum. Við höfum reynslu af slíku.

Það sem vantar er vilji og þor. Ráðamenn þurfa að þora að horfast í augu við þá staðreynd að þeir ráða ekki við verkefnið, ráða ekki við stöðuna sem komin er upp í þjóðfélaginu. Ósættið er allsráðandi.

Krafturinn og orkan sem býr í þjóðarsálinni mun losna úr læðingi og nýtast til athafna og sátta, þegar hún fær stjórn sem landinn treystir.

### Sátt við þjóðina

Þjóðstjórn eða utanþingsstjórn er eina raunhæfa leiðin eins og málið blasir við mér. Það þarf að ná þjóðarsátt. Það er forgangsmál og lykilatriði til að Ísland nái vopnum sínum.

Allir bera einhverja ábyrgð á því sem orðið er og þarf hver og einn að horfa í eigin barm og spyrja hvað við getum lagt á vogarskálarnar til úrbóta. Það blasir við að allir þurfa að leggja sitt af mörkum svo hér náist sátt og þjóðin geti sameinast aftur.

Sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér!

*Að sigra heiminn er eins og að*
*spila á spil,*
*Með spekinglegum svip og taka*
*í nefið.*
*(Og allt með glöðu geði*
*er gjarnan sett að veði).*
*Og þótt þú tapir, það gerir*
*ekkert til,*
*Því það er nefnilega vitlaust*
*gefið."*
*Steinn Steinarr.*



# Nýtt húsnæðisbótakerfi fyrir meðlagsgreiðendur

Húsnæðisbætur

Gunnar Kristinn Þórðarson
stjórnarformaður Samtaka meðlagsgreiðenda



Nýlega kynnti samráðshópur um húsnæðisstefnu stjórnvalda tillögur að nýju húsnæðisbótakerfi, í skýrslu sem var kynnt nú á dögunum. Þær leggja áherslu á aðstoð hins opinbera óháð búsetu og taka aukið tillit til ólíkra þjóðfélagshópa. Margt í tillögunum er gott og eru þær vísbending um aukið jafnræði í aðstoð hins opinbera til handa heimilunum í landinu.

Þótt frumvarpið hafi ekki enn litið dagsins ljós, þegar þetta er skrifað, má reikna með því að umræddar breytingar verði til að jafna lífskjör í landinu; einkum hjá þeim sem leigja og hafa ekki notið aðstoðar í bótakerfinu.

Þrátt fyrir öll hin góðu teikn er einnig ástæða til að hafa áhyggjur af stefnu stjórnvalda í húsnæðismálum þegar kemur að meðlagsgreiðendum; einkum þeim sem einstæðir eru. Samtök meðlagsgreiðenda hnjóta um ýmsa þætti tillagnanna. Þær byggjast að hluta til á svokölluðum vegvísi Evrópuráðsins um húsnæðisöryggi, en í honum segir m.a. að húsnæðisstefnu stjórnvalda beri að tryggja félagslega samheldni og að markmið slíkrar húsnæðisstefnu séu „fjárhagslegt stýritæki fyrir viðkvæma hópa vegna öflunar eigin húsnæðis“.

Í skýrslu samráðshópsins kemur auk þess fram sú áhersla OECD að húsnæðisstefna aðildarríkja skuli vera skilvirk og sanngjörn. Samráðshópurinn tekur undir með Evrópuráðinu og OECD og telur það hlutverk hins opinbera að hlaupa undir bagga með þjóðfélagshópum sem sárt eiga um að binda þar sem: „Fjölskyldur og einstaklingar sem eiga rétt á opinberri aðstoð, til dæmis lágtekjufólk, fjölskyldur með þunga framfærslubyrði, fólk í erfiðum félagslegum aðstæðum, fatlaðir og aldraðir, eiga að vera á sama húsnæðismarkaði og aðrir.“ Þá segir samráðshópurinn að „greinargóðar upplýsingar um húsnæðismarkað séu nauðsynlegar forsendur stefnumótunar og þurfi að vera aðgengilegar öllum á húsnæðismarkaði“.

Áhyggjuefni Samtaka meðlagsgreiðenda lýtur að því að engar ásættanlegar upplýsingar eða rannsóknir eru til um fjárhagslega stöðu eða félagslega hagi meðlagsgreiðenda. Sú úttekt sem kemst næst því að vera viðunandi er skýrsla nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum, sem var gerð fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið árið 2009.

Þótt þar komi berlega í ljós að meðlagsgreiðendur búi við lægstu framfærsluna, verður hún óviðunandi við það eitt að forsenda útreikninga í skýrslunni miða við að meðlagsgreiðendur borgi aðeins eitt meðlag, á meðan reyndin er að helmingur þeirra borgar fleiri en eitt meðlag. Þá eru ótaldir þeir sem borga aukið meðlag. Í ofanálag má nefna að skýrslan tekur ekki tillit til skulda meðlagsgreiðenda við lánastofnanir, jafnvel þótt gögn sem Samtök meðlagsgreiðenda hafa undir höndum bendi til þess að 75% einstæðra meðlagsgreiðenda séu á vanskilaskrá.

Upplýsingar um hagi meðlagsgreiðenda eru því vart til staðar, og kemur það því ekki á óvart að samráðshópurinn skuli nefna sérstaklega flesta þjóðfélagshópa í úttekt sinni, en láta það vera að nefna meðlagsgreiðendur á nafn jafnvel þótt meðlagsgreiðendur séu allt að fjórtán þúsund talsins. Það er þó ekki öruggt þar sem hið opinbera veit ekki nákvæmlega hvað þeir eru margir. Þar sem tölfræðina vantar er ekki hægt að fullyrða fullum fetum að einstæðir meðlagsgreiðendur búi við verstu kjörin á Íslandi, jafnvel þótt heilbrigð skynsemi og einfaldir útreikningar bendi svo sannarlega til þess.

Þótt opinberar stofnanir haldi öðru fram þá er það samt þannig í raun að einstæðir meðlagsgreiðendur búa við langverstu kjörin í samfélaginu. Staða þeirra er óhugnanleg og er það því verulegt áhyggjuefni að ekki skuli vera getið um þann hóp í skýrslu samráðshópsins. Ef til verða „sérstakar húsnæðisbætur“ til handa einstæðum foreldrum með nýju húsnæðisbótakerfi, er það mikið jafnræðis- og réttlætismál að einstæðir meðlagsgreiðendur fái aðgang að þeim sem foreldrar en ekki sem barnlausir einstæðingar eins og staðan er nú.

Þó er ástæða til að þakka stjórnvöldum sérstaklega fyrir jákvætt og uppbyggilegt viðmót gagnvart Samtökum meðlagsgreiðenda og framlagi samtakanna til umræðunnar. Samtökin bíða átekta eftir frumvarpi til laga um nýjar húsnæðisbætur og hlakka til að eiga jákvætt og uppbyggilegt samstarf við stjórnvöld þegar umsagnaferli frumvarpsins hefst á Alþingi.

„Áhyggjuefni Samtaka meðlagsgreiðenda lýtur að því að engar ásættanlegar upplýsingar eða rannsóknir eru til um fjárhagslega stöðu eða félagslega hagi meðlagsgreiðenda. Sú úttekt sem kemst næst því að vera viðunandi er skýrsla nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum, sem var gerð fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið árið 2009.




## Óverðtryggt eða verðtryggt?

**Íslandsbanki og VÍB bjóða til opins fundar í Norðurljósasal Hörpu í dag, kl. 11.45-13.00.**

Kynnt verður ný þjóðhagsspá Greiningar Íslandsbanka auk þess sem sérfræðingar Íslandsbanka og VÍB fjalla um áhrif óverðtryggðra og verðtryggðra vaxta á húsnæðislán og sparnað landsmanna.

Að loknum framsögum verða pallborðsumræður.

Fundarstjóri: **Hildur Kristmundsdóttir, útibússtjóri hjá Íslandsbanka**

**Boðið verður upp á léttan hádegisverð.**

**Fundurinn verður í beinni útsendingu á www.islandsbanki.is og www.vib.is.**

Skráning fer fram á vef Íslandsbanka, www.islandsbanki.is.
Opið er fyrir skráningu á meðan húsrúm leyfir.

Dagskrá:

1. **Vöxtur í viðjum hafta** – Ný þjóðhagsspá Greiningar Íslandsbanka. Hvernig munu vextir, verðbólga og hagvöxtur þróast næstu árin? Hvað með gengi krónunnar, kaupmátt launa og húsnæðisverð? Hvernig þróast fjárhagsleg staða fyrirtækja og heimila?
   **Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka**
2. **Húsnæðislán, hvað stendur til boða?** – Á ég að taka verðtryggt eða óverðtryggt lán? Er hægt að minnka sveiflur í greiðslubyrði óverðtryggðra lána?
   **Jón Finnbogason, aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka**
3. **Tekur því að spara óverðtryggt?** – Ávöxtun fjármuna í verðbólgu.
   **Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB**

ENNEMM / SÍA / NM52179



Ingólfur Bender   Björn Berg Gunnarsson   Hildur Kristmundsdóttir   Jón Finnbogason

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

vib Íslandsbanki



68 **MONIKA ABENDROTH** hörpuleikari á afmæli í dag

*„Þegar veðrið er gott á Íslandi er það besta veðrið í heiminum.“*

Í viðtali við Fréttablaðið 14. júní 2002.



REYNIR INGIBJARTSSON Áhugamaður um útivist sem nú hefur samið sína þriðju bók um gönguleiðir í nágrenni höfuðborgarinnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

NÁTTÚRAN VIÐ BÆJARVEGGINN: NÝ GÖNGULEIÐABÓK UM REYKJANESIÐ

# Göngugarpur hálfgert bannorð

„Það má segja að Reykjanesið hafið opnast enn betur fyrir göngufólk á undanförnum árum. Í fyrsta lagi er búið að malbika Suðurstrandarveg og þar með gera hann miklu greiðfærari. Í öðru lagi hefur opnast mjög spennandi leið um Básenda á milli Sandgerðis og Hafna, vestast á Reykjanesinu. Þar hafði bandaríski herinn mikil mannvirki og var svæðið lokað,“ segir Reynir Ingibjartsson höfundur bókarinnar 25 gönguleiðir á Reykjanesskaga sem nýverið kom út.

Þetta er þriðja bókin í bókaflokki um gönguleiðir í nágrenni höfuðborgarinnar. Áður hafa komið út bækur um gönguleiðir í nágrenni höfuðborgarinnar og gönguleiðir í Hvalfirði. En hvernig komu göngubókaskrif til hjá Reyni? „Það var nú bara haft samband við mig þegar vantaði texta í fyrstu bókina. Svo leiddi eitt af öðru og það æxlaðist nú þannig á endanum að ég á líka allar myndir í nýju bókinni,“ segir Reynir sem þrátt fyrir skrifin þvertekur fyrir að vera göngugarpur.

„Göngugarpur er hálfgert bannorð hjá mér. Ég er bara mikill áhugamaður um útivist. Og læt öðrum eftir tindana. Leiðirnar í bókinni eru allar á láglendi.“

Reynir segir Reykjanes mikla náttúruperlu þar sem sé að finna fjölmargar áhugaverðar gönguleiðir. „Náttúrufar á þessum slóðum er afar fjölbreytilegt og gönguleiðirnar því afar margbreytilegar. Í bókinni bendi ég á gönguleiðir á öllum Reykjanesskaganum frá Reykjanestá að Þrengslasvæðinu. Það má segja að þetta svæði skiptist gróflega í þrennt. Einn hluti er vestan Grindavíkurvegar, annar frá Grindavíkurvegi að Kleifarvatni og sá þriðji austan þess. Gönguleiðirnar eru hringferðir að mestu leyti, þannig nær göngufólk að ferðast um enn meira svæði.“

Reynir segir forréttindi að skrifa gönguleiðabækurnar og hann er hvergi nærri hættur. „Ég var einmitt á Snæfellsnesinu en næsta bók mun fjalla um það svæði. Draumurinn er að skrifa bækur sem spanna allt Suðvestur- og Vesturland,“ segir Reynir að lokum.

sigridur@frettabladid.is

## Njósnakapall hindraði för

„Um langt skeið var ekki hægt að komast með ströndinni frá Sandgerði til Hafna vegna hernaðarmannvirkja. Þarna lá í sjó njósnakapall sem bandaríski herinn lagði líklega alla leið til Grænlands til að fylgjast með skipa- og kafbátaferðum um Grænlandssund.“ Svo segir í upphafi kafla um Básenda í bókinni 25 gönguleiðir á Reykjanesskaga. Þar er lýst gönguleið frá Gálgaklettum um Básenda og Stafnes. Margvíslegir fróðleiksmolar fylgja hverri leiðarlýsingu og sömuleiðis kort. Meðal annarra leiða sem er lýst er gönguleið í kringum Helgafell, gönguferð um Sog, Grænavatn og Djúpavatn og í Herdísarvík. Bókin er gefin út af Sölku.




---



✝

Elsku móðir okkar,

**ÁSA SOFÍA FJALLSTEIN**

lést á Borgarspítalanum þann 21. apríl síðastliðinn. Útför hennar fór fram í Leirvík í Færeyjum 30. apríl. Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur samúð og sérstakar þakkir fær starfsfólk lungnadeildar Borgarspítalans og Heimahlynningar Reykjavíkur fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Anleyg F. Petersen**
**Magni F. Petersen**
**Esmar F. Petersen**
**Niclas M. F. Petersen**

---



✝

Útför ástkærrar móður okkar,

**ÖNNU SIGRÍÐAR BJARNADÓTTUR**
**Hvammi, heimili aldraðra,**

fer fram frá Húsavíkurkirkju föstudaginn 15. júní kl. 11.00.

**Elín Sigtryggsdóttir**
**Guðrún Sigtryggsdóttir**
**Sigtryggur Albertsson**
**Bjarni Sveinsson**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Elskuleg systir okkar, frænka og mágkona,

**ÓLAFÍA KRISTÍN HANNESDÓTTIR**
**Drekavöllum 26, Hafnarfirði,**
**áður Bólstaðarhlíð 33, Reykjavík,**

andaðist í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum í Fossvogi 10. júní sl.

**Fyrir okkar hönd og annarra vandamanna,**
**Auðlín Hanna Hannesdóttir og Þorsteinn Óli Hannesson**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**KJARTAN HELGI SUMARLIÐASON**
**Viðarholti, Akureyri,**

lést laugardaginn 9. júní á Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri. Útförin fer fram frá Glerárkirkju mánudaginn 18. júní kl 10.30.

**Stella Jónsdóttir**
**Ingibjörg Kjartansdóttir** **Gestur Björnsson**
**Kjartan F. Kjartansson** **Dýrleif Ingvarsdóttir**
**Sumarliði Már Kjartansson** **Björg Hjörleifsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

**GUÐNÝ BERGRÓS JÓNASDÓTTIR**
**fyrrum húsfreyja**
**í Norður-Hvammi í Mýrdal,**
**síðar Smáratúni 20, Selfossi,**

sem lést á Hjallatúni í Vík 8. júní sl. verður jarðsungin frá Selfosskirkju laugardaginn 16. júní kl. 11.00.

**Erla Eyþórsdóttir** **Brynjólfur Ámundason**
**Gísli Sævar Hermannson** **Hólmfríður Sigurðardóttir**
**Sjöfn Hermannsdóttir**
**Jónas Smári Hermannsson** **Anna Droplaug Erlingsdóttir**
**Hreiðar Hermannsson** **Ágústa Jónsdóttir**
**Svanhvít Hermannsdóttir** **Almar Sigurðsson**

---

✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og bróður,

**GARÐARS ÁSBJÖRNSSONAR**
**Túngötu 3, Vestmannaeyjum.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja fyrir einstaka umönnun og Ísfélag Vestmannaeyja fyrir trygga og góða vináttu.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Ásta Sigurðardóttir**

---



✝

Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa, sonar og bróður,

**HAUKS RICHARDSSONAR**

**Sandra Hauksdóttir**
**Magnús Ólafsson**
**Saga, Dagur og Mirra**
**Tinna Gallagher**
**David Gallagher**
**Richard H. Ólsen Felixson** **Erna Petrea Þórarinsdóttir**
**systkini, makar og börn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar sambýliskonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu

**SIGRÚNAR ÁRSÆLSDÓTTUR,**
**Drekavöllum 18**
**221 Hafnarfirði**

**Sigurður Björgvin Viggósson**
**Ársæll Þorleifsson** **Kristín Geirsdóttir**
**Hákon Þorleifsson** **Oddný Kristín Oddsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



✝

Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÓLAFAR KARVELSDÓTTUR**
**frá Hnífsdal.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á Hrafnistu í Hafnarfirði, deild 4b, fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Kristján Pálsson** **Sóley Halla Þórhallsdóttir**
**Ólafur Karvel Pálsson** **Svandís Bjarnadóttir**
**Guðrún Helga Pálsdóttir**
**Ólafía Guðfinna Pálsdóttir** **Arnar Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Hjartans þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát elsku eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**ÓLAFS S. OTTÓSSONAR.**

Innilegar þakkir færum við starfsfólki 11-E Landspítala, Heimahlynningar og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

**Steinunn Árnadóttir**
**Ingibjörg Ólafsdóttir** **Helgi Rafn Jósteinsson**
**Kristín Ólafsdóttir** **Davíð Sigurjónsson**
**Erna Ólafsdóttir** **Helgi Arnarson**
**og barnabörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## HVÍTT Í SUMARVEISLU

**Stella McCartney bauð nokkrum stjörnum í veislu í New York á þriðjudag þar sem hún kynnti hönnun sína fyrir 2013. Mikið bar á hvítum klæðnaði hjá gestum. Meðal þeirra voru Anne Hathaway, Jim Carrey, Lauren Hutton og Greta Gerwig ásamt mörgum fleirum. Ferskjulitt og köflótt var áberandi fyrir næsta ár.**




Eirberg

Verð: 9.750 kr.

Nálastungudýnan

Bætir svefn og dregur úr verkjum

Opið virka daga í sumar frá kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

TILBOÐ - 50% AF

- aðeins fram að helgi eða meðan birgðir endast



teg 3371 - nett fylling, mjúkur og fæst í stærðum 70B, 75B, 80B,75C, 80C, 85C VERÐ KR. 2.750.- buxur fást í stíl í nokkrum stærðum á AÐEINS KR. 1.000,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Þú mætir - við mælum og aðstoðum

www.misty.is

Opið frá 10-18 virka daga.

10-14 laugardaga

Vertu vinur




**MARGRA ÁRA REYNSLA** Bræðurnir Garðar Haukur og Guðmundur Helgi Guðmundssynir hafa starfað lengi í þessum bransa. „Margir viðskiptavinir koma aftur og aftur sem lýsir ánægju þeirra, enda erum við með vandaðar vörur á mjög hagstæðu verði.“

MYND/ANTON BRINK

# BRJÁLAÐ AÐ GERA Í DORMA

**DORMA KYNNIR** *Garðar Guðmundsson, verslunarstjóri Dorma í Holtagörðum, hefur verið önnum kafinn við að þjónusta hótel og gistiheimili. Verslunin er með fjölbreytt vöruúrval fyrir aðila sem reka gistiþjónustu.*

Verslunin Dorma opnaði haustið 2008 rétt eftir að kreppan skall á. Reksturinn hefur gengið vel og sífellt fleiri aðilar leita til fyrirtækisins. „Það er nokkurs konar vertíð hjá okkur núna. Frá apríl og fram í september er vanalega brjálað að gera í að þjónusta þá sem reka hvers konar gistiaðstöðu fyrir ferðamenn,“ segir Garðar.

Dorma býður allflest sem þarf fyrir gistiheimili; handklæðasett, sængurverasett, rúm, sængur og allt þar á milli. „Ferðamannastraumurinn til landsins hefur aukist gríðarlega undanfarin misseri og við finnum fyrir því, enda búin að selja um 700 rúm á þessu ári. Svo þarf reglulega að endurnýja sængur og vefnaðarvöru hjá þeim sem við þjónustum, en við erum farin að flytja inn helmingi meira af vefnaðarvöru en áður. Margir þeirra sem versla hjá okkur koma aftur og aftur sem lýsir ánægju viðskiptavinanna, enda erum við með vandaðar vörur á mjög hagstæðu verði.“ Dorma er staðsett á efri hæðinni í verslunarkjarnanum í Holtagörðum. Þar er að finna einn stærsta sýningarsal landsins með fjölbreyttu vöruúrvali og faglegri þjónustu. „Hjá okkur vinnur fólk með reynslu sem veit hvað það er að höndla með og veitir góða og faglega þjónustu, sem skiptir miklu upp á að velja rétta vöru hverju sinni.“

Garðar hefur verið viðloðandi rúmbransann síðustu fimmtán ár og starfað hjá Dorma frá upphafi. Hægt að skoða fjölbreytt vöruúrval og gera innkaup á glæsilegri heimasíðu og vefverslun Dorma sjá www.dorma.is.

DORMA

**ALLT FYRIR HÓTEL OG GISTIHEIMILI**

***Dorma býður allflest sem þarf fyrir gistiheimili; handklæðasett, sængurverasett, rúm, sængur og allt þar á milli.***


20% afsláttur af öllum skóm



Vertu vinur okkar á Facebook

KENNEL & SCHMENGER SCHUHMANUFAKTUR

hjá Hrafnhildi

• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16

Sofðu vel - heilsunnar vegna

VORTILBOÐ Á ÖLLUM STILLANLEGUM HEILSURÚMUM

MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM



12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

PROFLEX



Með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.

Verð frá kr. 339.900 á hjónarúmi.

www.svefn.is



Gerið gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa

*3,5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00



ÚTSALA HAFIN!

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770


## ÁBYRG FYRIR HATTAÆÐINU

**Í öllum breskum konunglegum veislum má sjá fólk með hatta.**

**HATTAHEFÐ** Ef einhver hefur furðað sig á þeirri bresku hefð að bera hatta við flest formleg tilefni er tími kominn til að hætta því. Þessa hefð má að mestu leyti þakka Elísabetu fyrstu Englandsdrottningu.

Árið 1571 voru sett lög, að hennar skipan, sem fólu í sér að allir þeir sem voru eldri en sjö ára áttu að bera hatt á sunnudögum. Þrátt fyrir að lögin séu löngu afnumin eru í gildi nokkurs konar óskrifuð lög á nokkrum viðburðum í skemmtanalífi Breta, þar sem allir eiga að vera með hatt. Þessir viðburðir eru til dæmis hestaveðhlaup, garðveislur og konungleg brúðkaup.

# FJÖLHÆFUR SÖNGFUGL

**LIFIR FYRIR TÓNLISTINA** *Elísabet Ormslev, 19 ára, á framtíðina fyrir sér í tónlist og förðun. Hún fylgist þar fyrir utan vel með í tískuheiminum.*





Elísabet Ormslev hefur á síðustu árum reynt fyrir sér í förðun og söng. Hún fylgist vel með hvað er að gerast í tískuheiminum og er óhrædd að prófa sig áfram, vera öðruvísi þegar kemur að förðun og tísku. „Ég hef alltaf haft áhuga á förðun en síðustu tvö ár hef ég verið að grúska í „special effects“-förðun, það er að segja vinnu með latex, vax, gerviblóð og fleira,“ segir Elísabet. Hún hefur aflað sér upplýsinga á netinu og prófað sig áfram að búa til sár, skurði, marbletti og fleira en þannig hefur hún kennt sér sjálf, Hún stefnir þó að því að fá diplóma í förðun næsta haust.

Elísabetu finnst best að versla í Bandaríkjunum og það fyrsta sem hún hugsar um þegar hún velur sér föt er hvernig förðun passar best við. Hún segist ekki eiga neina tískufyrirmynd heldur fylgi eigin sannfæringu, stíllinn einkennist af rokkuðum flíkum í bland við notaðar flíkur. Á myndinni klæðist hún jakka úr Zöru, bol úr H&M, leggings frá Spiral og skóm úr Kúltúr.

Elísabet söng bakrödd á Whitney Houston minningartónleikunum í Austurbæ og forkeppni Eurovision en einnig kemur hún fram í einkasamkvæmum. Hún hefur hug á að sinna söngnum og tónlistinni í framtíðinni ásamt því að fikta við förðunina. Í sumar ætlar hún að semja eigin tónlist, rifja upp gamla fiðlutakta, vinna í Make Up Store og fara til Berlínar. „Síðan ætla ég að drífa mig að taka þetta blessaða bílpróf svo að vinkonur mínar hætti að stríða mér. Líka til að koma mér á milli staða en þó aðallega út af vinkonunum“.

■ gunnhildur@365.is

**ÖÐRUVÍSI FÖRÐUN** Elísabet prófar sig áfram með listræna förðun.

**TÍSKA OG FÖRÐUN** Elísabet hefur áhuga á tísku og förðun en á milli þess syngur hún bakrödd. MYND/ANTON


EN GEDI Náttúrulegar Húð- og Hárvörur




Vörurnar innihalda náttúrulegt Dauðahafssalt, steinefni og fyrsta flokks ilmkjarnaolíur og jurtakraft.
Allar vörurnar eru án parabena og formalíns.
**Sölustaðir**: www.femin.is og heilsubúðin Góð Heilsa Gulli Betri, Njálsgötu 1.

Kíktu á En Gedi Ísland

EN GEDI — Natural Care — From The Dead Sea


## UPPRUNASTAÐUR G-STRENGSINS

**Einhvers konar lendaskýlur voru notaðar allt frá tímum Forn-Egypta fram á miðaldir. G-strengurinn í núverandi mynd er talinn hafa fyrst komið fram í New York í lok kreppunnar miklu. Árið 1939 skipaði þáverandi borgarstjóri New York, Fiorello LaGuardia, erótískum dönsurum borgarinnar að vera betur huldir í tilefni af heimssýningunni sem fór fram þar á þeim tíma. Og með það sama kom strengurinn til sögunnar. Ef einhver er í vafa um hvers konar klæðnað um er að ræða þá er G-strengur nærbuxur sem eru afskaplega efnislitlar að aftan og hylja ekki rasskinnar notandans.**


Brúðkaups og útskriftarkjólar
Ný sending

20% afsl. af öllum vörum





Nýtt kortatímabil

FLASH

Laugaveg 54, sími: 552 5201

Vertu vinur







Full búð af flottri sumarvöru

Nýtt kortatímabil

MOMO
Laugavegi 42
Sími: 5521818

Vertu vinur MOMO Konur



**FÓLK** ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir**
**jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson**
**sverrirbs@365.is,** s 512 5432
**Elsa Jensdóttir**
**elsaj@365.is** s. 512-5427



SAFT

EKKI TAKA ÞÁTT Í NEINU Á NETINU SEM ÞÚ VEIST EKKI HVAÐ ER!

Heimili og skóli Landssamtök foreldra

www.saft.is



**LITRÍKT**
Írisi finnst notalegt að dunda sér við að búa til þessar fallegu og litríku dúkkur og segist geta gleymt sér við að útbúa hið smáa.
MYND/GVA




Erum að taka upp nýja kjólasendingu frá
SYBEL Ophilia
Stærðir 40-56
Verslunin Belladonna á Facebook
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is




**SUMARSÝNING**
Íris Ólöf opnaði nýlega sumarsýningu á verkum sínum á Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi.



# LIFAÐ OG HRÆRST Í TEXTÍL ALLA TÍÐ

**BÚTAR ÚR FORTÍÐ** *Íris Ólöf Sigurjónsdóttir opnaði nýlega sumarsýningu á Heimilisiðnaðarsafninu. Sýningin er tileinkuð móður hennar og formæðrum.*

Íris Ólöf Sigurjónsdóttir textílhönnuður hefur verið að skapa og hanna frá því hún var á unglingsaldri. „Ég sá mjög snemma að það lægi fyrir mér að vinna í textíl, ég hef lifað og hrærst í textíl alla mína tíð. Ég er menntaður textílkennari, lærði í Ósló og fór svo að læra textílforvörslu í Bretlandi,“ segir Íris Ólöf. Ásamt því að starfa við textílhönnun vinnur hún sem forstöðumaður Byggðasafnsins á Dalvík.

Íris Ólöf opnaði nýlega sýningu á Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi, Bútar úr fortíð. „Á sýningunni vinn ég með efnisbúta héðan og þaðan sem allir eiga sér þó fjölskyldusögulega fortíð í öðru samhengi, ýmist úr mínu eigin búi eða frá móður minni, formæðrum og frænkum. Þessum konum tileinka ég sýninguna Bútar úr fortíð.“

Áður fyrr vann Íris efnin frá grunni og spann en gerir það ekki í dag. „Nú vinn ég mest með náttúruleg efni og perlur. Einnig nota ég mikið pappír og víra. Ég hef alltaf endurnýtt hluti og það er ekki tilkomið vegna kreppunnar, ég hef gert það meðvitað alla tíð frá því ég var unglingur,“ segir hún.

Íris Ólöf gerir mikið af hálsfestum, armböndum, húfum, handsmokkum, skyrtubrjóstum og svifléttum pappírsfígúrum. „Mér finnst gaman að gera allt þetta, sérstaklega finnst mér notalegt að gera litlu dúkkurnar og ég get algjörlega gleymt mér við að útbúa hið smáa.“

Hún er þó lítið í því að skreyta heimili sitt eða sig sjálfa með eigin hönnun. „Ég sauma reyndar svolítið af fötum á sjálfa mig og áður fyrr hannaði ég mikið af barnakjólum og öðru sem tilheyrir börnum. Nú held ég hins vegar vinnunni minni á vinnustofunni alveg aðskildri frá sjálfri mér. Það sem ég vinn þar fer almennt á sýningar og í sölu. Það sem ég dútla við heima hjá mér hefur annað gildi hjá mér. Þrátt fyrir það finnst mér allt sem ég geri fallegt og finnst mjög gaman að sjá annað fólk með eitthvað sem ég hef hannað og ég virðist eiga mér minn kúnnahóp.“

Íris Ólöf sér það fyrir sér að einbeita sér að textíl sem listformi frekar en hönnun í framtíðinni. „Ég mun þó alltaf gera skartið áfram og eitthvað meira mun ég halda áfram að gera við dúkkurnar,“ segir Íris Ólöf.

■ lilja.bjork@365.is



**SKRAUTLEGT**
Skyrtubrjóst sem Íris Ólöf hannaði. Hún notar mest náttúruleg efni og perlur í hönnun sína.


OUTLET
SKÓR



aðeins 8.500 kr.
Herra skór
St. 41-45



aðeins 7.900 kr.
Dömu skór
St. 36-41



aðeins 4.900 kr.
Stelpu skór
St. 21-26



aðeins 4.900 kr.
Stráka skór
St. 21-26



aðeins 9.900 kr.
Shape Ups dömu skór
St. 36-41

OUTLET-SKÓR | FISKISLÓÐ 75 | 101 REYKJAVÍK
Opið: mán-fös 13-18 & lau 12-16 sími: 514 4407

# TRAUSTUR, LIPUR OG REYNDUR

**FRUMHERJI KYNNIR** *Frumherji opnaði nýja og glæsilega skoðunarstöð í Hafnarfirði um nýliðna helgi. Þar er lögð áhersla á trausta bifreiðaskoðun, sérstaka þjónustu við eigendur ferðavagna og vandaða ástandsskoðun vegna kaupa á notuðum bílum.*

Við hlökkum til að skoða bíla og ferðavagna Hafnfirðinga og það er spennandi að vera loks kominn í bæinn," segir Orri Vignir Hlöðversson framkvæmdastjóri Frumherja sem í liðinni viku opnaði nýja og glæsilega skoðunarstöð að Dalshrauni 5 í Hafnarfirði.

Orri segir nýju stöðina búna fullkomnum skoðunarbúnaði og frábærri aðstöðu fyrir viðskiptavini til að stytta biðina á meðan skoðun fer fram.

„Við skoðum ökutæki upp í fimm tonn af leyfðri heildarþyngd og leggjum áherslu á þjónustu við eigendur ferðavagna með sérstökum búnaði til skoðunar á fellihýsum, hjólhýsum og tjaldvögnum," segir Orri.

Hjá Frumherja í Dalshrauni er einnig boðið upp á ástandsskoðun bifreiða en sú þjónusta hefur verið í miklum vexti á síðastliðnum árum.

„Fram að þessu var ástandskoðun að miklu leyti bundin við höfuðstöðvar okkar á Hesthálsi en í Dalshrauni er nú líka til staðar sértækur búnaður og þekking til ástandsskoðunar bifreiða. Það er algjört lykilatriði og sýnir sig æ ofan í æ að það margborgar sig að verja peningum í ástandsskoðun áður en gengið er frá kaupum á notuðum bíl," segir Orri.

Frumherji er leiðandi og stærst fyrirtækja á meðal skoðunarstöðva og með sterka markaðshlutdeild á landsvísu. Stöðin í Hafnarfirði er áttunda stöð fyrirtækisins á höfuðborgarsvæðinu.

„Í allt erum við með skoðunarstöðvar á yfir þrjátíu stöðum á landinu og sama verð um land allt. Einnig færanlega skoðunarstöð fyrir fámennari byggðarlög og stóra viðskiptavini með stóran flota bíla til skoðunar," útskýrir Orri.

Hann segir tímapantanir að mestu hafa lagst af á höfuðborgarsvæðinu en enn kjósi margir á landsbyggðinni að panta tíma fyrir bíl sinn í skoðun.

„Hvarvetna leggjum við áherslu á góða þjónustu og stuttan biðtíma. Á meðan beðið er geta viðskiptavinir fengið sér hressingu, kíkt í blöðin eða tölvur og skráð sig í Lukkuleik Frumherja. Vinningur er eldsneyti að verðmæti 25 þúsund í hverri viku," segir Orri.

*Frumherji í Dalshrauni er opinn alla virka daga frá 8 til 17. Sjá freistandi opnunartilboð á www.frumherji.is.*



**VELKOMINN Í HAFNARFJÖRÐ** Við opnunina í Hafnarfirði bauð Guðmundur Rúnar Árnason bæjarstjóri Frumherja velkominn í bæinn og klippti á hátíðlegan borða í íslensku fánalitunum. Orri Vignir Hlöðversson framkvæmdastjóri stendur til vinstri við bæjarstjórann og hægra megin er Karl Sigurðsson sviðsstjóri ökutækjasviðs Frumherja. MYND/STEFÁN



**LANGÞRÁÐ STUND** Frumherjamenn eru spenntir að geta loks þjónustað bíl- og ferðavagnaeigendur í Hafnarfirði. Frá vinstri: Hafsteinn Valgarðsson stöðvarstjóri nýju stöðvarinnar, Ebenezer Bárðarson skoðunarmaður og Orri Vignir Hlöðversson framkvæmdastjóri Frumherja.



**JÓMFRÚARFERÐ** Bæjarstjórinn fékk þann heiður að aka fyrsta bílnum í gegnum brautina í nýju stöðinni. Hann er eðalvagn af gerðinni Chevrolet El Camino, árgerð 1971.





**PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA** „Viðskiptavinir okkar eru í góðum höndum þaulreyndra starfsmanna okkar sem eru þjónustuliprir fagmenn fram í fingurgóma," segir Bergur Helgason framkvæmdastjóri Aðalskoðunar. MYND/STEFÁN KARLSSON

**NÝ SKOÐUNARSTÖÐ** Aðalskoðun opnaði nýlega nýja skoðunarstöð á Grjóthálsi í Reykjavík. MYND/STEFÁN KARLSSON

# NÝ SKOÐUNARSTÖÐ Á GRJÓTHÁLSI 10

**AÐALSKOÐUN KYNNIR** *Persónuleg og góð þjónusta er aðalsmerki Aðalskoðunar*

Aðalskoðun hf. er faggilt skoðunarstofa sem stofnuð var árið 1994, skömmu eftir að opnað var fyrir samkeppni á sviði bifreiðarskoðunar hérlendis. Í dag rekur Aðalskoðun átta skoðunarstöðvar víða um land, þar af fimm á suðvesturhorni landsins. Bergur Helgason, framkvæmdastjóri Aðalskoðunar, segir mikla endurnýjun hafa átt sér stað undanfarin ár á húsnæði og búnaði skoðunarstöðvanna. „Aðalskoðun leggur auk þess mikla áherslu á snyrtilegan aðbúnað fyrir viðskiptavini okkar og góða þjónustu. Viðskiptavinir okkar eru í góðum höndum þaulreyndra starfsmanna okkar sem eru þjónustuliprir fagmenn fram í fingurgóma. Margir þeirra hafa auk þess starfað hér frá stofnun fyrirtækisins. Nýlega opnaði Aðalskoðun nýja skoðunarstöð á Grjóthálsi í Reykjavík. Um er að ræða tveggja brauta skoðunarstöð með lyftu og gryfju sem hentar vel öllum almennum fólksbílum og jeppum. „Auk þess opnuðum við nýja stöð í Skeifunni í Reykjavík árið 2008. Ári síðar tókum við stöð okkar í Kópavogi alveg í gegn, stækkuðum hana um helming og settum inn nýjan búnað. Í Hafnarfirði endurnýjuðum við lyftur og hemlabúnað nýlega."

Aðalskoðun leggur að sögn Bergs mikla áherslu á góðan aðbúnað fyrir viðskiptavini. „Stöðvar okkar bjóða upp á kaffi og vatn, úrval tímarita og innan skamms verða komnir heitir reitir (Hotspot) á allar stöðvar okkar. Þá komast viðskiptavinir á netið á meðan þeir bíða eftir bílnum sínum. Þetta gerum við til að bregðast við snjallsímakynslóðinni sem vill frekar fara á netið í stað þess að lesa eldri tímarit."

Vor- og sumartíminn er annasamasti tími ársins hjá Aðalskoðun en auk þess er yfirleitt mikið álag á skoðunarstöðvum í lok hvers mánaðar. Bergur segir mikilvægt að bíleigendur mæti tímanlega í skoðun til að forðast óþarfa biðraðir. „Of margir eru að bíða fram á síðustu daga mánaðarins til að koma með bílinn í skoðun. Þótt bíleigendur hafi rúman tíma gerist það samt of oft, þrátt fyrir að við sendum þeim bréf til áminningar. Það er líka óþarfi að fá á sig álagningu vanrækslugjalds."

Aðalskoðun

**SKOÐUNARSTÖÐVAR AÐALSKOÐUNAR:**

**Reykjavík:** Skeifan 5 og Grjótháls 10
**Hafnafjörður:** Hjallahraun 4
**Kópavogur:** Skemmuvegur 6
**Reykjanesbær:** Holtsgata 52
**Grundarfjörður:** Sólvellir 17a
**Ólafsfjörður:** Múlavegur 13
**Reyðarfjörður:** Leiruvogur 6

# Uppgötvuðu óvart æskubrunn

Í nýlegri könnun Capacent Gallup kemur fram að 34 prósent íslenskra kvenna yfir fimmtugu nota EGF-húðvörur að staðaldri. Árangurinn er undraverður. Húðin endurheimtir æskuljóma, hún verður stinnari og litaraftið jafnara og betra.

Gott umtal, orðspor og frábær reynsla hafa breitt út vinsældir EGF-húðlínunnar. Konur um víða veröld hafa prófað þær á eigin skinni og í kjölfarið sagt hvor annarri frá einstökum árangri,“ segir Eiríkur Sigurðsson upplýsingafulltrúi og vörumerkjastjóri hjá Sif Cosmetics sem framleiðir EGF-húðvörurnar.

Niðurstöður nýrrar könnunar Capacent Gallup sýna að 34 prósent íslenskra kvenna yfir fimmtugu nota EGF-húðvörur með undraverðum árangri.

„Flestar tala um aukinn æskuljóma, stinnari og sterkari húð, betri raka og jafnt og betra litarhaft. Þá heyrum við iðulega ánægjuraddir kvenna sem hafa upplifað hrós vina og kunningja um hvað þær líta vel út,“ segir Eiríkur.

Hróður varanna frá Sif Cosmetics berst víða og vinsældir þeirra eru miklar og vaxandi. Til dæmis eru húðdroparnir mest selda snyrtivaran um borð í flugvélum Lufthansa en þær fást einnig um borð í vélum KLM og Swiss Air.

„Fólk treystir hreinleika vörunnar og kann að meta að hún er framleidd á Íslandi. Í EFG-vörunum eru engin paraben, litarefni né önnur aukefni og hún er því laus við skaðleg efnasambönd sem fyrirfinnast í mörgum þekktum snyrtivörum sem gerðar eru úr allt að sextíu innihaldsefnum,“ útskýrir Eiríkur.

Uppskrift að æskubrunni EGF varð óvænt til hjá líftæknifyrirtækinu ORF Líftækni fyrir nokkrum árum.

„ORF Líftækni var stofnað fyrir rúmum áratug til að þróa aðferðir til að framleiða hreinan frumuvaka í plöntum á hagkvæmari hátt en áður,“ segir Eiríkur og bætir við að frumuvakar séu vanalega framleiddir í bakteríum, spendýrafrumum eða jafnvel einangraðir úr mannavef.

„Margir frumuvakar gegna lykilhlutverki í líffræði húðar og þótt rannsóknir ORF hafi fyrst og fremst snúið að framleiðslu frumuvaka fyrir læknisfræðirannsóknir varð þess fljótt vart að erlend snyrtivörufyrirtæki ásældust frumuvakana í snyrtivörur sínar. Fyrst stóð til að selja þá utan en vankunnátta erlendu fyrirtækjanna hefði sennilega eyðilagt virkni þeirra. Fljótlega var því tekin ákvörðun um að sérhanna nýja húðvöru sem viðhéldi virkni frumuvakanna,“ útskýrir Eiríkur um tilurð hinna einstöku EGF-húðdropa.

EGF-húðlínan inniheldur EGF-frumuvaka sem framleiddur er með erfðatækni í íslensku byggi.

> **Ómskoðun á húðinni sýnir að EGF styrkir kollagen í undirlagi húðar, gerir hana stinnari og vinnur gegn sýnilegum áhrifum öldrunar.**

„Við leggjum mikið upp úr raunverulegum vísindum á bak við virkni EGF-línunnar, gerum á þeim tvíblindar prófanir og nákvæma greiningu á húð með nýju og fullkomnu ómskoðunartæki,“ upplýsir Eiríkur.

„Ómskoðun á húðinni sýnir að EGF styrkir kollagen í undirlagi húðar, gerir hana stinnari og vinnur gegn sýnilegum áhrifum öldrunar,“ segir Eiríkur.

Á dögunum birti Dr. Ronald Moy, fráfarandi formaður Bandarísku húðlæknasamtakanna, niðurstöður rannsókna á virkni húðdropanna í vísindatímaritinu Journal of Drugs in Dermatology. Hann hefur sagt að árangur á notkun EFG-húðdropa sé betri en hann hefur áður séð á þrjátíu ára ferli. „Húð þátttakenda í rannsókninni varð mýkri, hrukkur þeirra minnkuðu og húðin varð sjáanlega þéttari,“ sagði Moy.

Sif Cosmetics mælir með notkun EGF upp úr þrítugu en það er aldrei of seint að byrja.

„Konur endurheimta vissulega æskuljóma og sjá árangur á öllum aldri,“ segir Eiríkur.



Eiríkur Sigurðsson, upplýsingafulltrúi og vörumerkjastjóri Sif Cosmetics, segir fyrirtækið leggja mikið upp úr raunverulegum vísindum á bak við virkni EGF-húðvaranna. Þær innihalda EGF-frumuvaka sem framleiddur er með erfðatækni í íslensku byggi. MYND/STEFÁN








## GRÆÐANDI HÚÐNÆRING EFTIR SÓLINA

**Nýjasti meðlimurinn** í EGF-fjölskyldunni er húðnæring fyrir líkamann. Hún hefur svipaða virkni fyrir líkamann og EGF-húðdropar og dagkrem hafa fyrir andlit, auk þess að vera einstaklega rakagefandi. Húðnæring er sérstaklega góð fyrir hné-, olnboga- og barmsvæðið og fyrirtak á þurrkubletti. Þá er húðnæringin frábær eftir sólböð enda mjög græðandi.

## *Ótrúlegur árangur – húðdropar sem virka*

„Húðin hefur á sér mun frísklegri blæ og eftir að ég fór að nota dropana hafa margir á því orð hvað ég líti vel út,“ segir leikkonan Hanna María Karlsdóttir sem áskotnaðist glas af EGF-húðdropum frá stallsystur sinni Þórunni Lárusdóttur fyrir sex vikum. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa.

„Ég er fyrrverandi reykingamanneskja og af þeim sökum var húðin dálítið gróf. Svitaholur í andliti verða stærri og opnari hjá reykingafólki og þótt nú séu tólf ár liðin síðan ég hætti að reykja hef ég ekki verið alveg sátt við húðina,“ útskýrir Hanna María sem eftir sex vikna notkun EGF-dropanna sér mikinn mun á andlitinu. „Þetta er mjög ódýr andlitslyfting,“ segir hún brosandi.

„Húðin er greinilega orðin stinnari, stífari og litfegurri og grófleikinn nánast horfinn,“ segir Hanna María, sæl með endurheimtan æskuljóma.

Hanna María er 63 ára og glæsilegur fulltrúi sinnar kynslóðar. „Ég var rauðhaus áður en hárið fór að grána og því með viðkvæma og þurra húð. Rakastig hennar hefur jafnast með dropunum en fallegu hrukkurnar mínar eru enn á sínum stað. Ég mæli því hiklaust með EGF-húðdropunum og ætla sannarlega að halda áfram að nota þá.“



Hanna María hefur ætíð hugsað vel um húð sína og gætt þess að hreinsa af allan leikhúsfarða fyrir svefninn. Hún segir notkun EGF-húðdropanna jafnast á við ódýra andlitslyftingu. MYND/ERNIR









## SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ

**Laugardaginn 16. júní** verður Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ haldið í 23. sinn. Markmið kvennahlaupsins er að hvetja og styðja konur á öllum aldri til aukinnar heilsueflingar en hlaupið er ætlað konum á öllum aldri. Engin tímataka er í hlaupinu og hægt er að velja mislangar vegalengdir. Kvennahlaupið er haldið eins nálægt kvennafrídeginum 19. júní og hægt er. Þannig er reynt að höfða til samstöðu kvenna. Fyrsta kvennahlaup ÍSÍ var haldið í júní árið 1990 í tengslum við Íþróttahátíð ÍSÍ .Þá tóku um 2.500 konur þátt en nú taka um 16.000 konur þátt á 90 stöðum hérlendis og 16 stöðum erlendis.

Sjóvá hefur verið aðalstyrktaraðili hlaupsins frá árinu 1993. Á vef Sjóvá, www.sjova.is, má finna allar upplýsingar um hlaupið, sögu þess, hlaupastaði og þema hvers hlaups. Þar má einnig finna skemmtileg myndskeið og gott myndasafn frá fyrri hlaupum. Einnig má fylgjast með fréttum af hlaupinu á Facebook-síðu hlaupsins.

# *Hreyfing og hollt mataræði mikilvægara með aldrinum*

Eftir því sem fólk eldist hefur það meiri tilhneigingu til þess að þyngjast og byrjar það oft þegar fólk er á fertugsaldri. Aukin líkamsþyngd hjá bæði konum og körlum stafar oft af minni hreyfingu, meiri hitaeininganeyslu og minni brennslu.

Vöðvamassi minnkar með aldrinum. Við það hægir á efnaskiptum þar sem vöðvar nota meiri orku en fita, það þýðir að hitaeiningaþörfin minnkar. Haldist mataræði hins vegar óbreytt samhliða minni hitaeiningaþörf eru allar líkur á að fólk fitni með aldrinum. Þrátt fyrir að líkaminn þarfnist ekki jafn mikillar orku og áður þarf hann alveg jafn mikið á vítamínum að halda. Því er ljóst að matarvenjur þurfa að breytast eftir því sem árin líða.

Margir reyna að draga úr neyslu hitaeininga þegar þeir uppgötva að talan á vigtinni er farin að hækka. Það er þó ekki sama hvernig það er gert. Ef dregið er of mikið úr hitaeininganeyslu bregst líkaminn við með því að draga enn meira úr efnaskiptahraðanum til að spara

**Konur byrja oft að þyngjast nokkrum árum fyrir tíðahvörf. Þetta er talið stafa af minnkandi magni af hormóninu estrógen.**

orku. Það getur reynst mun árangursríkara að hreyfa sig meira og skipta orkuríkum fæðutegundum út fyrir hitaeiningasnauðari matvæli sem eru einnig bætiefnarík. Reglubundin neysla á fjölbreyttu fæði ásamt nægilegri vatnsdrykkju er lykillinn að næringarlegu jafnvægi.



Að vera í góðu líkamlegu formi getur hjálpað líkamanum í baráttunni við öldrun og ýmsa fylgikvilla hennar.
NORDIC PHOTO/GETTY

Konur byrja oft að þyngjast nokkrum árum fyrir tíðahvörf. Þetta er talið stafa af minnkandi magni af hormóninu estrógen. Vilji konur sporna við þessari þróun ættu þær þó ekki að einblína um of á að draga úr neyslu hitaeininga, heldur frekar leggja áherslu á litlar máltíðir sem innihalda mikið af bætiefnum. Þær ættu einnig að leggja áherslu á aukna hreyfingu til þess að draga úr þyngdaraukningunni og til að styrkja líkamann.

Með hækkandi aldri aukast líkur á beinþynningu, sérstaklega hjá konum, og líkur á að hjarta- og æðasjúkdómar geri vart við sig aukast. Reglubundin hreyfing getur hjálpað í baráttunni við þessa aldurstengdu sjúkdóma. Hressilegir göngutúrar í 20-30 mínútur, þrisvar til fjórum sinnum í viku, geta bætt heilbrigðum árum við lífið. Almenn hreyfing styrkir beinin, bætir líðanina og það verður auðveldara að sofna vegna eðlilegrar þreytu.

# Konur og reykingar

Konur eru viðkvæmari en karlar fyrir skaðsemi reykinga og með aldrinum aukast líkur á sjúkdómum og öðrum fylgikvillum til muna. Úrræði fyrir fólk sem vill hætta að reykja eru mörg á Íslandi.

Skaðsemi reykinga er Íslendingum alkunn. Færri vita þó að konur eru sérstaklega viðkvæmar fyrir þeim og tengist það hormónakerfi þeirra. Jóhanna S. Kristjánsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri Ráðgjafar í reykbindindi segir að samkvæmt Hagstofunni sé dánartíðni kvenna sökum reykinga þremur prósentustigum hærri en karla.

Tíðahvörf geta orðið allt að tveimur árum fyrr hjá konum sem reykja og þegar komið er yfir fimmtugt eykst hættan á hjarta- og æðasjúkdómum til muna. Jafnframt aukast líkur á þvagleka, beinþynningu og lungnakrabbameini.

### Aldrei of seint að hætta

Eftir breytingarskeiðið finnst sumum konum tilgangslaust að hætta að reykja því skaðinn sé hvort sem er ekki afturkræfur. Jóhanna segir það af og frá. „Það er alveg sama hvenær maður hættir að reykja, það er alltaf ávinningur. Það tekur blóðrásarkerfið ekki nema sólarhring að losa sig við koltvísýringinn og auðveldar það öndun og eykur úthald. Sólarhringi síðar er nikótínið farið úr blóðinu, æðarnar víkka og bragðskyn verður næmara.“ Konur ættu því strax að finna mun en langtímaávinningurinn er mikill: „Lungun byrja auðvitað strax að hreinsa sig en eftir þrjá mánuði eru bifhárin komin í eðlilegt horf og hósti og önnur öndunarfæraeinkenni orðin mun betri.“

Að lokum bætir Jóhanna við að allar konur ættu að hafa í huga að þær eru fyrirmyndir barna sinna og barnabarna.

### Ráðgjöf og stuðningur

Margar konur óttast að í stað vindlinganna hlaðist á þær aukakíló en Jóhanna segir það yfirleitt ekki vera vandamál. „Þetta á við um konur sem skipta sígarettunum út fyrir mat.“ Hún bætir við að heilbrigt líferni verði að fylgja þessari lífsstílsbreytingu en líkamsrækt verði auðveldari með auknu þoli.

Það getur þó reynst þrautin þyngri að segja skilið við reykingarnar. Jóhanna bendir á að fjölmörg úrræði eru til fyrir reykingafólk á Íslandi. Ráðgjöf í reykbindindi er gjaldfrjáls símaþjónusta þar sem starfa hjúkrunarfræðingar með sérþekkingu í tóbaksmeðferð. „Sumir hringja inn með spurningu og vilja ekkert meira en flestir þiggja að taka þátt í meðferðinni,“ segir Jóhanna og mælir eindregið með henni. „Rannsóknir sýna að mestu máli skiptir að fá ráðgjöf og eftirfylgni,“ bætir hún við en boðið er upp á eftirfylgni í heilt ár.

Símanúmer ráðgjafarinnar er 800-6030 og síminn er opinn alla virka daga milli klukkan 17 og 20. Auk hennar bendir Jóhanna á spjallþráð á vefsíðunni www.reyklaus.is þar sem fyrrverandi reykingafólk deilir reynslu sinni og hjálpar þeim sem vilja hætta að reykja.



Reykingar eru konum sérstaklega skaðlegar en það er aldrei of seint að hætta. MYND/GETTY IMAGE



## MASKARINN GERIR ÞIG 5 ÁRUM ELDRI

**Konur sem** eru komnar á miðjan aldur og þar yfir ættu ekki að nota mikinn maskara á neðri augnhár. Þær eiga ekki heldur að mála svört strik undir augun. Konur eldast um fimm ár séu þær með mikinn maskara, segir Karim Sattar, þekktur förðunarmeistari. Hann hefur meðal annars starfað með Claudiu Schiffer, Jane Fonda, Mónakó-prinsessunni og Tyru Banks. Dökkur litur undir augum þyngir andlitssvipinn og gerir konur þreytulegri og eldri, segir meistarinn. Rétt förðun skiptir því miklu máli fyrir konur þegar þær eldast.

**Karim hefur** fimmtán ára reynslu í förðun og þykir mikill listamaður í sínu fagi. Hann hefur starfað fyrir Vogue, Marie Claire, Glamour og Cosmopolitan. Karim er Þjóðverji og helsta starf hans hefur verið fyrir The Body Shop.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512 5427
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# Vörur sem henta öllum konum

Vivag eru hreinlætisvörur sérhannaðar fyrir viðkvæma líkamshluta kvenna. Vörulínan er mild en áhrifarík og hentar sérstaklega vel fyrir þurra og viðkvæma húð.

Vörulína Vivag inniheldur mjólkursýru og er án litarefna, rotvarnarefna og parabenefna. „Vivag eru hreinlætisvörur sérhannaðar fyrir viðkvæma líkamshluta kvenna. Umræða um þessar vörur og þörfina fyrir þær er viðkvæm en að sama skapi nauðsynleg,“ segir Berglind Erna Þórðardóttir, vörumerkjastjóri fyrir Vivag hjá Icepharma.

Tíður þvottur á kynfærasvæði með sterkum sápuefnum getur leitt til ertingar, sviða og kláða í húðinni. Því er mælt með að nota mildar, til þess gerðar vörur sem innihelda rétt sýrustig svo eðlilegt jafnvægi svæðisins raskist ekki.

„Vörurnar frá Vivag eru fjölbreyttar og henta öllum konum. Við erum með sápu til daglegrar notkunar, rakaaukandi gel sem einnig er hægt að nota sem sleipiefni, blautklúta sem henta vel viðkvæmri húð kynfærasvæðisins og tryggja að húðin þorni ekki. Einnig veita þeir hreinlætistilfinningu og eru tilvaldir að hafa með í ferðalögin,“ segir Berglind.

Vivag Meno er lína sem er sérstaklega ætluð konum um og eftir breytingaskeið. „Á því tímabili minnkar frjósemi kvenna, blæðingar hætta og sýrustig á kynfærasvæðinu hækkar í um það bil 6 frá því að vera áður í 4,6. Margar konur finna fyrir því að slímhúð í leggöngum þynnist og verður viðkvæmari þegar breytingaskeið hefst. Þess vegna er nauðsynlegt að velja hreinlætisvörur með tilliti til þess.“

Meno-línan samanstendur af sápu og kremi. „Sápan er mild, eykur raka og verndar húðina á kynfærasvæðinu auk þess að eyða óþægilegri lykt. Meno sápan stuðlar að því að ná upp eðlilegu ástandi og vernda það en hana má nota daglega. Kremið er nokkurs konar varnarkrem sem er verndandi og mýkjandi krem fyrir viðkvæma húð kynfærasvæðisins og tryggir að húðin þorni ekki, heldur haldist stinn. Kremið mýkir húðina og eykur og viðheldur raka. Kremið er vatnsfælið og eykur með því mótstöðuafl húðarinnar gegn ytra áreiti, til dæmis vegna þvagleka. Það er borið á eftir þörfum á viðkvæma húð á kynfærasvæðinu, eða þar sem húðin þarfnast sérstakrar verndar,“ segir hún.

Vivag vörulínan á afar trygga notendur og ættu allar konur að finna vöru innan línunnar sem hæfir þeirra þörfum. Vivag vörurnar fást í Fjarðarkaupum, Hagkaupi og í apótekum. „Margar konur veigra sér við að spyrja um vörur sem þessar í búðum þannig að benda má á að mikið af upplýsingum er á heimasíðu okkar, vivag.is.“ Á síðunni er einnig hægt að skrá sig og fá senda prufu af Vivag sápu.









## BREYTT MATARÆÐI

**Eftir því** sem við eldumst minnkar orkuþörf okkar. Ástæðuna má fyrst og fremst rekja til minni hreyfingar og vöðvarýrnunar. Þrátt fyrir það minnkar ekki þörfin fyrir vítamín, prótín, steinefni og trefjaefni. Því þarf að huga vel að innihaldi og næringargildi matarskammta á efri árum svo þeir innihaldi öll nauðsynleg næringarefni samkvæmt vef Lýðheilsustöðvar. Þar er meðal annars bent á að ráðlegt sé að borða fituskerta fæðu og þá sérstaklega að sneiða hjá mettaðri fitu. Mælt er með hæfilegri hreyfingu til að minnka líkur á hægðatregðu. Til að vinna bug á henni er mælt með aukinni neyslu ávaxta, grænmetis og grófs kornmetis. Með jafn trefjaríkum mat er nauðsynlegt að drekka nóg af vatni og er mælt með átta glösum á dag. Algengt er að járnskortur láti á sér kræla hjá eldra fólki og fyrir því geta verið margar ástæður. Því er nauðsynlegt að auka daglega neyslu á járnríkri fæðu eins og til dæmis rauðu kjöti, járnbættu kornmeti, kornmeti og grænlaufagrænmeti. Til að hámarka á sama tíma frásogið á járninu úr fæðunni er gott að neyta fæðu sem er C-vítamínrík, til dæmis ávaxta eða glass af hreinum ávaxtasafa og neyta grænmetis með hverri máltíð.

## MIÐALDRA KONUR MEÐ YNGRI MÖNNUM



**Seinustu ár** hefur það færst í aukana að miðaldra konur séu farnar að yngja upp. Þær eru oft kallaðar „cougars“ á ensku. Slíkum konum er yfirleitt lýst sem konum sem eru öruggar með sjálfar sig, taki yfirleitt stjórnina í sambandinu og séu kynþokkafullar.

Yfirleitt eru það karlarnir sem leita sér að eldri konu. Þeir heillast af sjálfstraustinu og reynslunni og finnst gott að þurfa ekki að sjá um konuna fjárhagslega. Bíógestir sáu margir slíkt samband í fyrsta sinn í bandarísku kvikmyndinni The Graduate en einnig hafa margar Hollywood-stjörnur verið með yngri mönnum eins og til dæmis Demi Moore og Susan Sarandon. Enn eru þó margir sem líta slík sambönd hornauga þó svo að það hafi þótt eðlilegt í margar aldir að karlar séu í sambandi við yngri konur. Tímarnir eru þó að breytast og samfélagið er að taka þessi sambönd í sátt.

## ÁFENGI MINNKAR LÍKUR Á HEILABLÓÐFALLI



**Allt er** gott í hófi. Rannsóknir hafa sýnt að konur sem drekka sjö vínglös eða bjóra á viku eru ólíklegri til þess að fá heilablóðfall en konur sem drekka ekkert áfengi. Rannsókn þessi var gerð á 83 þúsund konum sem fylgt var eftir í 26 ár. Áfengi er þó tvíeggjað sverð. Varast verður að drekka það í óhóflegu magni vegna þess að þá getur blóðþrýstingurinn hækkað og hætta á gáttatifi eykst sem síðan eykur líkurnar á heilablóðfalli. Hugsanlegt er að áfengið sjálft hafi verndandi áhrif og dragi úr hættu á heilablóðfalli. Hófleg áfengisneysla getur haft jákvæð áhrif á blóðfitur og dregið úr blóðsegamyndun. Því þurfa konur ekki að fá samviskubit yfir að fá sér vínglas með kvöldmatnum.

# Sætindi og gotterí



Margir kannast við að kunna sér ekki hóf þegar kemur að sælgætisneyslu. Þetta er oftast vítahringur sem stafar af mataræði. Til dæmis getur óhófleg saltneysla aukið þörfina fyrir sykur. Sykurinn veldur vímu sem dettur snögglega niður og sykurþörfin rís á ný. Hvað er til ráða?

1. Prótín. Sumir upplifa sykurþörf þegar líkaminn kallar á prótín. Eggjahvítur og skyr eru góðir prótíngjafar.
2. Fjarlægið freistingar. Farið í gegnum skápana og losið ykkur við sætindin. Reynið að forðast að kaupa meira í búðinni.
3. Fáið ykkur göngutúr í staðinn fyrir eftirrétt. Ef löngunin er enn til staðar eftir tíu mínútur skuluð þið bursta tennurnar en eftirbragðið blandast ekki vel við sætubragð svo löngunin ætti að hverfa.
4. Dreifið huganum. Besta ráðið er að reyna að gleyma lönguninni. Lesið bók, spilið á hljóðfæri, sinnið erindagjörðum eða hreinlega leggið ykkur. Forðist að sitja við eldhúsborðið og hugsa um sælgæti.
5. Skiptið sætindum út fyrir ávexti. Ávaxtasykur er hollari en hvítur sykur og trefjarnar í ávöxtunum hægja á upptöku sykursins.
6. Veljið vel. Ef þið ætlið að gera vel við ykkur á laugardagskvöldi skuluð þið frekar fá ykkur tvo bita af 70% súkkulaði heldur en mjólkursúkkulaði eða lakkrís.
7. Lesið á umbúðir. Það er ótrúlegt hversu mikill hvítur sykur leynist í matvörum sem við neytum dagsdaglega. Sniðgangið þær allra sætustu.
8. Drekkið vatn. Það er ótrúlegt hvað tvö stór vatnsglös geta gert.
9. Ekki borða sykraðan morgunmat og reynið að forðast sykur þangað til í kaffitímanum. Sykurneysla fyrri part dags kveikir á sykurþörfinni yfir daginn og getur valdið ógleði og óþægindum í maga.
10. Hafið hollt snakk til reiðu. Frosin vínber og bananar eru hreinasta sælgæti!

Að lokum er gott að hafa í huga að enginn breytist á einum degi og þess vegna er best að taka þetta í litlum skrefum. Annars er hætta á að falla í freistni og jafnvel tapa sér algjörlega. **halla@365.is**



# FJÁRFEST Í FIMM STJÖRNU VERKSTÆÐI

**GB KYNNIR** *Breyting varð á eignarhaldi fimm stjörnu réttinga- og málningarverkstæðisins GB Tjónaviðgerða þann 1. júní síðastliðinn þegar hjónin Erlendur K. Ólafsson og Hafdís Harðardóttir keyptu helmingshlut í fyrirtækinu.*

GB Tjónaviðgerðir var stofnað af hjónunum Gunnlaugi Bjarnasyni og Helgu Runólfsdóttur þann 1. júní 1998. Erlendur K. Ólafsson hefur verið starfsmaður fyrirtækisins frá upphafi. Hann fjárfesti nýverið í helmingshlut þess ásamt konu sinni, Hafdísi Harðardóttur, nákvæmlega 14 árum eftir stofnun fyrirtækisins. Aðspurður hvort dagsetningin hafi verið tilviljun, segir Erlendur: „Það var bæði tilviljun og til gamans gert. Okkur fannst skemmtilegt að gera þetta á 14 ára afmæli fyrirtækisins sem er líka starfsafmæli mitt þar sem ég hef verið hér frá upphafi.“

**FIMM STJÖRNU VERKSTÆÐI**

GB Tjónaviðgerðir var fyrst allra verkstæða á Íslandi til að taka upp nýjan staðal Bílgreinasambandsins og hljóta fimm stjörnur sem viðurkennt tjónaverkstæði Sjóvár.

Staðlinum er fylgt eftir af óháðum aðila til þess að tryggja að stöðugt sé unnið eftir honum. „Þessi árangur segir margt um metnað starfsfólksins en lykillinn að góðum vinnubrögðum er gott starfsfólk. Við höfum verið það lánsöm að flestir hafa unnið hjá fyrirtækinu í fjölda ára og þannig hefur skapast mikil þekking og reynsla innan þess. Til dæmis hlutum við viðurkenningar frá Brimborg sem þjónustuaðilar þar sem nokkrir starfsmenn okkar hafa sótt námskeið erlendis vegna vörumerkja þeirra.“ Starfsmenn GB sækja einnig reglulega námskeið tengd málningarefnum hérlendis og erlendis og fylgjast þannig með nýjungum í greininni.

**VIÐMÓT SKIPTIR MÁLI**

„Fyrst og fremst snýst þetta auðvitað um að veita góða og vandaða viðgerð. En gott viðmót og alhliða þjónusta við kúnnann skiptir líka máli. Allt frá því að hann kemur inn með bílinn þar til hann sækir hann, þannig að við vöndum okkur í samskiptum við kúnnann. Við þjónustum allar gerðir bíla og vinnum fyrir öll tryggingarfélög.“

Til stendur að auka og bæta enn frekar samstarf við helstu viðskiptavini. Liður í því er að taka í notkun nýtt verk- og bókhaldskerfi sem mun bæta til muna flæði verkefna og halda betur utan um stöðu þeirra hverju sinni. „Svo reddum við fólki að sjálfsögðu bílaleigubíl ef það óskar eftir því á meðan bíllinn er í viðgerð.“

**VAXANDI FYRIRTÆKI**

GB Tjónaviðgerðir er vaxandi fyrirtæki. Upphaflega var húsakostur þess að Draghálsi 6-8 um 700 fermetrar en árið 2005 var hann stækkaður upp í 1.400 fermetra. Fjöldi starfsmanna hefur einnig aukist og starfa nú fjórtán á verkstæðinu auk eigenda. „Við leitumst við að vera í fremstu röð fyrirtækja á sviði tjónaviðgerða, bæði í tækjabúnaði og þekkingu starfsmanna. Við erum með tvo réttingarbekki ásamt grindarmælitækjum. Nýlega festum við kaup á fullkominni suðuvél frá Gys sem sýður kopar, ál og stál. Einnig stendur til að fá fullkomna punktsuðuvél frá sama aðila og uppfylla þannig viðgerðarstaðla allra bílaframleiðenda,“ segir Erlendur stoltur.



**METNAÐARFULL HJÓN** Eigendur GB frá vinstri: Hafdís Harðardóttir, Helga Runólfsdóttir, Erlendur K. Ólafsson og Gunnlaugur Bjarnason. Þau stefna á að verða í fremstu röð fyrirtækja á sínu sviði.






# SKIPTU UM SKOÐUN

Það er **ódýrara**.




| | |
|---|---|
| Tékkland | 8.395 |
| Aðalskoðun | 9.460 |
| Frumherji | 8.900 |

Samanburður á verðskrá aðalskoðunar bifreiða undir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, skv. vefsíðum fyrirtækjanna 11. júní 2012

TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

Borgartúni / Reykjavíkurvegi / Holtagörðum / Sími 414 9900 / www.tekkland.is

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

**0-250 staðgreitt**
Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarnast lagfæringar. Sími 857 9326.

HVERNIG ER VEÐRIÐ Í DAG? vísir

## Jeppar



SSANGYONG Rexton RX-270 (diesel). Árg. 2004, ek.136 þús, V. 2.090 þús. Snyrtilegur og vel með farinn bíll. Uppl. í síma 896-1231

## Sendibílar

568 5000 NS Nýja sendibílastöðin

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Kerrur



Tilboð 135þ.m/vsk. Topplausnir smiðjuvegi 40 s:517-7718 www.topplausnir.is



**Íslenskar kerrur!**
Kerrur br.1,25m. L. 2,00-3,0m. B.geta 750kg., 13" dekk. Verð frá kr.196.000 www.brimco.is Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos s. 894-5111 Opið kl.13-16.30



**Verfærageymsla**
Til sölu frábær yfirbyggð verfærageymslu kerra fyrir iðnaðarmenn með hillum skápum og skúffum V.250Þ S.660-1050

# Þjónustuauglýsingar Sími 512 5407

**Heiða Jack** Landslagsarkitekt FÍLA
Tek að mér ráðgjöf, hönnun og skipulag
-Einkagarðar -Fjölbýlishúsalóðir
-Svalagarðar -Sumarhúsalóðir
-Fyrirtækjalóðir
Áhersla á lágt viðhald
Sími: 823-7085
heidajack@internet.is

**PALLAR.IS**
Ál hjólapallar / veggjapallar
Sala Leiga
Veðurnet / Öryggisnet
Áltöppur / stigar
altrex KVARNIR Akralind 8
www.kvarnir.is Sími: 564 6070

**Jón & Salvar** Byggingaverktakar S. 894 3343 - 564 2021
Getum bætt við okkur verkefnum vegna góðrar starfsmannastöðu
Uppsteypa - almenn byggingavinna - viðhald.
Erum vel búnir tækjum og reynslu í flest verk.
Upplýsingar í s. 894 3343 eða jonogsalvar@simnet.is

**ALLT Í KAMBSTÁLIÐ**
- Klippt & beygt kambstál 6 – 32 mm
- Tengijárnabakkar & Samsetningahólkar
- Fjarlægðaplast og Bindivír
- Vélar & Tæki til vinnslu Kambstáls

Bindir & Stál ehf. • www.bindir.is
Hvaleyrarbraut 39 • 220 Hfj • S.564 6050 • bindir@simnet.is

• Ættarmót • Garðveislur • Afmæli • Brúðkaupsveislur • Útisamkomur • Skemmtanir • Tónleikar • Sýningar • Fermingar • Kynningar o.fl.
**Viðrar vel til veisluhalda?**
Tjöld af öllum stærðum. Borð, bekkir, stólar ofl.
550 9800
Tjaldaleiga skáta
Hraunbær 123 • 110 Reykjavík • Sími 550 9800
Netfang: tjaldaleiga@skatar.is • www.skatar.

**GARÐASmiði**
• PALLAR • SKJÓLGIRÐINGAR • HELLULAGNIR • GRJÓTHLEÐSLUR • TRJÁKLIPPINGAR • GARÐAÞJÓNUSTA
• sími 899 5700 • www.gardasmidi.is

Trjáplöntur á frábæru verði. 2m birki m/hnaus aðeins 3000kr. 2,5m aspir m/hnaus aðeins 3000kr grenitré og fleira.
Besta verðið í bænum
Lagersalan • S. 861 7541 • Kauptúni 3 v/hl á Habitat og Tekk
Opið virka daga 13-18 lau og sun13-17

**LOK Á HEITA POTTA**
- Einangrunarlok
- Yfirbreiðslur
- Metum ástand og gerum við

*Verð frá kr. 78.000.-*
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 fjardarbolstrun@gmail.com

**byggjum:**
múrarar, málarar, píparar flísalagnir, alhliða viðhald
heildarlausnir í framkvæmdum
www.byggjum.is
s.578 6080
byggjum

**Allt á einum stað**
BREMSUVIÐGERÐIR HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR RAFGEYMAÞJÓNUSTA
SPINDILKÚLUR OLÍS SMURSTÖÐ
ALLAR PERUR BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS**
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
Smiðjuvegur 2 • Kópavogur
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**
- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar
LP VERK ehf. BYGGINGAFÉLAG
Allar almennar húsaviðgerðir!
698 6738
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**IVECO**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**SPARAÐU BENSÍN!**
Metan uppfærðu bílinn þinn
Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu.
Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan
Lán til allt að 48 mánaða
bigas
VélRás Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

**VARAHLUTIR**
Iveco • Benz • Man • Renault
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 892 3996 • www.velanaust.is

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

**Hef opnað samtalsmeðferðastofu í Síðumúla 13**
Sími 778 8076 eða asdissig@gmail.com
Ráðgjöf, sjálfstyrking, námsráðgjöf, áhugasviðsgreining, hugræn atferlismeðferð gegn kvíða og depurð.
Ásdís Sigurðardóttir
BA sálfræði, náms- og starfsráðgjafi

Vorum að taka upp glæsilegan aðhaldsfatnað frá
Vanity Fair
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

# Alla fimmtudaga og laugardaga

gunny@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is




**SUMARÚTSALA út júní 15% afsláttur af ÖLLUM vörum verslunarinnar**
Mikið úrval af saltkristalsvörum. Einnig mikið úrval af andlegum og náttúruvænum vörum. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata). Opið í sumar virka daga 11-17 Sími 517-8060 ditto.is

**Hágæða sláttutraktórar**



Estate Pro 22 sláttutraktór
STIGA
Vetrarsól ehf.
Askalind 4 - Kópavogi - Sími 564 1864



**Gróðurhús TILBOÐ !!!**
6fm með hertu gleri 230þ. 9fm með hertu gleri 330þ. KLIF ehf, S:552-3300.

**Til sölu ódýrt 55ha la**
Til sölu 55ha land, milli Selfoss og Eyrarbakka. Landið liggur meðfram þjóðvegi, gott beitiland og aðgengi að vatni allt árið. Nýjar girðingar. Verð 23m Uppl 868-3450 bygg@internet.is

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
DETOX - ÚTHREINSUN á öllum líkamanum. NUDD upp f. hné á eftir. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

## Námskeið



KYNNINGARFYRIRLESTUR UM
**KRIYA YOGA**
Peter van Breukelen heldur fyrirlestur 15. júní kl. 19 í Yogastöðinni Heilsubót, Síðumúla 15. Aðgangur ókeypis.
Nánari upplýsingar: 691 8565
www.kriyayoga.is

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Dýrahald



**Gullfallegir Beagle hvolpar**
Beagle hvolpar undan vel ættuðum foreldrum eru að leita að góðum heimilum. Verða afhentir heilsufarsskoðaðir, bólusettir, örmerktir og með ættbók frá HRFÍ. Uppl. í síma 663 2712

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
**Heitar kynlífsögur**
905-2002 • 535-9930
**Símadömur • live spjall**
908-6000 • 535-9999

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Til leigu glæsileg, rúmgóð 2 herb. íbúð með öllu, á fyrstu hæð á Klapparstíg. Nýstandsett. Uppl. í s. 616-6886 eftir kl. 14

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óskum eftir 3 - 4 herbergja íbúð til leigu í Garðabæ. Við erum að leita af langtímaleigu. Erum reglusöm, með fastar tekjur og getum borgað tryggingu. Vinsamlegast sendið póst á erlaj@hjalli.is

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Atvinna

## Driver/Administrative support

The Delegation of the European Union to Iceland (www.esb.is) is seeking to recruit a Driver/Administrative Aid with the following qualifications and qualities:

- Driver's licence and at least 5 years of driving experience
- Secretarial and/or administrative experience or corresponding skills
- Fluent in Icelandic and English
- Flexible, pro-active, punctual, team player and organised
- Computer skills

Please e-mail a CV and a cover letter of motivation before 28 June (English only) to:
delegation-iceland@eeas.europa.eu

## Tilkynningar

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

**Auglýsing um skipulag – Hafnarfjarðarbær**
**Tillaga að deiliskipulagi fyrir Hamranesnámu.**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 6. júní 2012 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Hamranesnámu í Hafnarfirði í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Deiliskipulagstillagan felur í sér að gengið er frá núverandi svæði, landið mótað og grætt upp.
Deiliskipulagstillagan kallaði á aðalskipulagsbreytingu sem öðlast hefur gildi.

Tillagan verður til sýnis hjá skipulags- og byggingarsviði Norðurhellu 2, frá 18. júní -30 júlí 2012. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á forsíðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.
Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar innan þess frests og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

*Skipulags-og byggingarsvið Hafnarfjarðar.*

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Sölufólk óskast í aukavinnu! Nánari upplýsingar á kynstrin@kynstrinoll.is og í s. 690-3569

Kvikkfix leytar af manneskju í móttöku, lærða bifvélavirkja og mann á verkstæði. Áhugasamir sendi tölvupóst á kvikkfix@kvikkfix.is

Óska e.skólafólki (15-20) í vinnu í sumar og áfram með skóla. Umsóknir sendist á thjonusta@365.is merkt „skólafólk" fyrir 18.júní

**Smíðavinna**
**Óska eftir smiðum, góð verkefnastaða.**
**Uppl. s. 696 0558.**

## Fasteignir

EIGNAMIÐLUN Reykjavík



Kjartan Hallgeirsson löggiltur fasteignasali
Frá 1957
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*
Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

**Fossvogur – óskast**

**Óskum eftir einbýlis- eða raðhúsi í Fossvogi.**

**Allar nánari upplýsingar veitir Kjartan Hallgeirsson löggiltur fasteignasali í síma 824-9093**



Sigrún Stella Einarsdóttir
lögg. fasteignasali
GSM 824 0610

FASTEIGNA MIÐLUN GRAFARVOGS

**DVERGABORGIR 3, ÍBÚÐ 303.**
**OPIÐ HÚS FIMMTUDAGINN 14. JÚNÍ KL.17-18**
**VERIÐ VELKOMIN!**




LAUS 1.JÚLÍ. Björt og rúmgóð 67,0 fm 2ja herbergja íbúð með sér inngangi af svölum á 3. og efstu hæð við Dvergaborgir í Grafarvogi. Mjög gott útsýni að Esjunni er úr íbúðinni. Stórar suður svalir. Húsið stendur innst í botnlanga í fallegu og snyrtilegu umhverfi. **V. 16.4 millj.**

Sími 575 8585 FASTEIGNASALAN Í ÞÍNU HVERFI www.fmg.is

## Útboð

Sveitarfélagið Ölfus

# Þorlákshöfn-leikskóli Jarðvinna og lagnir

Verkið er fólgið í jarðvinnu og lagnavinnu vegna fyrirhugaðar byggingar leikskóla við Hafnarberg í Þorlákshöfn. Jarðvegsskipta skal fyrir nýju húsi, götum, bílastæðum og gangstéttum, fleyga fyrir heimæðarlögnum og ganga frá tengibrunnum innan lóðamarka fyrir væntanlega húsbyggingu.
**Helstu magntölur eru, gróft áætlaðar:**

Gröftur 500m³
Fleygun 600m³
Fyllingar 1.500m³

Flatarmál verksvæðis er upb 4.000m³
Skiladagur verksins eru: 15 ágúst 2012
Útboðsgögn verða seld á skrifstofu sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1 , frá og með kl 12:00 föstudaginn 15. Júní 2012. Verð útboðsgagna er kr.5.000. Hægt er að fá útboðsgögn send með tölvupósti gegn staðfestingu greiðslu fyrir útboðsgögn.
Tilboð verða opnuð á skrifstofu sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1, föstudaginn 6. júlí, kl 11:00.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
2. stagl, 6. 950, 8. ról, 9. fugl, 11. í röð, 12. bolur, 14. gróðabrall, 16. tveir eins, 17. gerast, 18. bjálki, 20. frá, 21. tegund.

**LÓÐRÉTT**
1. samtals, 3. samtök, 4. tungumál, 5. skjön, 7. andmæli, 10. sægur, 13. viðmót, 15. töng, 16. stefna, 19. pfn.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. tafs, 6. lm, 8. ark, 9. lóm, 11. áá, 12. stofn, 14. brask, 16. áá, 17. ske, 18. tré, 20. af, 21. tagi.
**LÓÐRÉTT:** 1. alls, 3. aa, 4. franska, 5. ská, 7. mótbára, 10. mor, 13. fas, 15. kefi, 16. átt, 19. ég.

# Læri, læri, tækifæri

**BAKÞANKAR**
Friðriku Benónýs



Hugsum okkur að yfir standi Evrópumeistaramót í knattspyrnu kvenna. Sent er beint frá öllum leikum, áhorfið er gífurlegt og spennan mikil. Á Facebook skiptast menn á skoðunum um gæði liða og leikja, halda fram sínum konum og ulla á hinar. En hvað er nú þetta? Hver karlinn á fætur öðrum setur inn Facebook-status þar sem hann tjáir sig í löngu máli um stælta rassa og stinn læri stúlknanna inni á vellinum. Þetta gengur náttúrulega ekki og viðbrögð kvenna og meðvitaðra karla láta ekki á sér standa. Þetta er karlremba af verstu sort, niðurlæging fyrir konurnar sem hafa lagt hart að sér við æfingar og keppni og lýsir engu öðru en ógeðslegu innræti skrifarans. Og hana nú!

**AUÐVITAÐ** er þetta algjörlega ímyndað dæmi. Þessi staða gæti aldrei komið upp. Karlmenn sem skrifuðu svona yrðu ofsóttir vikum saman. Enda dytti engum karli með vott af sjálfsvirðingu og greindarvísitölu yfir 80 í hug að láta svona vitleysu frá sér fara. Þetta gæti bara gerst í ímynduðum heimi.

**Í RAUNVERULEIKANUM** stendur yfir Evrópumeistaramót í knattspyrnu karla. Sent er beint frá öllum leikjum, áhorfið er gríðarlegt og spennan mikil. Umræðan á Facebook litast af knattspyrnuáhuganum og menn ræða kost og löst á leikjum og liðum. En hvað er nú þetta? Hver konan eftir aðra setur inn Facebook-status þar sem hún fer fögrum orðum um stinna rassa og stælt læri leikmannanna á vellinum. Og það sem enn furðulegra er, þessir statusar vekja hrifningu annarra kvenna. Þær kommenta í röðum og lýsa yfir svipuðum skoðunum á líkamshlutum leikmanna, setja inn broskarla, blikkkarla og upphrópunarmerki í löngum bunum. Enginn minnist á niðurlægingu fyrir karlana sem hafa lagt hart að sér við æfingar og keppni. Enginn talar um ógeðslegt innræti, hvað þá karlfyrirlitningu. Þetta þykir bara svakalega svalt og sanna hvað konur séu nú orðnar frjálsar. Og svo skilja þær ekkert í því að ekki skuli vera fengnar fleiri konur til að tjá sig opinberlega um fótboltann.

**ÉG HEF** horft á fótbolta síðan ég man eftir mér. Spilaði hann á yngri árum, á mitt uppáhaldslið og leikmenn og breytist í ofstækisfulla fótboltabullu í mánuð annað hvert ár þegar EM og HM fara fram. Horfi á alla leiki sem ég get, hoppa og öskra og reyti hár mitt. Dáist að boltameðferð, samspili, baráttuanda og glæsilegum mörkum. En læri og rassar leikmanna hafa aldrei vakið athygli mína. Ætli ég sé kannski ekki kona?

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

## Óveruleg breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024

### Reykjavegur – Ný undirgöng

Borgarráð Reykjavíkur hefur samþykkt tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 varðandi undirgöng undir Reykjaveg á móts við Suðurlandsbraut. Breytingin felur í sér að heimila gerð undirganga undir Reykjaveg til að greiða leið og auka öryggi hjólreiðamanna og gangandi vegfarenda á stíg meðfram Suðurlandsbraut. Breytingartillagan nær til þéttbýlisuppdráttar aðalskipulagsins. Sjá nánar um tillögu á vef skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar, ***skipbygg.is***.

Aðalskipulagstillagan hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar, skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um óverulegar breytingar á aðalskipulagi.

Skipulagsstjórinn í Reykjavík.

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

## Óveruleg breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024

### Ásholtsreitur – Brautarholt 7

Borgarráð Reykjavíkur hefur samþykkt tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 varðandi skilgreiningu á þéttingarreit nr. 18, við Ásholt. Breytingin felur í sér að heimilt verði að byggja allt að 100 nemendaíbúðir á reitnum, einkum litlar einstaklingsíbúðir. Breytingin hefur ekki í för með sér aukningu byggingarmagns eða hækkun nýtingarhlutfalls á reitnum, frá þeim heimildum sem eru í gildandi aðalskipulagi um þéttingarreitinn. Breytingartillagan nær til 5. myndar í Greinargerð I, (1. mynd í netútgáfu). Sjá nánar um tillögu á vef skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar, ***skipbygg.is***.

Aðalskipulagstillagan hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar, skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um óverulegar breytingar á aðalskipulagi.

Skipulagsstjórinn í Reykjavík.

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott




SUMAR TILBOÐ
GLÆSILEGUR NÝR 4BLS SUMARBÆKLINGUR
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
ENN BETRA VERÐ
14MP MYNDAVÉL
14MP stafræn myndavél, 5x optical zoom, 2.7" LCD skjár, Auto HDR og hristivörn
14.900
BenQ DC AE100 MYNDAVÉL
NÝTT SJÓÐHEITT VAR AÐ LENDA
4GB MP3 SPILARI
4GB MP3 spilari með endurhlaðanlegri rafhlöðu, flott heyrnartól og hálsól fylgja
4.990
FÆST Í 4 LITUM
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
SPILAR HD 1080p H.264, MPEG4, MKV og fleira
android
7" SPJALDTÖLVA
Spjaldtölva fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Android 2.3
16.900
ÓMISSANDI Í SUMARFRÍIÐ :)
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
ASUS
hp
lenovo
packard bell
SAMSUNG
TOSHIBA

# menning

menning@frettabladid.is



**AUGLÝST EFTIR MYNDUM Á RIFF** RIFF, Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, auglýsir eftir íslenskum kvikmyndum til að sýna á hátíðinni sem verður haldin dagana 27. september til 7. október 2012. Auglýst er eftir leiknum kvikmyndum, heimildarmyndum og stuttmyndum. Skilafrestur fyrir myndir rennur út hinn 15. júlí næstkomandi. Allar nánari upplýsingar má finna á www.riff.is.



**HLYNUR HELGASON** Flytur fyrirlestur í tengslum við Sjálfstætt fólk í dag.

## Hádegiserindi í Hafnarhúsi

**Hlynur Helgason, myndlistarmaður og heimspekingur, flytur hádegisfyrirlestur í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu í dag undir yfirskriftinni Af auðveldi og myndlistarheimi – lærdómur dreginn af ástandinu.**

**Fyrirlesturinn er í tengslum við sýninguna „Sjálfstætt fólk“ og er sá fjórði í röðinni af framsögum og ræðum fræðimanna, aðgerðarsinna og listamanna, sem er hluti af sýningu Hlyns Hallssonar og Jónu Hlífar Halldórsdóttur, Kerfi. Sýningin er hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík.**

**Fyrirlesturinn í Hafnarhúsinu hefst klukkan 12.15 og stendur til 12.45.**

## Hálendissól og hraun á litaspjaldi

Iceland colours + patterns nefnist litaspjald sem Forlagið hefur gefið út. Á spjaldinu eru samankomnir fjölmargir litir sem finna má í íslenskri náttúru og umhverfi, svo sem litur fjalla hálendisins böðuðum í miðnætursól, malarvega, bárujárnsþaka og hraundranga.

Spjaldið er meðal annars hugsað sem innblástur við hvers kyns listsköpun eða handverk og er kjörið að hafa til hliðsjónar þegar maður prjónar peysu eða málar húsið, vilji maður sækja litina í íslenskt umhverfi.

Textinn á spjaldinu er á ensku.





**FALINN - GONE** Verk Ragnars kemur skemmtilega á óvart að mati gagnrýnanda, sjónarspilið er í ágætum takti við Hlemm og speglunin býr til dáleiðandi myndir sem hægt er að horfa á vel og lengi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# DÁLEIÐANDI LÁGTÆKNI

Myndlist ★★★☆☆

**Falinn - Gone**

Ragnar Már Nikulásson

**Útibú Kling og Bang, Hlemmi**

Á hinu annars ruglingslega og óaðlaðandi Hlemmsvæði í Reykjavík er hægt að njóta myndlistar í nokkrum mæli. Svæðið hefur enda í áratugi verið í nágrenni við merkar listastofnanir eins og Myndlista- og handíðaskólann – síðar Listaháskólann – og Kjarvalsstaði, að ógleymdu Gallerí Hlemmi sem rekið var um nokkurt skeið við Hlemmtorgið.

Á Hlemmsvæðinu er nú hægt að skoða myndlist á nokkrum stöðum. Í sýningarglugga Arion bankaútibúsins, Rauðarárstígsmegin, hafa verið um þó nokkra hríð til sýnis tvö skemmtileg verk eftir Helga Þórsson, málverk málað í líflegum barnslegum stíl sem heitir Skólaball og höggmynd úr bastkörfu og pappamassa sem heitir Prófessorinn, í sama stíl og málverkið, af manni með lampaskerm á höfðinu.

Hinum megin götunnar er hið umsvifamikla Gallerí Fold með mikið úrval myndlistar. Ekki langt undan, að Hverfisgötu 61, starfrækja nokkrir myndlistarmenn gallerí Klósett, en það er eins og nafnið gefur til kynna staðsett inni á klósetti á vinnustofum listamannanna. Þar standa sýningar jafnan stutt yfir, eða bara um opnunarhelgina sjálfa. Sá sem síðast sýndi á klósettinu var listamaðurinn Gulli Már, verkið „A Very Private Gentleman“. Þetta var ein stór ljósmynd af manneskju á nærfötunum, konu að því er virðist, sem stendur berleggjuð með brúsa af barnaolíu í vinstri hendi fyrir ofan óumbúið rúm. Viðeigandi verk fyrir sýningarrýmið.

Yfir Hlemmnum sjálfum vakir síðan útilistaverk Sigurjóns Ólafssonar, Klyfjahestur, og virkar sem jarðtenging í óreiðukenndu umhverfi.

Úrval myndlistarviðburða við Hlemm jókst nú nýverið þegar félagarekna galleríið Kling og Bang, sem er með höfuðstöðvar sínar við Hverfisgötu í Reykjavík, opnaði útibú úti á miðju gólfi á sjálfum Hlemmi, þ.e. inni á stoppistöðinni, og kallar sýningarstaðinn Public Art Center – Kling og Bang útibú.

Sýningarrýmið, boxið sem hýsir sýninguna, er stór og myndarlegur hvítur járnkassi með gleri á öllum hliðum og lýsingu. Uppsetningin er samt óþarflega hrá ennþá með rafmagnssnúru hangandi druslulega ofan úr loftinu.

Fyrsti sýnandi í rýminu er Ragnar Már Nikulásson með verkið „Falinn – Gone“. Verk Ragnars í kassanum er fallegt og jafnvel seiðandi, á sinn látlausa „lágtæknilega“ hátt. Verkið sjálft er sjáanlegt lögreglustöðvarmegin, og samanstendur af tveimur skáhallandi speglum og í endanum er eins konar rafdrifin rúllugardína sem á hefur verið spreyjuð gul lína. Saumuð samskeytin spila einnig rullu í sýningunni og við sögu koma lausir endar í efninu, málningarblettir og annað ef vel er að gáð.

Aðalatriðið er hins vegar sjónarspilið sem verður til og það yfirbragð sem listamaðurinn hefur valið og er í ágætum takti við Hlemminn. Verkið minnir strax á kviksjá. Rúllugardínan er á stöðugri ferð og speglunin býr til dáleiðandi myndir sem hægt er að horfa á vel og lengi. Þetta er verk sem kemur skemmtilega á óvart og passar einkar vel inn í sýningarkassann sjálfan, eins og hann sé órjúfanlegur hluti verksins.

**Þóroddur Bjarnason**

**Niðurstaða:** Sýning sem kemur skemmtilega á óvart, en frágangur hefði mátt vera betri.



**DODDA MAGGÝ** Ræðir sýningu sína Horizonic á laugardag.

## Listaspjall í Hveragerði

Dodda Maggý verður með listamannaspjall á sýningunni Horizonic í Listasafni Árnesinga á laugardag klukkan 15.

Horizonic er sýning sem fjallar um rými og víðáttur í hljóðlist og lýst sem „eins konar tilraun til þess að endurskilgreina rými með notkun hljóðs“.

Fyrir sýninguna vann Dodda Maggý hljóðlaust myndband en tónlistarlegur bakgrunnur hennar hafði áhrif á það hvernig hún nálgaðist gerð þess þar sem litir, hreyfing og hrynjandi tengja það tónlistarlegri upplifun. Á laugardag gefst gott tækifæri til þess að ræða um verkið og sýninguna við listamanninn sjálfan, leita svara og spyrja þeirra spurninga sem vakna. Aðgangur að spjallinu er ókeypis.

## Ray Winstone í Noah

**Breski leikarinn Ray Winstone hefur bæst við leikhópinn í fyrirhugaðri stórmynd Darrens Aronofsky, Noah, sem stefnt er á að tekin verði upp að hluta til á Íslandi í sumar. Russell Crowe fer með aðalhlutverkið en Jennifer Conelly hefur verið orðuð við aðalkvenhlutverkið. Vefútgáfa Guardian greinir frá þessu.**



**RAY WINSTONE**

**Ray Winstone sló í gegn með frábærri frammistöðu í hinni rómuðu Sexy Beast árið 2000. Undanfarinn áratug hefur hann fest sig í sessi með traustri frammistöðu í bitastæðum aukahlutverkum, til dæmis í Óskarsverðlaunamynd Martins Scorsese, The Departed.**






**Vesalingarnir ★★★★★**
**– 9 Grímutilnefningar!**

- **Sýning ársins:** Vesalingarnir
- **Leikstjóri ársins:** Selma Björnsdóttir
- **Söngvari ársins:** Þór Breiðfjörð
- **Söngvari ársins:** Egill Ólafsson
- **Leikkona ársins í aukahlutverki:** Arnbjörg Hlíf Valsdóttir
- **Leikmynd ársins:** Finnur Arnar Arnarsson
- **Búningar ársins:** María Th. Ólafsdóttir
- **Lýsing ársins:** Lárus Björnsson og Ólafur Ágúst Stefánsson
- **Hljóðmynd ársins:** Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson og Sigurvald Ívar Helgason

**Allra síðustu sýningar!**

15.06 – Örfá sæti laus
16.06 – Örfá sæti laus
21.06 – Uppselt
20.06 – Aukasýning
22.06 – Örfá sæti laus
23.06 – Aukasýning

GRÍMUTILNEFNINGAR 9

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is

# 300 NÝJAR BÆKUR

**ÞAÐ SEM AF ER ÁRI HÖFUM VIÐ TEKIÐ Á MÓTI YFIR ÞRJÚ HUNDRUÐ NÝJUM ÍSLENSKUM TITLUM EÐA AÐ MEÐALTALI TVEIMUR TITLUM Á DAG**




Komdu eldri Vegahand-bókinni til okkar og við drögum 1000.- kr. frá verðinu

Verð kr. 4.999 stk.
TILBOÐ kr. 4.299 stk.




Verð kr. 4.999
TILBOÐ kr. 4.299




168 svart hvítar ljósmyndir teknar á árunum 1983-1997

Verð kr. 12.899
TILBOÐ kr. 10.999

Lítt þekktar en mjög áhuga-verðar ferðaleiðir um hálendið




Verð kr. 4.999
TILBOÐ kr. 4.299




Spennu-þrungin frásögn þar sem ekkert er sem sýnist

Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299




Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299




Handhafi Fjöruverð-launanna

Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299




Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299




Gagnleg handbók um þjónustu við eldri borgara

Verð kr. 3.299
TILBOÐ kr. 2.799




Hroll-vekjandi skáldsaga sem gerist í höfuð-borginni

Verð kr. 2.499
TILBOÐ kr. 2.199




Verð kr. 3.499
TILBOÐ kr. 2.999




Handhafi Vorvinda IBBY

Verð kr. 3.599
TILBOÐ 2.999

Tilboð gilda til og með 21.06.12

TAKTU ÞÁTT Í SAMFÉLAGI BÓKAUNNENDA
Á WWW.FACEBOOK.COM/EYMUNDSSON

Eymundsson
Bóksali frá 1872

# Kvikmyndaþátturinn Kviksjá aftur á dagskrá í sumar

Kvikmyndaþátturinn Kviksjá í umsjón Sigríðar Pétursdóttur hefur göngu sína annað kvöld, annað árið í röð. Sýndar verða tíu íslenskar kvikmyndir sem fylgt er úr hlaði með viðtölum Sigríðar við leikstjóra, leikara eða handritshöfunda. Á dagskrá eru nýjar myndir og eldri í bland, til dæmis Á annan veg og Skilaboð til Söndru. Þrjár þeirra mynda sem sýndar verða í sumar segist Sigríður hafa leitast sérstaklega við að hafa með: Stellu í Orlofi, Benjamín dúfu og Húsið.

„Í fyrra var ég spurð í hverri viku hvort ég ætlaði ekki að sýna Stellu, hún er greinilega enn svona ofboðslega vinsæl. Benjamín dúfa er ein af mínum uppáhaldsmyndum og langt síðan hún var sýnd opinberlega. Það sama má segja um Húsið, sem er nýbúið að lagfæra og betrumbæta en Egill Eðvarðsson segir mjög skemmtilega frá gerð myndarinnar.“

Kviksjá verður jafnan á dagskrá á sunnudagskvöldum en þar sem þjóðhátíðardaginn ber upp næsta sunnudag verður fyrsta Kviksjá sumarsins send út á á morgun, föstudag. Þá verður sýnd Okkar eigin Osló frá 2011 og ræðir Sigríður við Reyni Lyngdal, leikstjóra myndarinnar.

Á mánudagskvöldum verða svo sýndar valdar stuttmyndir sem nemendur Kvikmyndaskóla Íslands hafa gert undanfarin ár. Þættirnir eru sem fyrr teknir upp í Bíó Paradís, heimili kvikmyndanna, og um dagskrárgerð sér Janus Bragi Jakobsson.

Í haust vendir Sigríður síðan kvæði sínu í kross og flytur til London ásamt fjölskyldu sinni. Undanfarin ár hefur hún stýrt útvarpsþættinum Kviku á Rás 1 en stýrir honum aðra hverja viku í vetur.

„Ég verð með svona fróðleiksþætti en annar umsjónarmaður á móti mér sinnir því sem er að gerast í bransanum heima.“

Sigríður mun hins vegar einbeita sér að sjónvarpsþættinum Djöflaeyjunni og vinna innslög í hann á Englandi.

„Ég er þegar búin að finna helling af efni til að vinna,“ segir hún. „Það er fullt af Íslendingum að gera hluti sem sárafáir vita af, auk þess sem menningarlífið í London er afar blómlegt, eins og flestir þekkja.“ - bs



**SIGRÍÐUR PÉTURSDÓTTIR** Stýrir Kviksjá í sumar en sinnir dagskrárgerð fyrir Djöflaeyjuna og Kviku frá London í haust.








**TENGDÓ** Sýning ársins að mati gagnrýnenda Reykvélarinnar.

## Reykvélin veitir leikhúsverðlaun

Leikverkið Tengdó eftir Val Frey Einarsson er sýning ársins að mati gagnrýnenda Reykvélarinnar, vefrits sem helgað er leiklist. Reykvélin veitir nú í fyrsta sinn leiklistarverðlaunin Leikvélina, en þau falla í skaut „eftirtektarverðustu og mikilvægustu“ leiksýningu ársins, að mati gagnrýnenda miðilsins.

Tengdó var frumsýnt í Borgarleikhúsinu í byrjun árs. Í umsögnum gagnrýnenda Reykvélarinnar segir meðal annars að í verkinu sé sleginn tær og sannur tónn, sem byggi á raunverulegri reynslu sem sé færð yfir á leiksviðið með hrífandi frásagnartækni. Jón Páll Eyjólfsson leikstýrði.

Í öðru sæti varð Sýning ársins eftir leikhópinn 16 elskendur, en Beðið eftir Godot í meðförum Kvenfélagsins Garps hafnaði í þriðja sæti.



**HULDA HLÍN** Lóðsar gesti um sýningu Rúríar á dag.

## Rúrí á ítölsku

Hulda Hlín Magnúsdóttir, listfræðingur og myndlistarmaður, leiðir gesti um sýningarnar Rúrí, Hættumörk, Ölvuð af Íslandi og Dáleidd af Íslandi á Listasafni Íslands í dag klukkan 13. Leiðsögnin verður á ítölsku.

Innsetning Rúríar, Archive – Endangered Waters, hefur verið til sýnis í Listasafni Íslands frá því í marsbyrjun 2012, sem hluti af yfirlitssýningu hennar og er núna á sýningunni Hættumörk/Endangered. Sýningin Ölvuð af Íslandi er byggð á þjóðarátaki þar sem Ísland var í kjölfar bankahrunsins 2008 kynnt sem náttúruleg paradís. Dáleidd af Íslandi samanstendur af nokkrum fossum úr Fallvatnaskrá Rúríar sem eru í safneign Listasafns Íslands.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Fimmtudagur 14. júní 2012

**Tónleikar**



**21.00** Síðustu tónleikar sumarsins í styrktartónleikaröð gogoyoko og Hressingarskálans fara fram í garðinum á Hressó. Fram koma Ármann Ingvi, Guðrið Hansdóttir, Urban Lumber, **Ljósvaki** og M-Band. Aðgangur er ókeypis en frjáls framlög eru þegin og renna þau til styrktar Hraunbergs sem er heimili fyrir unglinga sem lifa við bágbornar aðstæður heima fyrir.

**Leiklist**

**20.00** Einleikurinn Fastur er sýndur á Norðurpólnum, Seltjarnarnesi. Sýningin er án orða og hentar öllum frá 10 ára aldri. Miðaverð er kr. 2.200 en kr. 1.500 fyrir nemendur.

**Upplestur**

**17.00** Feðginin Siri Marie Seim og Erik Sönstelie verða viðstödd upplestur úr bók sinni, Ég er á lífi pabbi, í bókaverslun Eymundsson í Austurstræti. Siri Marie mun svara fyrirspurnum um hvernig hún komst lífs af frá fjöldamorðunum í Útey 2011.

**Kvikmyndir**

**20.00** Söngleikurinn Company verður sýndur í Háskólabíó.

**Bókmenntir**

**17.00** Útgáfuhóf verður í bókaverslun Eymundsson við Skólavörðustíg í tilefni af útgáfu bókarinnar Ást í meinum eftir Rúnar Helga Vignisson.

**Tónlist**

**21.00** Cheek Mountain Thief heldur tónleika á Græna hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 1.500.

**22.00** Hljómsveitin Óregla spilar á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.000.



**22.00** Hljómsveitin **Kiriyama Family** heldur útgáfutónleika í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð við hurð er kr. 2.500.

**22.00** Bítladrengirnir blíðu halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**Leiðsögn**

**13.00** Leiðsögn á ítölsku um sýninguna Hættumörk, Ölvuð af Íslandi og Dáleidd af Íslandi. Hulda Hlín Magnúsdóttir, listfræðingur og myndlistamaður annast leiðsögnina.

**20.00** Jónatan Garðarsson fjölmiðla- og fræðimaður og Halldór Ásgeirsson myndlistamaður leiða göngu að Kjarvalsreitnum í Gálgahrauni. Gangan hefst við bílaplan við Hraunsvík nærri Sjálands- og Ásahverfum og er þátttakendum að kostnaðarlausu. Einnig er boðið upp á ókeypis rútuferð fram og til baka frá Hafnarhúsi, Tryggvagötu 17.

**Dans**

**20.00** SalsaIceland heldur vikulegan Salsahitting á Thorvaldsen Bar, Austurstræti 8-10. Frír prufutími í salsa fyrir alla áhugasama hefst klukkan 20 og stendur yfir í klukkutíma. Að honum loknum er dansgólfið opið fyrir alla salsaóða til að taka sporin. Ýmis tilboð á barnum.

**Fyrirlestrar**



**12.15** **Hlynur Helgason** myndlistarmaður og heimspekingur flytur hádegisfyrirlestur í Hafnarhúsinu undir yfirskriftinni Af auðveldi og myndlistarheimi - lærdómur dreginn af ástandinu. Fyrirlesturinn er í tengslum við sýninguna Sjálfstætt fólk.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Björk lokar

Björk okkar Guðmundsdóttir verður síðasti listamaðurinn sem kemur fram á Orange-sviðinu á Hróarskelduhátíðinni í ár og lokar þar með sviðinu.

Hátíðin fer fram í Danmörku dagana 5.-8. júlí og var lokadagskrá hennar gefin út í gær. Það er oft mikið um dýrðir á Hróarskeldu og verður engin undantekning þar á í ár en á dagskránni má meðal annars sjá nöfn eins og Bruce Springsteen, The Cure, Jack White og MEW. Aðrir Íslendingar sem koma fram á hátíðinni í ár eru Ghostigital, Dead Skeletons og Kúra.



**STÓRT NAFN** Björk Guðmundsdóttir er einn af aðalflytjendum Hróarskelduhátíðarinnar í ár.








KRÓNAN
Nýtt kortatímabil!
FRÁBÆRT á grillið
KRÓNAN
Kjúklingur
2298 kr. kg
Krónu kjúklingabringur
ALLRA
Pipar
Hvítlauks-
3498 kr. kg
Lambafille, ókryddað eða með hvítlauks- og rósmarínmarineringu
279 kr. stk.
Allra grillsósur, pipar og hvítlauks, 250 ml
KRYDDSMJÖR
186 kr. stk.
MS kryddsmjör, 3 teg., 100 g
Gott saman!
Iceland
MINI CORN COBS
1398 kr. tvennan
Spare Ribs og Iceland maísstönglar
PIPAR-MARINERAÐ
1398 kr. kg
Piparmarinerað lambalæri
20% afsláttur
1756 kr. kg
Verð áður 2195 kr. kg
Eðal laxabitar með roði eða hvítlauk
2 fyrir 1
Myllu Spelt BRAUÐ
Myllu speltbrauð
SUN LOLLY
10 ice lollies
389 kr. pk.
Sun Lolly
Pepsi
MAX
Mountain Dew
7UP
Egils APPELSÍN
79 kr. stk.
Pepsi, Pepsi Max, Appelsín, 7 Up, Mix og Mountain Dew, 33 cl dósir
Aukakrónur
VISA
Safnaðu AUKAKRÓNUM í öllum verslunum krónunnar
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

Nýtt!

# GRILLÞRENNA Krónunnar

## GRILLMATUR FYRIR 3 TIL 4

Grillað 'etta

### GRILLBAKKI 1 SNÖGGI GRILLARINN



**1598 kr./kg**

Kjúklingaleggir, 2 pylsutegundir og grísarif

### GRILLBAKKI 2 STEIKARGRILLARINN



**1998 kr./kg**

Ungnauta entrecote, grísahnakki og grísaspjót

### GRILLBAKKI 3 FLOTTI GRILLARINN



**2198 kr./kg**

Grísakótilettur, grísasíða og lambainnralæri

4 í pk.



**698 kr. pk.**

Grillborgarar með brauði, 4 stk.

10 í pk.




**398 kr. pk.**

Krónu pylsur, 10 stk. í pk., 513 g

6 x 120 g




**1198 kr. pk.**

Goða hamborgarar, 6 x 120 g

Nýtt!

2 í pk.




**898 kr. pk.**

Goða Heimsborgari, 2x120 g ungnauta-borgari, beikon, ostur og 2 hamborgarabrauð

Nýtt!

4 í pk.




**798 kr. pk.**

Goða Smáborgari, 4x60 g ungnauta-borgari og 4 hamborgarabrauð

Nýtt!

2 stórir í pk.




**749 kr. pk.**

Goða Stórborgari, 2x200 g ungnautaborgari

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

**Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is**

tonlist@frettabladid.is



**KIRIYAMA FAMILY** **með Kiriyama family er plata vikunnar ★★★★**
*„Vönduð og fjölbreytt plata frá nýrri íslenskri popphljómsveit.“* - tj



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# Bobby í boði Damons

Það hefur oft gefið góða raun að yngri tónlistarmenn taki gamlar og gleymdar hetjur upp á arma sína og geri með þeim plötur. Það svínvirkaði þegar Rick Rubin gaf Johnny Cash nýtt líf með American Recordings plöturöðinni, og ekki síður þegar Jack White tók upp plötuna Van Lear Rose með Lorettu Lynn.

Damon Albarn hefur stundum fengið eldri listamenn til að syngja inn á plötur Gorillaz. Einn þeirra er Bobby Womack sem söng og samdi texta við smellinn Stylo á plötunni Plastic Beach árið 2010. Í kjölfarið fór Bobby í tónleikaferð með Gorillaz og svo ákváðu þeir að Damon tæki upp plötu með honum. Sú plata, The Bravest Man In The Universe, kom út á mánudaginn hjá XL-fyrirtækinu, en forstjóri þess Richard Russell vann líka við upptökurnar.



**UPPREISN ÆRU** Fyrsta sólóplata Bobby Womack í langan tíma var gerð með Damon Albarn.

Bobby Womack fæddist árið 1944 í Cleveland í Ohio. Hann byrjaði ungur að spila á gítar og syngja með hljómsveit fjölskyldunnar. Þegar Sam Cooke stofnaði SAR-plötufyrirtækið árið 1961 gerði hann samning við hljómsveit Bobbys og bræður hans Curtis, The Valentinos. Bobby samdi lög fyrir sveitina, eitt þeirra, It's All Over Now, varð smellur þegar Rolling Stones gerðu sína útgáfu af því.

Eftir að Sam Cooke var myrtur í desember 1964 giftist Bobby ekkju hans. Það fór illa í marga tónlistarmenn og Bobby dró sig út úr sviðsljósinu og einbeitti sér að hljóðversvinnu. Hann sneri aftur 1968 með sólóplötu. Hans frægasta plata er sennilega Across The 110th Street, frá 1972, með tónlist við samnefnda blaxploitation-mynd.

Nýja platan er í anda klassísku Bobby Womack-platnanna, en samt með nútímalegum raftónlistarskotnum hljómi. Hún hefur fengið ágæta dóma.

## Í SPILARANUM



Edward Sharpe And The Magnetic Zeros - **Here**



Iggy Pop - **Aprés**



Dexys - **One Day I'm Going To Soar**



**FORPSRAKKI** Billy Corgan er forsprakki bandarísku rokksveitarinnar The Smashing Pumpkins. NORDICPHOTOS/GETTY

# Plata innan í annarri plötu

**The Smashing Pumpkins gefur út sína fyrstu plötu í fimm ár á mánudaginn. Hún er hluti af 44-laga verkefninu Teargarden By Kaleidyscope.**

Sjöunda hljóðversplata The Smashing Pumpkins, Oceania, kemur út á mánudaginn á vegum EMI. Upptökur fóru fram í hljóðveri forsprakkans Billy Corgan í Chicago með gítarleikaranum Jeff Schroeder, trommaranum Mike Byrne og bassaleikaranum og söngkonunni Nicole Fiorentino.

Að sögn Corgan er Oceania „plata innan í annarri plötu“, eða hluti af 44-laga verkefninu Teargarden By Kaleidyscope en fyrsta lagið þaðan kom út 2009.

The Smashing Pumpkins var stofnuð í Chicago 1988 af Corgan og gítarleikaranum James Iah. Til liðs við þá gengu bassaleikarinn D´arcy Wretzky og trommarinn Billy Chamberlin. Sveitin náði athygli tónlistarunnenda fimm árum síðar á grunge-tímabilinu með annarri plötu sinni Siamese Dream. Aðdáendahópurinn stækkaði enn frekar með hinni tvöföldu Mellon Collie and the Infinite Sadness en bæði hún og Siamese Dream fengu frábæra dóma gagnrýnenda.

Eftir að hafa verið ein vinsælasta rokksveit heims á tíunda áratugnum fór að halla undan fæti. Chamberlin var rekinn vegna eiturlyfjaneyslu sinnar og Pumpkins gaf í framhaldinu sem tríó út plötuna Adore. Hún fékk heldur slakar viðtökur. Árið 2000 kom út Machina/The Machines of God, með Chamberlin aftur um borð. Skömmu síðar ákvað Corgan að leggja Pumpkins niður eftir að Machina II/The Friends & Enemies of Modern Music leit dagsins ljós, eingöngu á netinu.

Árið 2005 tilkynnti Corgan svo um endurkomu Pumpkins en hvorki Iah né bassleikarinn Melissa Auf der Maur, sem hafði gengið til liðs við sveitina í stað Wretsky, höfðu áhuga á að taka þátt. Corgan og Chamberlin tóku því aleinir upp Zeitgeist árið 2007. Hún fékk misjafna dóma og töldu margir að hljómsveitin væri ekki söm eftir að Iah og D´Arcy hættu.

Corgan er samt ekki af baki dottinn og er ánægður með hljómsveitina. „Jeff, Mike og Nicole eiga stóran þátt í hljómi og áferð Oceania. Hún er ólík öllum öðrum plötum sem ég hef gert.“

freyr@frettabladid.is

# Goðsagnir snúa aftur

Heilmyndir af látnu goðsögnunum Jim Morrison og Jimi Hendrix eru í undirbúningi og því styttist í að haldnir verði tónleikar með þeim. Mikið hefur verið rætt um heilmyndir síðan rapparinn Tupac Shakur steig óvænt á svið á Coachella-hátíðinni í apríl. Það voru félagarnir Dr. Dre og Snoop Dogg sem stóðu á bak við uppátækið.

Í viðtali við Billboard sagði Jeff Jampol, sem annast málefni Jims Morrison, að það hafi verið í skoðun í næstum áratug að endurskapa Morrison í þrívídd. Vonast hann til að úr verði margmiðlunarupplifun ásamt hljómsveitinni The Doors. „Vonandi getur Jim Morrison gengið upp að þér, horft í augun á þér, sungið til þín, snúið sér við og gengið í burtu,“ sagði hann.

Einnig er vitað til þess að Janie, systir Jimi Hendrix, hafi starfað með fyrirtækinu Musion System að gerð sýndarútgáfu af gítarsnillingnum.



**JIM MORRISON** Söngvari The Doors gæti snúið aftur sem heilmynd.






## LAGALISTINN
Vikuna 7. - 13. júní 2012

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Loreen | *Euphoria* |
| ▲ | 2 | Jason Mraz | *I Won't Give Up* |
| ▲ | 3 | Ásgeir Trausti | *Sumargestur* |
| ▶ | 4 | Tilbury | *Tenderloin* |
| ▲ | 5 | Carly Rae Jepsen | *Call Me Maybe* |
| ▼ | 6 | KK | *Frelsið* |
| ▲ | 7 | Maroon 5 / Wiz Khalifa | *Payphone* |
| ▲ | 8 | Olly Murs | *Dance With Me Tonight* |
| ▼ | 9 | Valdimar | *Þú ert mín* |
| ▼ | 10 | Train | *Drive By* |

## TÓNLISTINN
Vikuna 7. - 13. júní 2012

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Sigur Rós | *Valtari* |
| ▲ | 2 | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| ▼ | 3 | Ýmsir | *Eurovision Song Contest 2012: Baku* |
| ▲ | 4 | Bubbi Morthens | *Þorpið* |
| ▼ | 5 | Ýmsir | *Pottþétt 57* |
| ▲ | 6 | Hafdís Huld | *Vögguvísur* |
| ▼ | 7 | Mugison | *Haglél* |
| ▲ | 8 | Tilbury | *Exorcise* |
| ▲ | 9 | Adele | *21* |
| ▲ | 10 | Ýmsir | *Sjómenn: Íslenskir við erum* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Visir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is


VERÐHRUN
Í OUTLET 10
500 kr. - 995 kr. - 1995 kr. - 2995 kr. - 3995 kr. - 4995 kr.
MERKI FYRIR MINNA: DICKIES SUPREMEBEING CARHARTT BILLI BI ICHI MOSS EVERLAST SISTERS POINT...OG FLEIRI FLOTT MERKI
Ný sending
DIESEL
FOR SUCCESSFUL LIVING
Allar Diesel herrabuxur
6.995.-
Hlýrabolur: 2.495.-
fæst einnig í svörtu
Nýtt
Sparkz Bolir: 1.995.-
Nýtt
T-shirts: 2.995.-
DRDENIM JEANSMAKERS
Buxur: 4.995.-
Kjóll: 2.995.-
Jakki: 4.995.-
Toppur: 4.995.-
Fæst einnig í bláu og bleiku
Peysa: 3.995.-
és
supremebeing
etnies
Strigaskór: 4.995.-
DIESEL
FOR SUCCESSFUL LIVING
Hælaskór: 1.995.-
Leður Sandalar: 5.995.-
Hælaskór: 3.995.-
Fullt af spennandi sumartilboðum í gangi
+ + + OUTLET 10 + + +
merki fyrir minna
OPIÐ: MÁN - FÖS 11 - 18, LAUGARDAG 11 - 18
SUNNUDAG 12 - 17 erum á facebook
OUTLET 10
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977



**VILL GERA TOP GUN 2** Leikarinn Tom Cruise hefur áhuga á að gera framhaldsmynd af flugmannamyndinni frægu Top Gun og svipast nú um eftir álitlegu handriti. Sögusagnir hafa gengið um framhald Top Gun í dágóðan tíma en þær fregnir aldrei verið staðfestar. Núna viðurkennir Cruise hins vegar við MTV að hann sé að vinna í að finna gott handrit og geri hann það vill leikarinn gjarnan klæðast leðurjakkanum og stíga inn í flugstjórnarklefann á nýjan leik.



**SIRKUSDÝR** Ljónið Alex, sebrahesturinn Marty, gíraffinn Melman og flóðhesturinn Gloria slást í för með sirkusi og sýna afrískar listir sínar.

# Madagascar sirkus á flótta

**Ævintýri ærslafullu dýrahjarðarinnar heldur áfram í Madagascar 3: Europe's Most Wanted þegar vinirnir leggja á flótta með sirkus sem ferðast um Evrópu.**

Ljónið Alex, sebrahesturinn Marty, gíraffinn Melman og flóðhesturinn Gloria snúa aftur í þessari þriðju Madagascar-framhaldsmynd leikstjóranna Erics Darnell og Toms McGrath en fyrsta ævintýramyndin um hópinn leit dagsins ljós árið 2005. Að þessu sinni bætist leikstjórinn Conrad Vernon í hópinn.

Dýraskarinn reynir enn að komast heim til sín í Central Park-dýragarðinn í New York. Þeir þurfa samt fyrst að finna mörgæsirnar, vini sína, sem stungu af til Monte Carlo því þeir geta flogið þeim heim. Vinirnir ferðast þangað og koma sér í mikið klandur þegar þeir mæta sem óboðnir gestir í stóra veislu. Vegna þessa fá þeir dýraeftirlitið á eftir sér og þurfa að leggja á flótta.

Hvernig geta ljón, sebrahestur, flóðhestur, gíraffi, fjórar mörgæsir, tveir apar, þrír lemúrar og lamadýr ferðast um Evrópu án þess að vekja athygli? Þau slást í för með sirkus sem ferðast vítt og breitt um Evrópu og setja sinn afríska svip á sýningarnar.

Frægir leikarar ljá persónum teiknimyndarinnar raddir sínar og eru það þau Ben Stiller, Chris Rock, David Schwimmer og Jada Pinkett Smith sem tala fyrir vinina fjóra, sem eru í aðalhlutverkum.

hallfridur@frettabladid.is

## MADAGASCAR-ÆVINTÝRIÐ

Fyrsta teiknimynd Madagascar-ævintýrsins var frumsýnd árið 2005. Í henni verða vinirnir Alex, Marty, Melman og Gloria, sem hafa lifað þægilegu lífi í Central Park-dýragarðinum, óvænt strandaglópar á eyjunni Madagascar. Þrátt fyrir misjafna dóma gagnrýnenda halaði myndin inn 500 milljónir dollara á heimsvísu.

Madagascar: Escape 2 Africa kom úr árið 2008 og segir frá flótta vinanna frá Madagascar þar sem þeir brotlenda á Afrísku meginlandi. Myndin hlaut jákvæða umfjöllun og þénaði alls 600 milljónir.

Jeffrey Katzenberg, forstjóri DreamWork, hefur sagt líklegt að von sé á fjórða framhaldinu í Madagascar-seríunni.

Í mars 2011 var tilkynnt að mörgæsirnar fjórar í Madagascar fengju kvikmynd í fullri lengd í leikstjórn Simons J. Smith. Handritshöfundar verða þeir Alan J. Schoolcraft og Brent Simons, sem skrifuðu teiknimyndina Megamind.



KVENNARÍKI Í KJÓSINNI

Barnalán leikur við Hrafnhildi og Bubba.

Lífið – FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á FÖSTUDÖGUM

# Fullorðinssöngur og sérstök vinátta

Neil Patrick Harris og Christina Hendricks eru meðal þeirra sem þenja raddböndin í söngleiknum Company sem verður sýndur í Háskólabíói í kvöld klukkan 20 og aðeins á þeirri einu sýningu. Company er gamansöngleikur sem Stephen Sondheim gerði eftir bók George Furth og var settur upp á Broadway í apríl 1970. Myndin sem sýnd verður í kvöld var gerð eftir enduruppsetningu söngleiksins í apríl 2011. Neil Patrick Harris bregður sér hér í kunnuglegt hlutverk piparsveins sem á erfitt með að skuldbinda sig og sér hag sinn í því að eiga alltaf fleiri en eina kærustu í einu. Hann er þó umkringdur pörum og til dæmis eru hans allra bestu vinir fimm hjón. Company er með fyrstu söngleikjunum sem gerðir voru og tókust á við fullorðinsleg þemu og sambönd.

Franska myndin The Intouchables kemur í bíóhús á Íslandi á morgun. Þessi hjartnæma mynd um samband tveggja afar ólíkra manna hefur farið sigurför um heiminn og er orðin aðsóknarmesta mynd allra tíma á öðru tungumáli en ensku. Ríkur aðalsmaður þarf að ráða til sín aðstoðarmann eftir að hafa lent í slysi og lamast fyrir neðan mitti. Hann hefur úr fjölda hæfra umsækjenda að velja en ræður í starfið ungan afbrotamann úr fátækrahverfum Parísar.

Líf þeirra beggja tekur ótrúlegum breytingum þegar vináttan þróast og nær hæðum sem hvorugur hafði séð fyrir. Þeir hjálpa hvor öðrum að fóta sig í lífinu og í gegnum vináttu og væntumþykju gera þeir hvor annan að betri einstaklingum með bjartari framtíð en áður var útlit fyrir.

- trs



**BETRI MENN** Þeir Philippe og Driss bæta líf hvor annars á ýmsan hátt þegar vinnufyrirkomulag þeirra á milli breytist yfir í djúpa og áhrifaríka vináttu.



**ROBOCOP** Hugh Laurie er í viðræðum um að leika illmennið í endurgerð á myndinni RoboCop. NORDICPHOTOS/GETTY

# Illmenni

Leikarinn Hugh Laurie er í viðræðum um að leika illmennið í endurgerð á myndinni RoboCop. Laurie ku hafa mikinn áhuga á hlutverkinu en myndinni er leikstýrt af Jose Padilha.

Tæki Laurie hlutverkið yrði það í fyrsta sinn sem hann sæist á hvíta tjaldinu síðan sjónvarpsþáttunum vinsælu um House lauk nýverið. Aðrir leikarar sem búnir eru að samþykkja að leika í myndinni eru Gary Oldman, Joel Kinnaman, Abby Cornish og Samuel L. Jackson. Myndin á að byrja í tökum í haust og áætluð frumsýning er sumarið 2013.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

MEIRA SKÚBB

vísir - oft á dag

# SPENNANDI SUMAR

## GRÍPTU KRIMMA Í FRÍIÐ




*„... líklega besta bók Åsu Larsson til þessa.“*

BOOKLIST




★★★★

„... feikispennandi og fyrsta flokks afþreying.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON
FRÉTTATÍMINN




„Snilldarleg ... spennan er óbærileg.“

THE WASHINGTON POST BOOK WORLD




„Vel skrifaður og spennandi krimmi með óvæntri fléttu.“

FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR
FRÉTTABLAÐIÐ




„Sannleikurinn er sá að Reacher verður betri og betri.“

THE NEW YORK TIMES

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

**85%** **FÓLKS FYLGJAST MEÐ FYRRVERANDI Á FACEBOOK** samkvæmt könnun á vegum tímaritsins Cosmopolitan og þar af skoðar einn af hverjum fimm þeirra síðu fyrrverandi maka síns oftar en einu sinni í viku.

# Margiela fyrir H&M

**TÍSKA** Sænski verslunarrisinn Hennes & Mauritz hefur flett hulunni af næsta hönnuðasamstarfi sínu en það er tískuhúsið Maison Marton Margiela sem hannar næstu gestalínu fyrir tískurisann. Línan á að koma í verslanir í byrjun nóvember og inniheldur tískufatnað og fylgihluti fyrir bæði herra og dömur.

„Maison Martin Margiela er eitt af stærstu og áhrifamestu tískuhúsum síðustu áratuga. Ég er virkilega spennt yfir samstarfinu sem gefur öllum tískuáhugamönnum tækifæri til að ganga í fatnaði frá Margiela,“ segir Margareta van den Bosch, yfirmaður hjá H&M.

Maison Martin Margiela er þekkt fyrir að fara óhefðbundar leiðir í hönnun sinni og því verður forvitnilegt að sjá hvernig til tekst að búa til fatalínu fyrir almúgann. Það var hönnuðurinn Martin Margiela sem stofnaði tískuhúsið á sínum tíma en sjálfur hvarf hann frá merkinu á árinu 2009. Enginn arftaki hans hefur ennþá verið kynntur en núna er hönnun merkisins í höndunum á ungu og fersku hönnunarteymi.



**NÆSTA SAMSTARF** Hennes & Mauritz býður upp á fatnað frá Maison Martin Margiela næsta haust. NORDICPHOTOS/AFP



**BLÓMLEGT** Ef marka má Stellu McCartney klæðast konur drögtum í lit næsta vor. NORDICPHOTOS/GETTY

# Blómamynstur og útvíðar buxur

**TÍSKA** Fatahönnuðurinn Stella McCartney blés til garðveislu í New York er hún kynnti svokallaða millilínu sína fyrir sumarið 2013, eða resort eins og það kallast í tískuheiminum. Millilínur gefa ákveðna mynd af því sem sjá má á tískuvikunum fyrir komandi vor og sumar. Ljósblátt, hvítt, gult, bleikt og blómamynstur einkenndi fatnaðinn en útvíðar skálmar voru áberandi. Fræga fólkið streymdi í garðveislu Bítilsdótturinnar þar sem meðal annars mátti sjá Vogue-ritstjórann André Leon Talley, Anne Hathaway og Solange Knowles.



**LITADÝRÐ** Fatalínan var skemmtileg og mörgum litum blandað saman.



**MÆÐGIN** Solange Knowles, sem hefur fengið mikið lof fyrir fatastíl sinn undanfarið, ásamt syni sínum Juelz Knowles.



**BLÁTT** Skyrtur, víðar buxur og plíseringar.









Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# NÝ GLÆSILEG LG SJÓNVÖRP

## HÁRFÍN TÆKNI – FRÁBÆR HÖNNUN

skemmtilegri

**Frí áskrift að Stöð 2 í tvo mánuði fylgir völdum LG sjónvörpum!**




**47LK530**

**47" LG LCD 100Hz FHD DivX HD**
47" LCD / FullHD / 100Hz / Trumotion / USB / snúningsfótur / DVB-T

LG Life's Good




**55LW550W**

**55" LG LED PLUS 100Hz FHD C3D**
55" LEDplus / FullHD / Cinema 3D / 100Hz / Trumotion / SmartTV / USB / snúningsfótur / DVB-T2




**50PZ850N**

**50" LG Plasma 600Hz FHD PenTouch, THX**
50" Plasma / 600Hz / 3D / PenTouch / Krómrammi / USB / DVB-T




**47LV450N**

**47" LG LCD 100Hz FHD DivX HD**
47" LED / FullHD / 100Hz / Trumotion / USB / snúningsfótur / DVB-T




**42LV375W**

**42" LG LED FHD Smart TV**
42" LED / FullHD / SmartTV / USB / snúningsfótur / DVB-T




**42LW550W**

**42" LG LED PLUS 100HZ FHD C3D**
42" LEDplus / FullHD / Cinema 3D / 100Hz / Trumotion / SmartTV / USB / snúningsfótur / DVB-T2




**32LV340N**

**32" LG LCD 100Hz FHD DivX HD**
32" LED / FullHD / Clear voice / USB / snúningsfótur / DVB-T

**Sérfræðingar Hátækni veita þér ráðgjöf um val á rétta sjónvarpinu fyrir þig.**
**Við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu.**

Hátækni

# popp

popp@frettabladid.is



**100 ERU KONURNAR** *sem körfuboltamaðurinn Kobe Bryant hefur haldið framhjá eiginkonu sinni með. Það var einkaspæjari sem uppgötvaði þetta fyrir Vanessu Bryant sem þrátt fyrir svikin íhugar að fyrirgefa íþróttamanninum en hjónin eiga tvö börn saman.*



**ROBERT PATTINSON** Pattinson segir að flest kvikmyndahandrit séu léleg.

## Flest handrit eru léleg

Robert Pattinson úr Twilight-myndunum, segir að flest kvikmyndahandrit sem hann les séu algjört drasl. Hann hefur aðra sögu að segja um handritið að nýjustu mynd sinni Cosmopolis í leikstjórn hins reynda Davids Cronenberg.

„Handritið er mjög vel skrifað. Flest handrit eru algjört drasl og þú hugsar með þér: „Hvernig get ég gert það betra?“,“ sagði Pattinson. „En þarna þurfti maður bara að segja það sem stóð í handritinu. Lélegur leikari gæti bara setið rólegur og sagt það sem stendur í því og látið það hljóma mjög vel,“ sagði Pattinson.



**STAL SENUNNI** Leikarinn Tom Cruise var svalur á rauða dreglinum með Catherine Zetu Jones. NORDICPHOTOS/GETTY



**ROKKPAR** Tónlistarkonan Fergie og leikarinn Josh Duhamel klæddu sig upp á í tilefni dagsins.



**FLOTT** Mary J Blige og danshöfundurinn Adam Shankman.



**NÝTRÚLOFUÐ** Alec Baldwin mætti með unnustu sína Hilariu Thomas.

# Rokkuð frumsýning

**Myndin Rock of Ages var frumsýnd með pompi og prakt í Hollywood um helgina en rauði dregillinn var stjörnum prýddur eins og leikaralistinn. Tom Cruise, Justin Theroux, sem skrifar handritið að myndinni, og Russell Brand mættu einir síns liðs á frumsýninguna. Aðalleikkona myndarinnar, Julianne Hough, kom gulklædd með sambýlismanninum, sjónvarpsmanninum góðkunna Ryan Seacrest en einnig mættu Alec Baldwin, Mary J Blige og Catherine Zeta Jones sem öll leika í myndinni.**



**GULUR** Aðalleikkonan Julianne Hough klæddist gulum kjól.



**FYNDINN** Russell Brand gerði rokkmerkið fyrir ljósmyndara.




# Jibbí jei!

**14.-16. júní**

„Body butter"-húðnæring með

# 25-40%

**afslætti**

Verðdæmi: Body butter verð áður 2490 kr. **Verð nú 1485 - 1860 kr.**

THE BODY SHOP®

KRINGLUNNI, SMÁRALIND
GLERÁRTORGI

Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
AUKAKRÓNUR 5%



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| MADAGASKAR 3 3D | 4, 6 |
| MADAGASKAR 3 2D | 4 |
| PROMETHEUS 3D | 7, 10 |
| SNOW WHITE | 7, 10 |
| THE FIVE-YEAR ENGAGEMENT | 4, 8, 10.25 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
midi.is




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | AUKAKRÓNUR 5% |
|---|---|---|
| MADAGASCAR 3D ÍSL.TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| MADAGASCAR 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |
| PRIANHA 3DD ÓTEXTUÐ | KL. 8 - 10 | 16 |
| PROMETHEUS 3D | KL. 5.20 - 8 - 10.30 | 16 |
| PROMETHEUS 3D LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.30 | 16 |
| PROMETHEUS 2D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| MIB 3 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | AUKAKRÓNUR 5% |
|---|---|---|
| COMPANY BÍÓVIÐBURÐUR | KL. 8 | L |
| PIRANHA 3DD | KL. 10.30 | 16 |
| PROMETHEUS 3D | KL. 5.20 - 10.30 | 16 |
| MOONRISE KINGDOM | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| MIB 3 3D | KL. 5.30 - 10.40 | 10 |
| GRIMMD: SÖGUR AF EINELTI | KL. 5.45 | 10 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| PIRANHA 3DD | KL. 8 - 10 | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |
| SNOW WHITE AND THE... | KL. 5.45 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL. TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ÓTEXTUÐ M/ ENSKU. TALI | KL. 8 - 10:10 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL. TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ENSKU. TALI | KL. 4 - 8 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| SNOW WHITE LUXUS VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| LOL | KL. 3:40 - 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| THE RAVEN | KL. 10:40 | 2D | 16 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 10:10 | 2D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL. TALI | KL. 3:30 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 6 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ENS TAL ÓTEXTUÐ | KL. 8 | 3D | L |
| RAVEN | KL. 10 | 2D | 16 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 3:30 - 4 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 4 - 6 | 2D | L |
| PROMETHEUS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 3D | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 10 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 ENS TAL | KL. 6 - 8 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 3:30 | 2D | L |
| THE AVENGERS | KL. 5:20 | 3D | 10 |
| THE RAVEN | KL. 8 - 10:20 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL. TALI | KL. 5:50 - 8 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ÓTXT M/ ENSKU. TALI | KL. 8 - 10:10 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 2D | L |
| LOL | KL. 10:10 | 2D | 12 |
| THE LUCKY ONE | KL. 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| DARK SHADOWS | KL. 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 3 ENS TAL ÓTEXTUÐ | KL. 8 | 3D | L |
| PROMETHEUS | KL. 10 | 2D | 16 |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |


# Leikarar gerast leiðsögumenn

„Þegar þeir buðu mér þetta sagði ég „já“ umhugsunarlaust því þetta eru svo mikil forréttindi,“ segir leikarinn Guðmundur Ingi Þorvaldsson.

Hann og þrír aðrir leikarar; Þóra Karítas Árnadóttir, Lilja Nótt Þórarinsdóttir og Björn Thors, verða leiðsögumenn í sumar hjá hinu nýstofnaða fyrirtæki Inside the Volcano. Það býður upp á ferðir að Þríhnjúkagíg sem er staðsettur nálægt Bláfjöllum. „Þetta er eini staðurinn í heiminum svo vitað sé til þar sem þú getur farið inn í eldfjall sem stendur tómt. Litadýrðin þarna niðri og stærðin er algjörlega yfirþyrmandi,“ segir Guðmundur Ingi. „Það eru forréttindi að fá að labba með fólki í allt sumar. Þetta er upplifun sem er einstök, þú kemst ekkert í svona lagað annars staðar í heiminum.“

Þetta er í fyrsta sinn sem Guðmundur Ingi starfar sem leiðsögumaður og vonast hann til að reynslan úr leiklistinni eigi eftir að koma að góðum notum. „Maður verður að nýta „showbiz“ hæfileikana í þetta aðeins,“ segir hann og bætir við: „Þetta er í fyrsta skipti sem ég hef sigið í gluggaþvottalyftu 120 metra niður í eldfjall. Ég er frekar lofthræddur og þetta var svolítið „móment“ þegar ég fór fyrst niður en þetta venst.“

Leikararnir fjórir verða leiðsögumenn þangað til seinni partinn í ágúst. Farið er frá Lækjartorgi fjórum sinnum á dag og sér hver leiðsögumaður um tvo hópa á dag. Hægt er að kynna sér ferðirnar nánar á Insidethevolcano.com.

-fb



**LEIKARAR OG LEIÐSÖGUMENN** Guðmundur Ingi Þorvaldsson og Lilja Nótt Þórarinsdóttir í hlutverkum leiðsögumanna.

# Alveg skilin

David Arquette sótti löglega um skilnað frá eiginkonu sinni Courteney Cox í fyrradag. Í gögnunum segir Arquette ástæður skilnaðarins vera ósættanlegan ágreining. Sama dag og leikarinn sótti um skilnaðinn voru liðin þrettán ár frá giftingu þeirra en saman eiga þau átta ára dótturina Coco.

Cox og Arquette kynntust við tökur á kvikmyndinni Scream, sem kom út árið 1996. Orðrómur um skilnaðinn kviknaði fyrst í október árið 2010 þegar leikarinn var sakaður um framhjáhald. Hélt hann viltu líferni sínu áfram þar til hann endaði í meðferð í janúar 2011.



**SKILIN** Courteney Cox og David Arquette eru löglega skilin.
NORDICPHOTOS/GETTY



**IN SIREN** Hljómsveitin hefur gefið út sína fyrstu breiðskífu.

# Fyrsta platan frá In Siren

In Siren hefur gefið út sína fyrstu breiðskífu, In Between Dreams. Hljómsveitin er metnaðarfullt samstarf fimm tónlistarmanna í Reykjavík. Þeir koma úr ýmsum áttum og eru meðal annars kenndir við hljómsveitirnar Árstíðir, Ask the Slave, Momentum og Plastic Gods. Hljómi sveitarinnar má líkja við Trúbrot eða bresk bönd eins og Yes, King Crimson og Queen.

In Siren hefur starfað í fimm ár og áður gefið út 6-laga EP-plötu undir nafninu Polymental. Nýja platan var að mestu tekin upp í heimahúsi og gefur hljómsveitin plötuna út sjálf.


KÓKOSOLÍA HREIN OG LÍFRÆN




ÁN ALLRA ILM-, LITAR-, ROTVARNA- OG PARABENEFNA.

KÓKOSOLÍA ER LÍFRÆN OLÍA SEM NOTA MÁ Á ALLAN LÍKAMANN, Í ANDLIT OG HÁR. HÚN ER BÆÐI LYKTAR- OG BRAGÐLAUS. KÓKOSOLÍA ER NOTUÐ ÚT Í BAÐVATN, TIL INNTÖKU, Í MATARGERÐ, SEM AUGNFARÐAHREINSIR, SEM NUDDOLÍA, SEM HÁRMASKI OFL.

FRÁBÆRT VERÐ
FÆST Í NÆSTA APÓTEKI

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




**FIMMTUDAGUR: UNG (GOODBYE FIRST LOVE)** 17:50, 20:00, 22:10 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50, 20:00 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ *COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC* 22:00 ■ TYRANNOSAUR 18:00 ■ IRON SKY 18:00 ■ *BLACK'S GAME* 20:00, 22:00

21. JÚNÍ: **MARLEY + REGGÍHÁTÍÐ!**

**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.


38%
SCHOU HRAÐSUÐUKANNA 1L
Verð áður 7.999
Tilboðsverð 4.999
Þú sparar 3.000
40%
HJÓLA VIÐGERÐARSETT
Verð áður 2.199
Tilboðsverð 1.319
25%
PIZZASTEINN
NORPRO
Fullt verð 4.999
Kynningarverð 3.749
Þú sparar 1.250
50%
EVA TRIO
PANNA 24CM
Verð áður 16.999
Tilboðsverð 8.499
Þú sparar 8.500
20%
REMINGTON
FERÐAHÁRBLÁSARI
Verð áður 4.990
Tilboðsverð 3.990
19%
FRANCIS FRANCIS
X7 ESPRESSÓVÉL
Verð áður 36.900
Tilboðsverð 29.900
Þú sparar 7.000
Þrumutilboð
Aðeins í þrjá daga
byggtogbúið
568 9400
byggtogbuid.is
Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid
NÝTT KORTA-TÍMABIL
39%
GJALLARHORN
Verð áður 3.299
Tilboðsverð 1.999
Þú sparar 1.300
20%
SKAFTRYKSUGA
ELECTROLUX ERGORAPIDO
Verð áður 24.900
Tilboðsverð 19.900
Þú sparar 5.000
Þú sparar 15.000
SAECO KAFFIKERFI
XSMALL PLUS
Verð áður 79.990
Tilboðsverð 64.990
Þú sparar 15.000
25%
TRISTAR BLANDARI
1L GLERKANNA
Verð áður 9.990
Tilboðsverð 7.490
Þú sparar 2.500
25%
RÚLLETTA
DRYKKJULEIKUR
Verð áður 3.999
Tilboðsverð 2.999
MIXER COOKBOOK
Matreiðslubók að verðmæti kr. 4.890 fylgir með
Stóraukið úrval alls konar tengja; tölvu, síma, rafmagns, myndavéla og fleira
25%
USB BÍLAHLEÐSLUTÆKI
12V FYRIR ÖLL USB TÆKI
Verð áður 2.999
Tilboðsverð 2.249
KITCHEN AID HVÍT
Verð áður 82.990
Tilboðsverð 74.990
Þú sparar 8.000
KITCHEN AID LITUÐ
Verð áður 85.990
Tilboðsverð 77.990
Þú sparar 8.000
20%
GARMIN HLAUPAÚR
FORERUNNER 110
Verð áður 29.900
Tilboðsverð 23.900
Þú sparar 6.000
IROBOT
ROOMBA 555
Verð áður 84.900
Tilboðsverð 68.900
Þú sparar 16.000
Þú sparar 16.000
Ryksugu-vélmenni
Allir KAI litaðir hnífar
20%
23%
DOMO
MÍNÚTUGRILL
Verð áður 12.999
Tilboðsverð 9.999
Þú sparar 3.000
50%
HJÓLAPUMPA
Verð áður 999
Tilboðsverð 499
20%
SCOTT ÚTVARP
Verð áður 6.749
Tilboðsverð 5.399
Þú sparar 1.350
25%
HITABLÁSARI
TRISTAR 2000W
Verð áður 3.990
Tilboðsverð 2.990
40%
ÍSLENSKI FÁNINN
Verð áður 1.649
Tilboðsverð 989
27%
KANNA
MEÐ KÆLIELEMENTI
Verð áður 2.749
Tilboðsverð 1.999
25%
SEVERIN POPPVÉL
Verð áður 5.999
Tilboðsverð 4.499
Þú sparar 1.500
20%
KÆLIBOX 30L
Verð áður 4.990
Tilboðsverð 3.990
20%
RAFMAGNSPANNA
40CM 1500W CUIS
Verð áður 7.499
Tilboðsverð 5.999
Þú sparar 1.500
Brúðargjafalisti
Áþreifanlegur ávinningur
• Fáið kr. inneign 7-10% • Styrkið góðgerðarmál
• Glæsilegir vinningar í boði

# sport

sport@frettabladid.is



**PEPSI-DEILD KARLA** fer aftur af stað í kvöld. Sjöunda umferðin hefst þá með leik Fylkis og Fram klukkan 19.15. Á morgun fara síðan fram tveir leikir og verður leikur Stjörnunnar og Vals sýndur beint á Stöð 2 Sport. Umferðinni lýkur svo með þrem leikjum á laugardag.

## ÚRSLIT

EM í knattspyrnu:

**Portúgal-Danmörk** **3-2**
1-0 Pepe (24.), 2-0 Helder Postiga (36.), 2-1 Nicklas Bendtner (41.), 2-2 Nicklas Bendtner (80.), 3-2 Varela (87.).

**Holland-Þýskaland** **1-2**
0-1 Mario Gomez (24.), 0-2 Mario Gomez (38.), 1-2 Robin van Persie (73.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þýskaland** | **2** | **2** | **0** | **0** | **3-1** | **6** |
| Portúgal | 2 | 1 | 0 | 1 | 3-3 | 3 |
| **Danmörk** | **2** | **1** | **0** | **1** | **3-3** | **3** |
| Holland | 2 | 0 | 0 | 2 | 1-3 | 0 |

**LEIKIR DAGSINS:**

**Ítalía - Króatía** **kl. 16.00**
**Spánn - Írland** **kl. 18.45**



**HETJAN** Varela fagnar sigurmarki sínu gegn Dönum. NORDICPHOTOS/GETTY

# HOLLENDINGAR Í VONDUM MÁLUM

**Þjóðverjar eru komnir með rúmlega annan fótinn í átta liða úrslit á EM eftir flottan 2-1 sigur á Hollendingum. Markahrókurinn Mario Gomez skoraði bæði mörk þýska liðsins sem var mun sterkara í leiknum. Varamaðurinn Varela kom Portúgölum til bjargar og hélt vonum þeirra til að komast áfram á lífi.**

**FÓTBOLTI** Það þarf ansi mikið til að Þýskaland fari ekki í átta liða úrslit eftir sigurinn á Hollandi í gær. Stig gegn Dönum dugir til að gulltryggja farseðilinn áfram. Holland þarf aftur á móti að vinna Portúgal og treysta á þýskan sigur til að eygja von um að komast áfram.

Þá eru þrjú lið með þrjú stig og þá ræðst allt á innbyrðismarkatölu. Ef Þjóðverjar tapa og Portúgal vinnur Holland verða að sama skapi þrjú lið með sex stig. Baráttan í dauðariðlinum er því ekki búin.

Eftir frekar rólegar upphafsmínútur braut Mario Gomez ísinn. Fékk sendingu í teiginn frá Schweinsteiger, sneri sér við og kláraði færið vel. Korteri síðar fékk hann boltann hægra megin í teignum og lyfti yfir Stekelenburg sem var lagstur allt of snemma. Frábært mark. Hollendingar algjörlega heillum horfnir og máttu þakka fyrir að vera ekki fleiri mörkum undir í hálfleik.

Rafael van der Vaart og Klaas-Jan Huntelaar komu inn hjá Hollandi í hálfleik og áttu að hressa upp á spilið. Það gerðist heldur betur.

Hollendingar fóru loks að spila fótbolta, skapa sér færi og 17 mínútum fyrir leikslok minnkaði Robin van Persie metin með góðu skoti. Leikurinn allt í einu galopinn.

Hollendingar höfðu ekki kraftinn til þess að bæta við öðru marki og Þjóðverjar sigldu sanngjörnum þremur stigum í hús.

„Tíminn var lengi að líða í lokin. Hollendingar settu okkur í pressu en sem betur fer hafðist það. Við erum komnir með sex stig og teljum okkur vera til alls líklega," sagði Gomez.

Leikur Portúgals og Danmerkur var bráðskemmtilegur. Portúgalar komust í 2-0 og virtust ætla að keyra yfir Danina þangað til Nicklas Bendtner minnkaði muninn fyrir hlé og kom Dönum inn í leikinn.

Portúgalar héldu áfram að sækja og Cristiano Ronaldo fékk gullin tækifæri til þess að klára leikinn. Honum voru mislagðir fætur eins og áður í þessu móti. Bendtner þakkaði fyrir með því að jafna skömmu fyrir leikslok.

„Ég var mjög ósáttur við sjálfan mig og veit að ég átti að gera betur," sagði Ronaldo eftir leik.

Það stefndi í jafntefli þegar varamaðurinn Varela kláraði leikinn fyrir Portúgal. Hann var þá nýkominn af bekknum og skoraði með fínu skoti í teignum. Mögnuð innkoma og góður sigur hjá Portúgal.

„Lukkan sem var ekki með okkur gegn Þjóðverjum var með okkur núna. Þó svo ég hafi ekki spilað vel var fyrir öllu að við skyldum vinna og halda okkur á lífi í mótinu," sagði Cristiano Ronaldo.

henry@frettabladid.is



**SJÓÐHEITUR** Mario Gomez skoraði tvö mörk í gær en fagnaði ekkert mjög mikið. Mesu Özil fagnar hér með honum í gær. NORDICPHOTOS/GETTY




Antonio Cassano dregur í land með ummæli:

# Ég hef ekkert á móti samkynhneigðum

**FÓTBOLTI** Ummæli sem sóknarmaðurinn Antonio Cassano lét falla á þriðjudag hefur valdið mikilli reiði á Ítalíu og reyndar víðar. Sagðist hann þá vonast til þess að það væru engir hommar í ítalska landsliðinu.

„Ég vil biðjast innilegrar afsökunar á ummælum mínum sem hafa verið gagnrýnd af réttindasamtökum samkynhneigðra," sagði í yfirlýsingu sem birtist á heimasíðu ítalska knattspyrnusambandsins í gær.

„Ég er sjálfur ekki haldinn fordómum gagnvart samkynhneigðum. Ég vildi ekki móðga neinn. Það eina sem ég sagði var að þetta væri vandamál sem snerti mig ekki enda er það ekki mitt að dæma aðra."

Ummælin lét hann falla á blaðamannafundi ítalska liðsins.

„Landsliðsþjálfarinn var búinn að vara mig við að þú myndir spyrja mig þessarar spurningar," sagði hann þá við blaðamanninn.



**CASSANO** Ekki alveg nógu hress á blaðamannafundinum. NORDICPHOTOS/GETTY

„Ef ég á að segja eins og er þá vona ég að það séu engir samkynhneigðir í liðinu. En ef það er tilfallið þá er það þeirra mál."

- esá

Helga Margrét Þorsteinsdóttir á leiðinni til Noregs:

# Reynir við lágmarkið

**FRJÁLSAR** Sjö íslenskir frjálsíþróttamenn verða meðal þátttakenda á Norðurlandamóti unglinga í fjölþrautum í Sandnes í Noregi um helgina. Þeirra á meðal er Helga Margrét Þorsteinsdóttir sem stefnir á að ná Ólympíulágmarki í sjöþraut.

Helga Margrét á best 5.878 stig frá því árið 2009. Lágmarkið inn á leikana er 5.950 stig en síðasti dagur til að ná lágmörkum fyrir leikana er 8. júlí. Ólympíuleikarnir hefjast þann 27. júlí.

Helga Margrét er því að renna út á tíma og þetta mót á meðal hennar síðustu möguleika á því að komast til London. Auk Helgu Margrétar verða Arna Stefanía Guðmundsdóttir ÍR, Ásgerður Jana Ágústsdóttir UFA, Ingi Rúnar Kristinsson Breiðabliki, María Rún Gunnlaugsdóttir Ármanni, Sindri Hrafn Guðmundsson Breiðabliki og Sveinbjörg Zophoníasdóttir úr FH meðal keppenda.

Arna Stefanía, Ingi Rúnar og María Rún stefna á að ná lágmarki fyrir heimsmeistaramót 19 ára og yngri sem fram fer í Barcelona um miðjan júlí.

Síðasti dagur til að ná lágmörkum fyrir mótið er 2. júlí.

- ktd

**Nikon**

*At the heart of the image*

# I AM YOUR SUMMER DEAL

## D3200



**Verð frá 139.995.-**

**KAUPAUKI**



Ný hágæða stafræn SLR myndavél með 24.2 Megapixla C-MOS myndflögu og 18-55VR linsu með hristivörn. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í háskerpu (1920x1080p). 11 punkta sjálfvirkt fókus kerfi, hátt ljósnæmi ISO (100-6400) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3" háskerpu skjá.

**Sumarpakki frá Nikon í kaupbæti:**
Kælitaska fyrir sex gosdósir, svifdiskur, strandbolti, spilastokkur að virði 5.995.-

## COOLPIX

**Verð 24.995.-**

**KAUPAUKI**





**COOLPIX S3300 – Litrík sýn á þína veröld.** Nett og meðfærileg myndavél með 16 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 6x optískum aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Eins fæst hún í 8 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

**Sumarpakki frá Nikon í kaupbæti:** Kælihulstur fyrir gosdós, farsímavasi fyrir ströndina, spilastokkur að virði 2.495.-

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

Nikon School D-SLR Intro
– 2.5 klst kynningarnámskeið
ásamt Check & Clean í 3 ár fylgir
með D3200 að verðmæti 25.000.-

Nikon SCHOOL INTRO

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Hljómsýn – Akranesi; Framköllunarþjónustan – Borgarnesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.

# RASSSKELLINGAR HAFA TÍÐKAST LENGI

**Nýliðar í íslenska karlalandsliðinu í handknattleik hafa um árabil verið boðnir velkomnir með flengingu að loknum þeirra fyrsta leik með liðinu. Hefðin er einnig fyrir hendi í meistaraflokkum íslenskra félaga en virðist hvorki hafa fest sig í sessi hjá yngri landsliðum Íslands eða yngri flokkum íslensku félaganna.**



**STEMNING HJÁ STRÁKUNUM** Íslenska karlalandsliðið í handknattleik hefur löngum verið þekkt fyrir mikla stemningu. Hér gætir skælbrosandi Róbert Gunnarsson félaga síns, Arons Pálmarssonar, í knattspyrnuleik í upphafi æfingar. Alexander Petersson stendur vaktina í markinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HANDBOLTI** Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri Handknattleikssambands Íslands, segir rassskellingar hafa tíðkast sem busun hjá karlalandsliði Íslands í langan tíma.

„Þetta er bara hefð og menn hafa ekki slasast að því ég best veit,“ segir Einar, sem var landsliðsmarkvörður Íslands um árabil. Var meðal annars markvörður liðsins sem sigraði í B-keppni heimsmeistaramótsins árið 1989.

Einar segir að hefðin hafi orðið til fyrir hans kynslóð og eigi upptök sín hjá leikmönnum. Sambandið hafi til þessa ekki haft neitt um málið að segja.

„Þetta er þó aðeins við lýði hjá karlalandsliðinu að því er ég best veit,“ segir Einar sem man eftir sinni rassskellingu þegar hann þreytti frumraun sína með landsliðinu. Hann segist ekki hafa kippt sér upp við hana.

„Það er meiri áskorun að mæta inn á völlinn og spila fyrir íslenska landsliðið,“ segir Einar.

### Menn eru ekkert píndir

„Menn geta komið sér undan þessu ef þeir vilja, ef þeir eru sérstaklega viðkvæmir fyrir þessu. Ef þeir vilja ekki taka þátt í þessu eru þeir ekkert teknir fyrir. Menn eru ekkert píndir,“ segir Freyr Brynjarsson, fyrirliði karlaliðs Hauka í handbolta.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins tíðkast rassskellingar hjá fleiri liðum en Haukum. Freyr segist ekki átta sig á því hvaðan þessi flengingarhefð í íslenskum handbolta sé komin.

„Einhvers staðar byrjaði þessi hefð. Þegar ég var í Val datt hún upp fyrir í nokkur ár. Svo tekur einhver vitleysingur þetta upp aftur,“ segir Freyr léttur.

Í viðtali við Bjarka Má Elísson, nýliða í íslenska landsliðinu, á Mbl.is að loknum leiknum gegn Hollandi síðastliðinn sunnudag þakkaði hann guði fyrir að Sigfús Sigurðsson, varnartröll íslenska liðsins til margra ára, væri hættur í landsliðinu. Þó sagði hann nóg af „hörðum“ körlum í liðinu til að sjá um busavígsluna.

„Þegar menn eins og Fúsi og Petr Baumruk (fyrrverandi leikmaður Hauka) eru í liðinu eru menn skiljanlega hræddir við að fá þessar lúkur á sig,“ sagði Freyr í gamansömum tón.

### Tíðkast ekki í U20 landsliðinu

Eins og fjallað var um í Fréttablaðinu í gær fór Ómar Ragnarsson mikinn í gagnrýni sinni á busavígslur innan íþróttahreyfingarinnar.

„Mér finnst að minnsta kosti vera takmörk fyrir því hve langt er hægt að ganga í því að pynta börn undir lögaldri, en verstu dæmin um þessa kaghýðingarbusun eru ekkert annað en pyntingar og ofbeldi,“ skrifaði Ómar meðal annars á síðu sína.

Eftir því sem undirritaður kemst næst tíðkast busavígslurnar ekki hjá yngri flokkum í íslenskum handbolta. Tveir efnilegir handknattleiksmenn í undir 16 ára landsliði karla könnuðust hvorki við flengingar hjá landsliðinu né félagsliði sínu. Þá töldu þeir slíkt ekki tíðkast hjá öðrum félögum í þeirra aldursflokki.

Árni Benedikt Árnason, leikmaður Gróttu sem spilað hefur með 20 ára landsliði Íslands í síðustu verkefnum liðsins, segir rassskellingar ekki tíðkast hjá landsliðinu. Þar komi flestir leikmenn inn í liðið á sama tíma og ekki sanngjarnt að einstaka leikmenn sem bætist við síðar séu rassskelltir.

kolbeinntumi@365.is

## „Gyrtu niður um mig og flengdu allhressilega sælla minninga“

„... þær tóku mig bara á miðjupunktinum beint eftir leik, gyrtu niður um mig og flengdu allhressilega, sælla minninga,“ sagði Margrét Lára Viðarsdóttir landsliðskona Íslands í knattspyrnu í viðtali við Monitor á síðasta ári. Þar rifjaði Margrét Lára upp vígsluathöfn að loknum fyrsta leik sínum með meistaraflokki ÍBV en þá var hún á fjórtánda aldursári.

Þórhildur Ólafsdóttir, sem spilaði með ÍBV þar til hún skipti yfir í Þór/KA fyrir yfirstandandi leiktíð, man vel eftir nýliðavígslunum sem tíðkuðust í Eyjum.

„Ég var fjórtán eða fimmtán ára þegar ég spilaði fyrsta leikinn minn með meistaraflokki. Þá vorum við tvær að gægjast upp í meistaraflokk. Hin var tekin rækilega á einni æfingunni, gyrt niður um hana og rassskellt en ég slapp við þetta,“ segir Þórhildur og hlær en hún telur að minna fari fyrir slíku í dag.

Þórhildur segir norðanstelpur hafa tekið vel á móti sér, enginn hafi komið nálægt afturenda hennar og segir hún yngri leikmenn liðsins fá blíðar móttökur. Engar nýliðavígslur. Þórhildur viðurkennir að hún hafi kviðið fyrir nýliðavígslu sinni.

„Mér leið allavega ekkert svakalega vel því ég fékk að heyra það að ég ætti eftir að fá að kenna á því. Maður var ekkert að væla yfir þessu en kveið pínulítið,“ segir Þórhildur.

Meistaraflokkur kvenna hjá ÍBV var lagður niður tímabundið um miðjan síðasta áratug. Kristín Erna Sigurlásdóttir, núverandi leikmaður ÍBV, var líkt og Þórhildur einn af eldri leikmönnum liðsins þegar meistaraflokkurinn var endurvakinn haustið 2007. Þrátt fyrir það voru þær stöllur rétt byrjaðar í framhaldsskóla og hefðin lagðist af.

Kristín Erna segir ekki útilokað að hefðin verði tekin upp að nýju í Eyjum.

„Mér finnst gaman að þessu og maður ætti kannski að koma þessu í kring á nýjan leik. „Kjúllarnir“ hafa aldrei fundið fyrir því að vera nýliðar. Þær eru bara hluti af eldri hópnum og kannski ágætt að þær finni fyrir því að þær séu yngri og að spila fyrstu leikina í meistaraflokki,“ segir Kristín Erna í gamansömum tón.



# EM TILBOÐ




## Panasonic

**Panasonic TXP42UT30Y**
42" Full HD 1080p 3-D Plasma SJÓNVARP með 3-D converter (breytir 2-D í 3-D), 1920x 1080p upplausn, 600Hz Sub-field Drive, 24p Playback Plus/Playback, Superb Contrast 2.000.000:1 skerpu, 0.001msec svartíma, háskerpu HDTV DVB-T/2 stafrænum móttakara, VIERA Connect nettengingu, SD/SDHC/SDXC kortalesara, 2 x USB, 3x HDMI, Wi-fi ready ofl.

**TILBOÐ 199.990**
FULLT VERÐ kr. 239.990




**Panasonic TXL32X3**
32" HD IPS-alpha LED sjónvarp með 1366x768p upplausn, Vreal Plus Engine myndtækni, High Contrast, háskerpu HDTV DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4), Viera Link, Game mode, SD/SDHC kortalesari, Scart, 2x HDMI, Component tengi, CI rauf, composite, RCA, heyrnatólstengi, Optical út o.fl.

**TILBOÐ 109.990**
FULLT VERÐ kr. 129..990




**Panasonic TXP42X50**
42" HD Ready Plasma sjónvarp með 1024x768p upplausn, Vreal Plus Engine tækni, 600Hz Sub-field Drive, Dýnamísk Real Black Drive 3.500.000:1 skerpu, 24p Playback og Viera Link, háskerpu HDTV DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4), USB og SD/SDHC/SDXC kortalesara o.fl.

**TILBOÐ 139.990**
FULLT VERÐ kr. 159..990




**Panasonic TXP50X50**
50" HD Ready Plasma sjónvarp með 1024x768p upplausn, Vreal Plus Engine tækni, 600Hz Sub-field Drive, Dýnamísk Real Black Drive 3.500.000:1 skerpu, 24p Playback og Viera Link, háskerpu HDTV DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4), USB og SD/SDHC/SDXC kortalesara o.fl.

**TILBOÐ 179.990**
FULLT VERÐ kr. 209..990




neo plasma

**Panasonic TXP42ST32Y**
42" Full HD 1080p 3-D NeoPlasma SJÓNVARP með 3-D converter (breytir 2-D í 3-D), 1920x 1080p upplausn, Vreal 3-D Engine, 600Hz Sub-field Drive, Pro 24p Smooth Film/Play Back, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, High Contrast Filter, 0.001msec svartíma, háskerpu HDTV DVB-T/2 stafr. móttakara, innb. gervihnattamóttakara, SD kortalesara,2 x USB ofl.

**VERÐ 189.990**
FRÁBÆRT VERÐ




**Panasonic TXL47E5Y**
47" FHD 1080p IPS LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Vreal LIVE Engine myndtækni, 150 Hz Back Light Scanning, Pro 24p Smooth Film/Play Back, VIERA Connect nettenging, Wi-fi ready, Skype möguleiki, háskerpu HDTV DVB-T/T2 stafrænn móttakari (MPEG4), iPhone/Android síma App, 2x USB, SD/SDHC/SDXD kortalesara, Scart, 4 HDMI, Component CI rauf, composite, RCA tengi, PC, heyrnatólstengi og Optical út o.fl.

**TILBOÐ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 269..990




**Panasonic TXL55ET5Y**
55" FHD 1080p IPS LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Vreal 3D Engine, 300 Hz Back Light Scanning, Intelligent Frame Creation Pro, Passive 3D, 2D-3D conversion, Vivid Colour Creation, Pro 24p Smooth Film/Play Back, VIERA Connect nettenging og opinn netvafri, þráðlaus Wi-Fi sendir, Skype möguleiki, stafrænn háskerpu HDTV DVB-T/T2 móttakari (MPEG4), iPhone/Android síma App, 4x HDMI, 3x USB tengi og SD/SDHC/SDXD kortalesari, Component CI rauf, composite, RCA tengi, PC, heyrnatólstengi og Optical út o.fl.

**TILBOÐ 449.990**
FULLT VERÐ kr. 499..990

4 stk af 3D gleraugum fylgja.

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

Panasonic ideas for life

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► **REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ**: Hagkaup, Smáralind. **VESTURLAND**: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Hrannarbúðin Grundarfirði. Skipavík, Stykkishólmi. **VESTFIRÐIR**: Verslunin Ranglátur, Tálknafirði. Fjölval, Patreksfirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. **NORÐURLAND**: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Valberg, Ólafsfirði. SR Byggingavörur, Siglufirði. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Víkurraf, Húsavík. **AUSTURLAND**: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. **SUÐURLAND**: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. **REYKJANES**: Tölvuþjónusta Benna, Grindavík. Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

golfogveidi@frettabladid.is

**2.700** URRIÐAR veiddust í Vatnsdalsá í fyrrasumar

**1.342** BLEIKJUR veiddust í Vatnsdalsá sumarið 2011

# Laxveiðileyfi undir 20 þúsund

**Laxinn togar í marga en það er ekkert leyndarmál að verð á laxveiðileyfum er hátt. Fréttablaðið hefur tekið saman nokkur laxveiðisvæði þar sem hægt er fá leyfi undir 20 þúsund krónum og töluvert góð von er á að krækja í lax. Hafa ber í huga að þessi listi er engan veginn tæmandi.**

## Ódýrar laxveiðiár: veiðileyfi undir 20 þúsund krónum




| | | Agn | Stangir |
|---|---|---|---|
| 1 | Korpa | | 2 |
| 2 | Ferjukotseyrar | | 2 |
| 3 | Grjótá-Tálmi | | 2 |
| 4 | Vatnasvæði Lýsu | | 6 |
| 5 | Miðdalsá í Steingrímsfirði | | 2 |
| 6 | Vatnsdalsá* | | 10 |
| 7 | Gljúfurá | | 2 |
| 8 | Fnjóská** | | 6-8 |
| 9 | Skjálfandafljót* | | 4 |
| 10 | Reykjadalsá | | 6 |
| 11 | Laxá í Aðaldal - Staðartorfa og Múlatorfa* | | 2-4 |
| 12 | Selá í Álftafirði | | 2 |
| 13 | Affall í Landeyjum | | 4 |
| 14 | Þverá í Fljótshlíð | | 4 |
| 15 | Ytri-Rangá*** | | 14-20 |
| 16 | Vesturbakki Hólsár | | 2 |
| 17 | Þrastarlundur (Sogið) | | 1 |
| 18 | Alviðra (Sogið) | | 2 |

*Silungasvæði með góðri laxavon ** Breytilegt eftir svæðum og tímabilum hvaða agn er leyft *** Bara fluga yfir hásumarið

## Korpa - laxveiði í Reykjavík

Úlfarsá, sem oftast er kölluð Korpa, er tveggja stanga á þar sem á hverju sumri veiðast um og yfir 200 laxar. Við ána er ágætist veiðihús með salerni þar sem veiðimenn geta borðað og hvílt sig. Á ódýrasta tíma kosta veiðileyfin frá 14.900 upp í 21.500. Veiðifélagið Hreggnasi selur leyfi í Korpu.

## Ferjukotseyrar í Hvítá

Á Ferjukotseyrum í Hvítá í Borgarfirði eru ódýrustu dagarnir á 6.800 krónur stöngin en þeir dýrustu kosta í 10.800 krónur. Laxavonin er ágæt enda gengur laxinn, sem fer upp í Norðurá, Gljúfurá, Þverá og Grímsá, þarna fram hjá. Sem sagt tugir þúsunda laxa á hverju sumri. Ekkert veiðihús er á svæðinu. Lax-Á selur leyfin.

## Grjótá og Tálmi

Áin Grjótá fellur í Tálma sem fellur síðan í Hítará rétt ofan Langadráttar. Aðeins tveir dagar eru lausir í júní og kostar stöngin tæpar 20 þúsund krónur. Ágætis veiðihús fylgir þessu svæði. SVFR selur leyfin.

## Þrjú vötn og litlar ár

Vatnasvæði Lýsu er við rætur Snæfellsjökuls. Svæðið samanstendur af þremur meginvötnum, Torfavatni, Reyðarvatni og Lýsuvatni og litlum ám sem á milli þeirra renna. Þó svæðið sé auglýst sem silungasvæði veiðast ríflega 100 laxar þarna á hverju sumri. Ekkert veiðihús fylgir og kostar stöngin undir 10 þúsund krónum. SVFR selur leyfin.

## Lax í Steingrímsfirði

Miðdalsá í Steingrímsfirði í Strandasýslu á efstu upptök sín í litlum pollum suður undir Gilsfirði. Töluvert af sjóbleikju hefur veiðst í Miðdalsá en annars er lítið vitað um ána því ekkert hefur verið skráð í veiðibækur. Þarna mun vera nokkur laxavon og hægt er að fá veiðileyfi frá 4.900 krónum. Lax-Á selur leyfin.

## Stórlaxavon í Vatnsdalsá

Hægt er að fá veiðileyfi vel undir 20 þúsund krónum á silungasvæðinu í Vatnsdalsá. Fyrir utan gríðarlega mikla silungaveiði er töluvert góð von á laxi þegar hann byrjar að ganga upp ána. Ekki skemmir fyrir að Vatnsdalsá er þekkt stórlaxaá. Alls eru tíu stangir á silungasvæðinu og gott veiðihús fylgir. Athugið að aðeins er leyfð fluguveiði og skylt er að sleppa öllum laxi. G og P selur leyfi í Vatnsdalsá.

## Falleg á í Húnaþingi

Gljúfurá í Húnaþingi er falleg tveggja stanga á. Áin er lítil og nett og eins og nafnið gefur til kynna fellur hún víða um falleg gljúfur. Meðalveiðin er um 100 laxar á ári og fylgir gott veiðihús ánni. Frá veiðihúsinu er aðeins spölkorn niður í Hóp þar sem silungur veiðist í miklu magni. Hreggnasi selur leyfin.

## Veitt skammt frá Vaglaskógi

Góð veiði hefur verið í Fnjóská undanfarin ár. Síðustu fjögur ár hefur meðalveiðin verið 665 laxar á sumri. Áin er stór og kraftmikil og meðalþyngd laxa er tæp 10 pund. Í september er hægt að fá leyfi undir 20 þúsund krónum og fylgir gott veiðihús. SVFR og Stangaveiðifélagið Flúðir selja leyfin.

## Skjálfandafljót

Í Skjálfandafljóti er hægt að kaupa silungsveiði með laxavon. Því svæði er skipt í austurbakka og vesturbakka og eru tvær stangir hvoru megin. Svæðið er fjölbreytt og náttúran stórbrotin. Hægt er kaupa leyfi frá tæpum 5 þúsund krónum upp í 13 þúsund. Lax-Á selur leyfin.

## Torfurnar í Aðaldal

Veiðisvæðin kennd við Staðartorfu og Múlatorfu í Laxá í Aðaldal eru kunn urriðaveiðisvæði en síðsumars er ágætis laxavon þarna og þá auðvitað stórlaxavon. Í júní er hægt að fá gistingu í Árnesi en eftir þann tíma fylgir ekki veiðihús svæðinu. Aðeins er leyft að veiða á flugu og kosta ódýrustu veiðileyfin undir 15 þúsund krónum. SVFR selur leyfin.

## Reykjadalsá í Þingeyjarsýslu

Skammt frá Laxá er önnur skemmtileg á sem margir vita ekki af. Reykjadalsá er fyrst og fremst frábær urriðaá en þar veiðast á hverju sumri einnig um 100 laxar. Þeir sem þekkja ána vilja halda henni fyrir sig en dýrustu leyfin kosta 18.900 krónur. Ágætt veiðihús fylgir ánni. G og P selur leyfin.

## Laxveiði í Álftafirði

Selá í Álftafirði er nánast mitt á milli Hafnar í Hornafirði og Djúpavogs. Þar eru tvær stangir og ágætis veiðihús. Áin er falleg og hlykkjast um kjarrivaxið gljúfur og líparítkletta. Fram undir miðjan júlí og í september er hægt að fá veiðileyfi á um 15 þúsund krónur.

## Affallið í Landeyjum

Affallið er skemmtileg fjögurra stanga á þar sem hægt er að gera góða veiði enda skilar áin töluvert mörgum löxum per stöng. Allt svæðið er mjög þægilegt yfirferðar. Frá 1. til 15. júlí kosta veiðileyfin í Affallinu frá 15 og upp í 20 þúsund krónur. Gott veiðihús fylgir. Ranga.is selur leyfin.

## Skemmtileg á í Fljótshlíð

Þverá í Fljótshlíð er samsafn áa í Fljótshlíð sem saman mynda Þveránna. Allar eiga þær upptök sín á heiðunum ofan við Fljótshlíðina og eru að uppistöðu lindár með dragáreinkennum. Ódýrustu leyfin kosta 10 þúsund en þau dýrustu 20 þúsund. Ágætt veiðihús fylgir. Ranga.is selur leyfin.

## Hólsá á Suðurlandi

Hægt er að gera góða veiði við vesturbakka Hólsár. Fyrir þá sem ekki vita þá tekur Hólsáin við af Ytri Rangá og því mikið af laxi sem gengur þar upp. Tvær stangir eru á svæðinu og ágætt veiðihús. Í júlí er hægt að fá veiðileyfi frá um 11 þúsund krónum upp í 20 þúsund. Lax-Á selur leyfin.

## Ytri-Rangá

Þessa á þarf nú vart að kynna fyrir veiðimönnum. Mörg þúsund laxar veiðast í ánni á hverju ári. Í júní og október kosta leyfin frá 15 þúsund upp í 17 þúsund krónur. Ekkert veiðihús fylgir þessum ódýru veiðleyfum. Lax-Á selur leyfin.

## Tvö svæði í Soginu

Alviðra og Þrastarlundur í Soginu eru aðrir staðir þar sem veiðileyfi eru á þokkalega hagstæðu verði. Þar kosta ódýrustu dagarnir 19.900 stöngin. Athugið að það er bara ein stöng í Þrastarlundi og því fylgir ekkert veiðihús svæðinu. Í Alviðru er hins vegar þrjár stangir og fínt veiðihús fylgir því svæði. SVFR selur leyfin.

trausti@frettabladid.is



# Við erum með sterku hellurnar!

## Graníthellurnar okkar eru endingarbetri, fallegri og ódýrari en þig grunar.

Graníthellur hafa mun lengri endingartíma en venjulegar hellur.
Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, kanta, þrep og litlar hleðslur.

**4 400 400**

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is

Njóttu EM
Í LA-Z-BOY®

EURO2012

# HÚSGAGNAHÖLLIN



**DREAMTIME** La-z-boy stóll. Svart eða brúnt leðuráklæði. Einnig til með natur og vínrauðu áklæði. B:95 D:95 H:105 cm.

**169.990**

LA-Z-BOY®

**GRAND PINNACLE XL**
La-z-boy stóll. Svart eða brúnt leðuráklæði. Einnig til með vínrauðu, svörtu og naturáklæði. B:84 D:118 H:107 cm.

**169.990**

# NJÓTTU EM Í LA-Z-BOY®
- hinn eini sanni, því það dugar ekkert minna!



10% EM AFSLÁTTUR

**159.980**

LA-Z-BOY®

**PINNACLE** La-z-boy stóll. Brúnt, hvítt eða svart leðuráklæði. B:80 D:85 H:104 cm.



10% EM AFSLÁTTUR

**99.990**

LA-Z-BOY®

**ASPEN** La-z-boy stóll. Margir litir. Til með tau- og leðuráklæði. B:80 D:76 H:101 cm.



GLÆSILEG LA-Z-BOY DEILD KOMDU TIL OKKAR OG PRÓFAÐU

10% EM AFSLÁTTUR

**159.990**

LA-Z-BOY®

**HARBOR TOWN** La-z-boy stóll. Brúnt eða hvítt leðuráklæði. Einnig til með natur eða vínrauðu tauáklæði. B:74 D:80 H:102 cm.

NÚNA 50% AFSLÁTTUR



**SÁPUPUMPUR**
Fást í rauðum, appelsínugulum og bláum.

**495**
FULLT VERÐ: 990



BORÐ
**39.990**

**IBIZA** eldhúsborð (110 cm)
Borðplata fæst í eik, hvítu, appelsínugulu og limegrænu.
Borðfótur hvítur.

FALLEG HÚSGÖGN & SMÁVARA SEM LÍFGA UPP Á HEIMILIÐ ÞITT

**0% VEXTIR** Húsgagnahöllin býður nú upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða

MasterCard VISA

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ** Virka daga 10-18 laugardaga 12-18 sunnudaga lokað.

> **Stöð 2 kl. 20.05**
> **MasterChef USA**

***Íslandsvinurinn Gordon Ramsey er miskunnarlaus í MasterChef sem er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld. Þar berjast 38 kokkar um að halda áfram í þáttunum og þeir fá einfalt verkefni; að skera grænt epli í jafna bita. Þeir sem standast prófið þurfa síðan að matreiða gómsætan kjúklingarétt og í lok þáttarins standa aðeins átján kokkar eftir.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FAGNAR NÝRRI SJÓNVARPSSTÖÐ

# *Hamingjusamur með háskerpu*

Það voru mikil gleðitíðindi í mínum eyrum þegar Sjónvarpið ákvað að sýna beint frá Evrópukeppninni í fótbolta á sérstakri háskerpurás í fyrsta sinn.

Háskerpuafruglarinn minn hefur tekið því einkar rólega síðan Meistaradeildin lauk göngu sinni í lok maí. Engin íslensk sjónvarpsstöð nema Stöð 2 Sport hefur boðið upp á háskerpu og hafa verkefnin því verið af skornum skammti síðustu vikur. Þangað til núna.

Í stað þess að horfa á óskýra depla hlaupa um völlinn og reyna að skora í mark sem varla sést, líður mér núna eins og sjónin hafi batnað um helming. Allt er skýrara og flottara og meira að segja svipbrigði leikmannanna sjást þegar þeir hlaupa um á iðagrænu grasinu.



Það er ekki hægt annað en að brosa með slíkt tæki fyrir framan sig og það skiptir ekki lengur máli hvort leikurinn er grútleiðinlegur eða ekki. Háskerpan ber mann hálfa leið og rúmlega það.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Íslensk menning **14.00** Fréttir **14.03** Leiksýning í Rósenborgargarði **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Fuglarnir **15.25** Matartíminn 16.00 Síðdegisfréttir **16.05** Liðast um landið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.27** Sinfóníutónleikar **21.30** Kvöldsagan: Egils saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Meðal annarra orða - Borgir **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**12.20 Baráttan um Bessastaði** (e)

**14.00 Baráttan um Bessastaði - Frambjóðendur kynntir** (2:8) (Þóra Arnórsdóttir) (e)

**14.30 Leiðarljós** (Guiding Light)

**15.15 Táknmálsfréttir**

**15.30 EM stofa** Hitað upp.

**16.00 EM í fótbolta** (Ítalía - Króatía) BEINT frá Poznan.

**18.00 Fréttir og veður**

**18.20 EM stofa** Hitað upp.

**18.40 EM í fótbolta** (Spánn - Írland) BEINT frá Gdansk.

**20.40 EM kvöld** Farið yfir leiki dagsins.

**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (23:23) (Desperate Housewives VIII) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Veðurfréttir**

**22.30 Baráttan um Bessastaði** (Hannes Bjarnason) Frambjóðendur til embættis forseta Íslands kynntir.

**23.00 Glæpahneigð** (131:138) (Criminal Minds VI) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.45 Höllin** (20:20) (Borgen) (e)

**00.45 Fréttir**

**01.10 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Charlie St. Cloud**

**10.00 Mamma Mia!**

**12.00 Next Avengers: Heroes of Tomorrow**

**14.00 Charlie St. Cloud**

**16.00 Mamma Mia!**

**18.00 Next Avengers: Heroes of Tomorrow**

**20.00 When In Rome**

**22.00 Get Shorty**

**00.00 The Last House on the Left**

**02.00 Drop Dead Sexy**

**04.00 Get Shorty**

**06.00 Ramona and Beezus**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.30 Oprah**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (153:175)

**10.15 Lie to Me** (5:22)

**11.05 Extreme Makeover: Home Edition** (7:25)

**11.50 Glee** (7:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Temple Grandin** Sannsöguleg mynd byggð á ævi Temple Grandin sem greindist með einhverfu ung að árum. Í dag nýtur hún mikillar virðingar sem einn þekktasti búfjárfræðingur Bandaríkjanna.

**14.45 Smallville** (6:22)

**15.30 Barnatími Stöðvar 2**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 Friends** (2:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.06 Veður**

**19.15 Simpsons**

**19.40 Arrested Development** (21:22)

**20.05 Masterchef USA** (4:20) Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band.

**20.50 The Closer** (6:21) Brenda Johnson með völdin á morðrannsóknardeild lögreglunnar í Los Angeles.

**21.35 NCIS: Los Angeles** (24:24)

**22.20 Rescue Me** (17:22) Þáttaröð um slökkviliðsmanninn Tommy Gavin og dramatíska en þó oft á tíðum spaugilega glímu hans við lífið eftir skilnað sem og hryðjuverkaárásirnar þann 11. september 2001.

**23.00 The Mentalist** (24:24)

**23.45 Rizzoli & Isles** (1:15)

**00.30 The Killing** (5:13)

**01.15 House of Saddam** (1:4)

**02.15 Temple Grandin**

**04.00 The Closer** (6:21)

**04.45 Lie to Me** (5:22)

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**17.50 Egils Gull mótið** Samantekt frá mótinu í Vestmannaeyjum 9. - 10. júní.

**18.20 Enski deildarbikarinn: Exeter City - Liverpool**

**20.05 Unglingaeinvígið í Mosfellsbæ**

**21.00 Grillhúsmótið** Fylgst er með Grillhúsmótinu sem fram fór á Þorlákshöfn. Þar mættu sterkustu menn Íslands undir 105 kg.

**21.30 Enski deildarbikarinn: Leeds - Man. Utd.**

**23.15 NBA Oklahoma - Miami**

**01.00 Oklahoma - Miami** BEINT frá öðrum leik liðanna í úrslitaeinvígi NBA.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.55 Liverpool - Bolton**

**19.40 PL Classic Matches: Chelsea - Arsenal, 1997**

**20.10 Premier League World**

**20.40 Wigan - Arsenal**

**22.25 Season Highlights 2002/2003**

**23.20 Blackburn - Swansea**

## 2 EXTRA

**19.50 The Doctors** (135:175)

**20.35 In Treatment** (58:78)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Stóra þjóðin** (3:4)

**22.15 New Girl** (18:24)

**22.40 2 Broke Girls** (6:24)

**23.05 Drop Dead Diva** (2:13)

**23.50 Gossip Girl** (18:24)

**00.35 The No. 1 Ladies' Detective Agency** (2:7)

**01.30 In Treatment** (58:78)

**01.55 The Doctors** (136:175)

**02.35 Fréttir Stöðvar 2**

**03.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**15.10 The Biggest Loser** (5:20) (e)

**16.40 Being Erica** (6:13) (e)

**17.25 Dr. Phil**

**18.05 The Firm** (16:22) (e)

**18.55 America's Funniest Home Videos** (38:48) (e)

**19.20 According to Jim** (17:18) (e)

**19.45 Will & Grace** (2:27) (e)

**20.10 Eldhús sannleikans** (6:10)

**20.35 Solsidan** (9:10) Sænskur gamanþáttur sem segir frá tannlækninum Alex og kærustu hans Önnu og kynnum þeirra af undarlegum fígúrum hverfisins sem þau eru nýflutt í. Stóri dagurinn nálgast hjá Önnu og Alex en á meðan fær Fredde gráa fiðringinn og Ove reynir að fá Alex til að halda ræðu í fertugsafmælinu sínu.

**21.00 Blue Bloods** (18:22)

**21.50 Franklin & Bash** (10:10) Það er komið að lokaþættinum um lögfræðingana og glaumgosana Franklin og Bash og takast þeir nú á við sitt stærsta mál til þessa. Yfirmaður þeirra er sakaður um morð og málið hlýtur gríðarlega athygli.

**22.35 Jimmy Kimmel**

**23.20 Law & Order: Criminal Intent** (2:16) (e)

**00.05 Unforgettable** (8:22) (e)

**00.55 Blue Bloods** (18:22) (e)

**01.45 Camelot** (1:10) (e)

**02.35 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.40** US Open 2011 (3:4) **13.10** Golfing World **14.00** US Open 2011 (4:4) **19.35** Inside the PGA Tour (24:45) **20.00** US Open 2012 (1:4) **02.00** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## BBC entertainment

**06.30** Keeping Up Appearances **07.30** My Family **08.00** New Tricks **09.45** Deal or No Deal **10.20** EastEnders **10.50** Come Dine With Me **11.40** QI **12.40** Keeping Up Appearances **13.35** My Family **14.35** Top Gear **15.30** QI **16.30** Come Dine With Me **17.20** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** Top Gear **20.00** The Royal Bodyguard **20.30** Twenty Twelve **21.05** The Graham Norton Show **21.50** Live at the Apollo **22.35** QI **23.04** Top Gear **23.55** The Royal Bodyguard **00.30** Twenty Twelve **01.00** The Graham Norton Show

## DR 1

**11.05** I lære som stjerne **11.35** Aftenshowet **12.30** Bonderøven **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamies australske kokkeskole **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.25** Rosa fra Rouladegade **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Det Søde Sommerliv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** EURO 2012 **18.45** Fodbold. Euro 2012 **19.30** TV Avisen **19.40** Fodbold. Euro 2012 **20.30** EURO 2012 **20.45** Taggart **21.35** OBS **21.40** Kæledyr med handicap

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Fotball - EM 2012 **16.00** Fotball. Euro 2012 **18.00** Dagsrevyen **18.30** Luksuscruise i havkajakk **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Debatten **20.30** Nasjonalgalleriet **21.00** Kveldsnytt **21.20** Kalde føtter **22.10** Borgen **23.10** Bitt av naturen **23.40** Fotball. Euro 2012 **01.40** Wellkåmm til Verona **05.00** Morgennytt

## svt1

**07.30** Extra Rapport **14.00** Rapport **14.05** Minnenas television **15.10** Det ljuva livet i Alaska **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Fotbollsdoktorn **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige idag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Fotboll. Euro 2012 **21.00** EM-magasinet **21.30** Rapport **21.35** Kulturnyheterna **21.45** Gravid i höga klackar **22.30** Det ljuva livet i Alaska **23.15** Rapport **23.20** Vildmarksår **00.20** Rapport **00.25** Trängsel i skyn **01.15** Rapport

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Perlur úr myndasafni

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |


BM·VALLÁ

# Góður múr
## er grundvallaratriði



## Hágæða hráefni fyrir íslenskar aðstæður

Í múrversluninni hjá BM Vallá geturðu gengið að fyrsta flokks vöru og þjónustu fyrir allt múrverk ásamt hágæðaflotefni sem hentar bæði til nýbygginga og til endurflotun. Einnig býður BM Vallá uppá StoCrete flotefni.




BM Vallá hefur um árabil verið í fararbroddi íslenskra iðnfyrirtækja og gegnt forystuhlutverki í framleiðslu fyrir íslenskan byggingarvörumarkað.

sto

bmvalla.is

BM Vallá ehf.
Breiðhöfða 3
110 Reykjavík

Sími: 412 5050
Fax: 412 5001
sala@bmvalla.is

PIPAR\TBWA · SÍA · 112174



TILBOÐ

**VÅRDA** viðarvörn, 500ml
Brúnt/glært **995,-/stk.** ~~1.590,-~~



TILBOÐ

**14.990,-**

**ÄPPLARÖ** sólbekkur. Gegnheill akasíuviður
B71×L199, H33cm. Brúnt ~~19.990,-~~



íslenskt

TILBOÐ

**STJÚPUR** sumarblóm
Ýmsir litir **750,-/10 í pk.** ~~795,-~~



TILBOÐ

**ÖSTLIG** blómapottur H40cm
Rauðbrúnt **4.690,-** ~~5.990,-~~

# Allir út á sumar-markað IKEA

Sumarmarkaðurinn er í fullum gangi fyrir utan verslunina. Sumarhúsgögn, sumarblóm og blómapottar á frábæru verði. Sumarmarkaðurinn er opinn 11-20.



TILBOÐ

**14.990,-**

**APPLARÖ** felliborð L140/200/260×B78, H72cm
Gegnheill akasíuviður/ljósbrúnt ~~29.990,-~~



TILBOÐ

**5.690,-**

**KALVÖ** fellistóll. Sæti H46cm. Svart ~~7.990,-~~
*Tilvalinn í útileguna*



TILBOÐ

**NORDANÖ** stóll m/örmum
Sæti H42cm. Gegnheill akasíu-viður **7.690,-** ~~9.990,-~~



TILBOÐ

**SUNDERÖ** stóll með örmum
Sæti H42cm. Grátt
**4.990,-** ~~9.990,-~~



TILBOÐ

**BLÁHNOÐRI** sumarblóm
**595,-** ~~795,-~~



íslenskt

TILBOÐ

**GARÐLILJA**
sumarblóm
Ýmsir litir
**1.290,-** ~~1.590,-~~



**1.990,-**

**GRÄVA** blómapottur
H35cm. Hvítt ~~2.990,-~~
*Fæst einnig í svörtu*



TILBOÐ

**GARPEN** stóll. Sæti H43cm
Svart **6.990,-** ~~9.990,-~~



TILBOÐ

TILBOÐ

**TÄRNÖ** línan. Gegnheill akasíuviður/stál
Fellistóll. Sæti H45cm. **1.990,-** ~~2.650,-~~
Felliborð. L55×B54, H70cm **2.990,-** ~~3.450,-~~



TILBOÐ

TILBOÐ

**BOLLÖ** línan. Gegnheill akasíuviður/brúnt
Felliborð. L113×B64, H72cm **6.990,-** ~~7.990,-~~
Fellistólar. Sæti H46cm **2.990,-/stk.** ~~3.650,-~~

**Sterkir vængir**
með frönskum og gráða-ostasósu eða sterkri sósu



**695,-**

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

© Inter IKEA Systems B.V. 2012

**SUMARFRÍIÐ**



*„Ég stefni á að fara á Mærudaga á Húsavík í lok júlí með manni og barni og helst að taka þátt í einu hlaupi í leiðinni."*

Fríða Rún Þórðardóttir, hlaupari og næringarráðgjafi.

# Hundrað fantasíur komnar inn

„Þessi fjöldi kemur mér mjög skemmtilega á óvart," segir Hildur Sverrisdóttir.

Tæplega eitt hundrað kynferðislegar fantasíur höfðu verið sendar inn á vefsíðuna fantasiur.is í síðustu viku í tengslum við væntanlega bók Hildar. Frestur til að skila inn fantasíum rennur út 19. júní. Þá ætlar Hildur að taka þær saman og nota í bók sína um fantasíur íslenskra kvenna sem er væntanleg síðsumars eða í haust, eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá.

Til að fá betri yfirsýn yfir verkefnið ákvað Hildur að hætta að skoða fantasíurnar sem komu inn á síðuna í síðustu viku og ætlar ekki að líta aftur á þær fyrr en að umsóknarfrestinum loknum. „Það sem ég var búin að skoða áður en ég hætti sýnir að þetta er fjölbreytt og greinilega skrifað af konum á öllum aldri og þarna eru íslenskir staðhættir," segir hún en ein fantasían gerist í víkingaskála. „Það eru bara sverð og skildir sem er mjög hressandi. Ég held það gerist ekki mikið íslenskara en það."

Bæði stuttar fantasíur og lengri, sem nánast eru eins og fullbúnar smásögur, hafa verið sendar inn á síðuna. „Þær eru margar hverjar stutt atvikalýsing allt upp í vel útfærðar sögur með inngangi og öllum þessum smáatriðum sem konur eru svo hrifnar af."

-fb

> Þær eru margar hverjar stutt atvikalýsing allt upp í vel útfærðar sögur með inngangi og öllum þessum smáatriðum sem konur eru svo hrifnar af
>
> **HILDUR SVERRISDÓTTIR**
> LÖGFRÆÐINGUR



**GÓÐAR VIÐTÖKUR** Íslenskar konur hafa verið duglegar að senda Hildi Sverrisdóttur fantasíurnar sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


**FRÁBÆR VERÐ Á FLOTTUM MERKJUM**



**Sundföt**

**frá SPEEDO í miklu úrvali fyrir alla aldurshópa**

**Sundbolir**

Dömustærðir
Verð: 7.990 - 12.990 kr.
Outlet-verð:
**frá 4.990 kr.**

Stelpustærðir:
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr.**

Allt að 60%

**Bikiní**

Dömustærðir
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð:
**frá 1.990 kr.**

Stelpustærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr**

Allt að 75%

**Sundskýlur**

Herrastærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr.**

Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
**2.990 kr.**

Allt að 40%

**Watershorts**

Herrastærðir
Verð: 6.990 - 9.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr.**

Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
**2.990 kr.**

Allt að 55%

SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6 113 Reykjavík

Opið:
Virka daga kl. 11-18 Laugardaga kl. 11-16 Sunnudaga kl. 13-17




**Á LEIÐINNI Á SKJÁINN** Þeir Fannar Sveinsson og Benedikt Valsson, umsjónarmenn Hraðfrétta, ganga til liðs við Ríkissjónvarpið og verða meðal annars sem vikuleg innslög í Kastljósi frá og með næsta hausti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

BENEDIKT VALSSON: ÓÐUR TIL AMERÍSKRAR FRÉTTAMENNSKU

# Hraðfréttirnar í Kastljósið

„Ég er bara virkilega spenntur yfir þessu og auðvitað smá stressaður líka," segir Benedikt Valsson annar umsjónamaður Hraðfrétta sem hann sér um ásamt Fannari Sveinssyni en félagarnir ganga til liðs við Ríkissjónvarpið og Kastljós í haust.

Hraðfréttir slógu í gegn á vefvarpi Mbl.is síðastliðinn vetur en þar fóru þeir Benedikt og Fannar yfir atburði líðandi stundar á methraða.

Benedikt segir að velgegni þáttanna hafi komið þeim í opna skjöldu þó að vissulega hafi þeir vitað að grínið mundi hitta í mark hjá ákveðnum hóp. „Velgengnin fór fram úr öllum væntingum svo þegar við höfðum lokið við 10 þætti á vefnum fóru ákveðnar þreifingar af stað um framhaldið," segir Benedikt og viðurkennir að þeir hafi verið eftirsóttir. Það hafi samt ekki komið annað til greina þegar Sigmar Guðmundsson, ritstjóri Kastljóss, hafði samband í vor. „Það er ákveðinn draumur að rætast að komast loksins að hjá fjölmiðlahöllinni, eins og við kjósum að kalla Efstaleitið."

Það má segja að þeir Fannar og Benedikt verði áberandi næsta haust. Hraðfréttir verða með 3-4 mínútna innslög í Kastljósi á hverjum föstudegi og fer fyrsti þátturinn í loftið í október. Ásamt því birtast þættirnir á vefnum Rúv.is en einnig verða Benedikt og Fannar með þátt á Rás 2.

„Það má segja að við séum að sölsa undir okkur miðlana. Við höfum verið að grínast með það að nú verðum við að finna eitthvert blað til að skrifa í til að fullkomna þetta," segir Benedikt sem nemur stjórnmála- og fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands en starfar sem flugþjónn í sumar. Fannar er hjá vefvarpi Mbl.is þar sem hann meðal annars er hægri hönd Gunnars Sigurðssonar í þáttunum Gunnar á Völlum.

Ár er síðan félagarnir, sem einnig eru sambýlingar, fengu hugmyndina að Hraðfréttum. „Okkur fannst þetta sniðug hugmynd, eins konar óður til amerískrar fréttamennsku, þar sem allt er stutt, frekar brjálað og æst þannig að klippt er á viðmælendur í miðju viðtali," segir Benedikt sem hlakkar til að hefjast handa og útbúa Hraðfréttir fyrir sjónvarp allra landsmanna.

alfrun@frettabladid.is

# Ætlar ekki að reyna að vera fyndinn

„Ég ætla ekkert að reyna að reyta af mér brandarana heldur einbeiti mér bara að því að sinna þessu hlutverki með sóma," segir leikarinn Ólafur Darri Ólafsson en hann er kynnir á Grímunni sem haldin er hátíðleg í Hörpu í kvöld.

Þetta er í fyrsta sinn sem Ólafur Darri bregður sér í hlutverk kynnis og spurður hvort hann sé stressaður svarar hann neitandi. „Nei, ég er ekkert stressaður enda finnst mér ólíklegt að ég fari í eitthvert hlutverk á sviðinu. Þetta snýst um að halda utan um batteríið," segir Ólafur Darri og þvertekur fyrir að taka sér erlenda kynna, á borð við Ricky Gervais til fyrirmyndar, sem þekktir eru fyrir að vera með brandara fyrir neðan beltisstað.

Gríman var fyrst haldin árið 2003 en hún er uppskeru- og verðlaunahátíð fyrir sviðslistir á Íslandi. „Þetta er kjörið tækifæri fyrir okkur að koma saman eftir erfiðan vetur, skemmta okkur og klappa þeim á bakið sem eiga það skilið," segir Ólafur Darri en í ár er þema Grímunnar ungt fólk í sviðslistum. „Það verður áhersla á þau sem eru að stíga sín fyrstu skref og þau verða að kynna verðlaunin og sprella eitthvað inn á milli. Það er mikið af efnilegum ungum leikurum sem gaman er að kynnast betur."

Hljómsveitin Orphic Oxtra leikur fyrir dansi eftir hátíðina og enn er hægt að nálgast miða en sérstakur þáttur um hátíðina verður sýndur á Stöð 2 á föstudaginn.

- áp



**KYNNIR GRÍMUNA** Ólafur Darri Ólafsson ætlar að sinna hlutverki kynnis vel á Grímunni í kvöld en þemað í ár er ungt fólk í sviðslistum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SUMAR 2012

NÝTT KORTATÍMABIL

# NÝJAR VÖRUR!
# FRÁBÆR VERÐ!

Regatta GREAT OUTDOORS®

Dare 2b

CRAGHOPPERS

BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS

## Börn

| | |
|---|---|
| Bolir | 1.490,- |
| Flís peysur | 1.990,- |
| Softshell peysur | 3.990,- |
| Regnbuxur | 1.490,- |
| Regnjakkar | 4.490,- |
| Zip/off buxur | 3.990,- |
| Softshell buxur | 4.490,- |
| Undirfatasett | 3.990,- |
| Skór | 4.990,- |

## Dömur & herrar

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolir | 1.990,- | Softshell peysur | 4.990,- |
| Skyrtur | 2.990,- | Isotex jakkar | 7.490,- |
| Buxur | 4.990,- | Isotex kápur | 7.490,- |
| Kvart buxur | 4.990,- | Undirföt buxur | 2.990,- |
| Zip/off buxur | 7.990,- | Undirföt bolur | 2.990,- |
| Softshell buxur | 7.990,- | Isotex 20000 stretch jakkar | 16.990,- |
| Stretch buxur | 7.990,- | Bakpokar, skór ofl. | |
| Flís peysur | 3.990,- | | |

# ÚTIVISTAR „MARKAÐUR“

**Hjá okkur má skila og skipta**



**OPIÐ**
**VIRKA DAGA 11 – 18**
**LAUGARD. 11 – 16**
**SUNNUD. 13 –16**

ÚTIVIST & SPORT
verslun
heildverslun
Faxafen 12 S. 533-1550
www.utivistogsport.is

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ragga Gísla syngur Grýlulag

**Ragnhildur Gísladóttir** verður á meðal söngvara á tónleikum Helga Björnssonar, Íslenskar dægurperlur, sem verða haldnir annað árið í röð í Eldborgarsal Hörpunnar 17. júní. Það er kannski ekki í frásögur færandi nema að hún flytur þar Grýlulagið Fljúgum hærra sem hún hefur ekki sungið í áratugi, eða frá því það kom út í byrjun níunda áratugarins. Fleiri góðir gestir stíga á svið á tónleikunum, þar á meðal John Grant, Valdimar Guðmundsson og KK. Sá síðastnefndi tekur með Helga hið sígilda Út í Hamborg sem er þekktast í flutningi Ragga Bjarna. Enn eru til miðar á tónleikana en mikil stemning var á þeim í fyrra.



### Millarnir í útrás

Fréttahaukurinn, boltaspekingurinn og rithöfundurinn **Óskar Hrafn Þorvaldsson** yfirgefur stól fréttastjóra Fréttatímans eftir næsta blað. Óskar hefur lítið látið hafa eftir sér með framhaldið, en þó er sitthvað að frétta af ritstörfum hans. Þannig ber til að skáldsaga Óskars, Martröð millanna, sem kom út fyrir jólin 2010 og fjallaði um ógnir, ævintýri og ótímabær andlát útrásarvíkinga, kemur út í þýskri þýðingu síðar í mánuðinum. Þjóðverjar hafa lengi verið ginkeyptir fyrir íslenskum spennubókum sem hafa selst þar í massavís og hver veit nema þetta verði nýjasta metsölubókin. - fb, - þj



### Mest lesið vísir

1. Stór rotta réðist á farþega í lest í New York
2. Íslandsvinur segir skattadóm hafa eyðilagt feril sinn
3. Börnin fá gefins banana á meðan foreldrarnir kaupa í matinn
4. Fyrning hefst við 18 ára aldur
5. Tvíhleypt vélbyssa stjarnan á vopnasýningu




